# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

286. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 3. DESEMBER 2016



# Myrkrið er mikilvægt

Hvers vegna er stjörnufræði byltingarafl? Stjörnuskoðarinn Sævar Helgi Bragason segir okkur hvers vegna það er mikilvægt að horfa upp í himininn. →28

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Skuggar foreldranna á sviðinu →40



## Lögmenn leysa frá skjóðunni →68



## Teikna ragnarök →66

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Ákveðin sunnanátt á landinu, hvassast á annesjum norðvestan og vestan til. Rigning sunnan og vestan til á landinu, en sums staðar talsverð rigning vestan til og allra syðst. Skýjað og þurrt að mestu norðaustan- og austanlands. Hlýtt í veðri. **SJÁ SÍÐU 56**

# Neitar að afskrá

**VIÐSKIPTI** Iceland Foods hafnaði því að afskrá orðmerkið Iceland á fundi með stjórnvöldum, Samtökum atvinnulífsins og Íslandsstofu í gær. Þá kynnti fyrirtækið tillögur sem stóðust ekki væntingar Íslands. Því verður lagalegum aðgerðums haldið áfram, segir í tilkynningu utanríkisráðuneytisins.

Íslensk stjórnvöld telja ólíðandi að einkafyrirtæki eigi einkarétt á orðmerkinu Iceland í löndum ESB. Það komi í veg fyrir að íslensk fyrirtæki og stofnanir geti skráð vöru sína með vísun í upprunalandið.

„Þetta mál hefur alþjóðlega skírskotun vegna áhrifa á vöru- og þjónustuviðskipti og munu íslensk stjórnvöld taka það upp á alþjóðavettvangi,“ segir ráðuneytið. **– þea**

**» Íslensk stjórnvöld telja ólíðandi að einkafyrirtæki eigi einkarétt á orðmerkinu Iceland.**

# Súkkulaði en ekki kakósull




„Hér í bragganum verðum við með leikföngin okkar,“ segir Óskar Albertsson. Jólamarkaður Ásgarðs byrjar í dag klukkan 12. Að sögn Óskars hefst jólaundirbúningurinn strax í janúar. „Þá erum við að skipuleggja. Vinnum hægt en þétt yfir árið og gefum svo í síðustu mánuði ársins. Það verður kaffihlaðborð uppi í húsi hjá okkur gegn vægu verði. Þar verður heitt súkkulaði með rjóma, ekkert kakósull,“ lofar Óskar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Nemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands dimmitteruðu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Krossfiskar dimmittera

**SAMFÉLAG** Stúdentsefni Fjölbrautaskóla Suðurlands skemmtu sér á síðasta skóladegi framhaldsskólagöngu sinnar. Þessir fimm glaðlyndu drengir klæddu sig upp sem Pétur krossfiskur úr teiknimyndinni Svampur Sveinsson í tilefni dagsins.

Um tuttugu nemendur útskrifast úr Fjölbrautaskóla Suðurlands á þessari önn. Dagurinn hófst í skólanum þar sem stúdentsefnin kvöddu kennara og samnemendur. Því næst gerðu þeir sér ferð til Reykjavíkur til þess að skemmta sér ærlega í síðasta sinn áður en próflesturinn hefst. **– þh**




# Hyggst skila umboðinu náist ekki lending strax

**Katrín Jakobsdóttir telur tímabært að myndun þjóðstjórnar sé rædd. Benedikt Jóhannesson segist virða ákvörðun forsetans um að láta Birgittu Jónsdóttur fá umboðið en hann hafi lagt til við forsetann að menn slöppuðu af um helgina.**

**STJÓRNMÁL** „Við höfum átt gott samtal við hina flokkana að undanförnu og við viljum taka þráðinn upp á ný,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata.

Birgitta fékk stjórnarmyndunarumboð fyrir hönd Pírata frá Guðna Th. Jóhannessyni í gær. Áður höfðu Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, fengið umboðið en ekki haft erindi sem erfiði við myndun ríkisstjórnar.

„Það er búið að reyna til þrautar önnur stjórnarmyndunarform. Ég held að það sem hafi aðallega breyst frá því að við reyndum síðast sé að fólk hefur haft rými til að fara dýpra ofan í þessi málefni sem fólk hefur upplifað óbrúanleg,“ segir Birgitta. Píratar séu opnir fyrir því að leiðtogi annars flokks í viðræðunum yrði forsætisráðherra. Sá yrði að geta leitt fimm flokka samstarf.

„Ég held að það sé mjög mikilvægt að fara strax í þessi mál sem standa út af og sjá hvort það sé hægt að ná einhverri niðurstöðu þar. Ef það er ekki hægt fer ég og skila umboðinu til forsetans,“ segir Birgitta.

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, segir flokkinn vera bjartsýnan í garð viðræðnanna.

„Við höfum lagt til að halda áfram viðræðum við hina fjóra flokkana vegna þess að okkur finnst eins og þær viðræður hafi ekki verið fullreyndar,“ segir Björt.

Logi Már Einarsson er sama sinnis og Björt og segir Samfylkinguna ætla að nálgast viðræðurnar til þess að klára þær.

„Ég gat ekki séð á þeim tíma að það væri ómögulegt að komast að niðurstöðu. Þetta er að mörgu leyti ágætt skref,“ segir Logi.




Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, fól Birgittu Jónsdóttur, þingflokksformanni Pírata, stjórnarmyndunarumboðið á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Katrín Jakobsdóttir segist ekki átta sig á því hvaða forsendur hafi breyst síðan slitnaði upp úr viðræðum flokkanna fimm síðast þegar þeir létu reyna á stjórnarmyndunarviðræður. Hún segir Vinstri græn þó ætla að nálgast viðræðurnar af opnum hug.

„Það er búið að reyna nokkrar útfærslur af stjórnarmyndun án árangurs. Ég hefði talið mjög eðlilegt að fólk settist niður og ræddi möguleikann á myndun þjóðstjórnar til skemmri tíma svo hægt væri að kjósa á ný. Öðrum finnst það hins vegar ekki tímabært,“ segir Katrín.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, segir stöðuna býsna flókna.

„Ég lagði til eftir að ég fundaði með forsetanum í gær að menn slöppuðu aðeins af og hugsuðu málin um helgina. Forsetinn hefur hins vegar ákveðið að gera þetta öðruvísi og ég virði ákvörðun hans,“ segir Benedikt.

Flokkarnir fimm funda formlega næsta mánudag og ræða möguleikann á því að þeir myndi starfhæfa ríkisstjórn. **thorgeirh@frettabladid.is**

NJÓTTU AÐVENTUNNAR

# J Ó L A G A M A N



**Við bjóðum þér inn í hlýjuna** þar sem þú getur undirbúið jólin og notið jólalegrar skemmtidagskrár sem er full af fjöri og glaðningum.

Jólasveinar verða á ferli um helgina og gleðja káta krakka. Sönghópurinn Jólabjöllurnar skemmta og kaffi og piparkökur verða í boði.

## SPENNANDI DAGSKRÁ UM HELGINA

### LAUGARDAGUR

| | |
|---|---|
| Kl. 13.00 | **Jólaálfar frá Sirkus Íslands sýna listir sínar** |
| Kl. 14.00 | **Skoppa og Skrítla skemmta yngstu börnunum** |
| Kl. 15.30 | **Sylvía Erla Melsted syngur** |

### SUNNUDAGUR

| | |
|---|---|
| Kl. 14.00 | **Jólabingó Kringlunnar og Hagkaups** |

Bingóstjóri er Bjarni töframaður. Þátttaka er ókeypis á meðan spjöld eru til. Stórglæsilegir vinningar, m.a. risajólakörfur frá Hagkaup, snyrtivörur að eigin vali, Stiga-sleði, leikföng og vegleg gjafakort frá Kringlunni.

**Verðmæti vinninga er um 200.000 kr.**

HAGKAUP

LAUGARDAGUR
**10 – 18**

SUNNUDAGUR
**13 – 18**




Kringlan

Af öllu hjarta

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 27.11.2016 - 03.12.2016



**32** **nýir þingmenn** fengu greidd tvöföld laun um þessi mánaðamót.



**3** **milljarðar** að minnsta kosti hafa runnið til rannsókna á Drekasvæðinu.



**3.800** **tonn** af eggjum voru framleidd af íslenskum fyrirtækjum í fyrra.

**2.400** **skákstig** hefur Vignir Vatnar Stefánsson tryggt sér – yngstur íslenskra skákmanna.





**800** **íbúðir** munu rísa á Kársnesi í Kópavogi í framtíðinni.

**35** **alvarleg atvik** hafa verið tilkynnt af heilbrigðisstofnunum í ár – þar af 28 dauðsföll.



**240%** aukning var á sölu raftækja á svörtum fössara.



**60%** **hækkun** verður á stöðumælasektum hjá borginni eftir áramót – fer í 4.000 krónur.



## Þrjú í fréttum

## Bankastjóri, Brúnegg og vinátta

**Steinþór Pálsson**
*bankastjóri Landsbankans*



og bankaráð bankans náðu samkomulagi um að hann hætti störfum hjá bankanum.

Ríkisendurskoðun sendi nýlega frá sér skýrslu þar sem kom fram hörð gagnrýni á eignasölu Landsbankans á árunum 2010 til 2016. Bankinn hefur mikið verið gagnrýndur vegna sölu eignarhlutar í Borgun. Steinþór fær greidd eins árs laun samkvæmt starfslokasamningi.

**Kristinn Gylfi Jónsson**
*einn eigenda Brúneggja*



sagði að á einum degi hefðu allir viðskiptavinir fyrirtækisins sagt sig frá viðskiptum við það. Það var í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um slæman aðbúnað varphænanna. Merkingar á vöruninni voru þess efnis að dýrunum liði vel. Eggin voru á grundvelli þess á hærra verði.

Kristinn sagði bréf einnig hafa borist frá almenningi sem kvaðst hafa verið blekktur og á honum brotið.

**Hrönn Björgvinsdóttir**
*sjálfboðaliði Rauða krossins*



er meðal þeirra sem kennt hafa sýrlenskum flóttamönnum á Akureyri íslensku í frítíma sínum.

Hrönn hefur í rúman mánuð hitt sýrlenska konu á kvöldin og segir þær hittast til skiptis heima hjá hvor annarri. Hrönn segir þær hafa tengst vel og vera orðnar ágætis vinkonur.

# Hlýjasta haust sem mælst hefur

**Sunnanátt hefur verið geysilega mikil. Frostið minna en tíðkast í norðanáttum. Tengist óvenju litlum hafís. Heitavatnsnotkunin á höfuðborgarsvæðinu var 300 þúsundum tonna minni í nóvember nú en í fyrra.**

**NÁTTÚRA** Haustið er það langhlýjasta frá upphafi samfelldra mælinga sé tekið mið af landinu öllu. Á Akureyri og víðar er haustið það hlýjasta en það næsthlýjasta sem vitað er um í Reykjavík.

Það er tvennt sem skýrir þessi hlýindi, að því er Trausti Jónsson, sérfræðingur í veðurfarsrannsóknum, greinir frá.

„Það hefur verið geysilega mikil sunnanátt sem er hluti af einhverju tilviljanakenndu. Svo hjálpar það líka til að þegar norðanáttir hafa komið hafa þær verið óvenjuhlýjar. Frostið hefur ekki verið jafnmikið og tíðkast í norðanáttum og það tengist óvenjulitlum hafís á norðurslóðum.“

Sérlega hlýtt var á Austfjörðum á dögunum og komst hitinn í rúm 20 stig.

„Hlýja loftið er komið langt sunnan úr höfum og leggst dálítið yfir kalda loftið þegar það kemur norður fyrir vegna þess að það er léttara. Þar sem er hvasst nær hlýja loftið til jarðar. Þá getur hitinn orðið óskaplega hár eins og var fyrir austan á dögunum.“

Sé vindur hægur þar sem kalt og bjart hefur verið í nokkra daga þá hreyfist kalda loftið ekki þótt mjög hlýtt sé kannski á fjöllum fyrir ofan, að því er Trausti bendir á.

Trausti segir það enga nýlundu að sjá blóm blómgast á þessum árstíma. „Ef eldri frásögnum er flett og jafnvel annálum þá sjást dæmi um að blóm blómgist í desember.“

Meðalhitinn í Reykjavík í nóvember mældist 3,5 stig sem er 0,9 stigum ofan meðallags síðustu 10 ára. Á Akureyri var meðalhitinn 3 stig sem er 2,3 stigum ofan meðallags síðustu 10 ára.

Hlýindin hafa dregið úr heitavatnsnotkun. Á höfuðborgarsvæðinu var notkunin 300 þúsund tonnum minni í nóvember nú en í fyrra, að sögn Eiríks Hjálmarssonar, upplýsingafulltrúa OR. Samkvæmt útreikningum Veitna var notkunin í nóvember nú rúmar 7,7 milljónir tonna en í nóvember í fyrra rétt undir átta milljónum tonna.

„Notkunin í ár hefur verið minni frá metárinu í fyrra, alveg frá miðju ári. Notkunin ræðst nefnilega líka af sól og vindi. Það er ekki bara lofthitinn sem ræður.“ **ibs@frettabladid.is**



**Glaður byggingarverkamenn við steypuvinnu við Hafnarstræti eins og um sumar væri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ef eldri frásögnum er flett og jafnvel annálum þá sjást dæmi um að blóm blómgist í desember.**
>
> Trausti Jónsson, veðurfræðingur





**Grasflatirnar á Klambratúni eru enn iðjagrænar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





ÍSLENSKU
BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNINGAR 2016

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

Hér yrkir Sigurður um grundvallaratriði lífsins: jörð, eld, loft og vatn, en líka raddir og skugga, ljós og myrkur, hvítar nætur og heilaga gleði. *Ljóð muna rödd* er ein persónulegasta og áhrifamesta ljóðabók sem Sigurður Pálsson hefur sent frá sér.



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til
**21:00**
**SKÚTUVOGI**
Alla daga
til jóla

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

# TAX FREE

## Allar jólavörur

### Seríur, jólaljós, jólaskraut og jólatré
















**Kaupauki**
Af hverjum keyptum 12 kg poka af Eukanuba fylgir 3 kg af fóðri sem kaupauki.

**Kynning:** Eukanuba

Klara Símonardóttir, sölufulltrúi Eukanuba verður með kynningu á nýja Eukanuba hundafóðrinu í dag kl. 13-16 í Skútuvogi.



## Jólasveinar

Jólasveinar skemmta börnunum kl. 15-16 í Skútuvogi í dag.



## Jólalandið

í Skútuvogi hefur glatt börn og fullorðna í áratugi.



## Latibær í dag

Íþróttaálfurinn og Solla úr Latabæ skemmta börnunum í Skútuvogi kl. 13:30 í dag.

**Latibær** skemmtir kl. 13:30 í dag





Hringrás segist nú uppfylla kröfur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Kærðu íkveikju til lögreglunnar

**LÖGREGLUMÁL** Grunur leikur á að kveikt hafi verið í athafnasvæði Hringrásar við Klettagarða í Reykjavík á þriðjudagskvöld. Bruninn er sá sjöundi á tuttugu árum á svæðinu.

Kristján Ólafsson, framkvæmdastjóri Hringrásar, segir að íkveikjan hafi verið kærð til lögreglu en gefur ekki upp hvort einhver liggi undir grun.

Starfsemi Hringrásar var stöðvuð af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur í kjölfar brunans er í ljós kom að fyrirtækið braut gegn starfsleyfi með því að geyma of mikið efni á vinnusvæði sínu.

Í tilkynningu frá Hringrás segir að öryggisgæsla hafi verið aukin og unnið sé að því að uppfylla skilyrði starfsleyfisins. – þh

## Þakklætisvottur til minningar um dóttur



Hjónin Gunnar Lúðvík Gunnarsson bóndi og Rebekka Ingadóttir hjúkrunarfræðingur afhentu í gær Landhelgisgæslunni ómtæki að gjöf til minningar um litlu dóttur sína, Jenný Lilju Gunnarsdóttur, sem lést af slysförum á Einiholti í Biskupstungum í október 2015, aðeins þriggja ára. Tækið gerir þyrluáhöfnum kleift að greina mun betur en áður ástand sjúklinga, ekki síst barna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekki upplýst um aðbúnað hjá bændum

**Þrátt fyrir orð forstjóra MAST um bót og betrun hvað varðar upplýsingagjöf um dýravelferð mun stofnunin ekki veita upplýsingar um íslenska bændur. Formaður Dýraverndarsambands Íslands gagnrýnir þetta og segir gríðarmikilvægt að upplýsa um illa meðferð búfjár.**

**DÝRAVERND** Matvælastofnun neitar að afhenda Fréttablaðinu upplýsingar um aðfinnslur héraðsdýralækna stofnunarinnar varðandi aðbúnað og umhirðu dýra á lögbýli á Vesturlandi.

Neitun Matvælastofnunar barst Fréttablaðinu sama dag og forstjóri stofnunarinnar lofaði bót og betrun og ríkari upplýsingagjöf til almennings í Kastljósviðtali. MAST mun ekki veita upplýsingar um dýravelferð hjá íslenskum bændum.

„Þar sem beiðnin lýtur að einstaklingum sem stunda búskap á heimili sínu telur Matvælastofnun, með vísan í 9. gr upplýsingalaga, að óheimilt sé að veita aðgang að umbeðnum gögnum,“ segir í svarbréfi Matvælastofnunar.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunarinnar, segist áfram um það að auka upplýsingagjöf til neytenda um dýravelferð en kveðst ekki geta veitt upplýsingar um bændur, þó að þeir beri ábyrgð á meginþorra þeirra dýra sem eru til í landinu.

„Við áttum gott spjall við atvinnuvegaráðuneytið um þessi mál fyrr í vikunni. Þar bentum við á að í matvælalögum og í lögum um fóður eru ákvæði um upplýsingagjöf. En í lögum um dýravelferð eru engin slík ákvæði,“ segir Jón.

„Við mæltumst til þess að fjallað yrði um heimildir og skyldur um upplýsingagjöf vegna dýravelferðar. Ráðuneytið verður svo að skoða þau mál,“ bætir Jón við.

Mál Brúneggja hefur vakið verðskuldaða athygli og hefur Matvælastofnun fengið á sig mikla og háværa gagnrýni í kjölfarið. Í yfirlýsingu Matvælastofnunar segir að nú þurfi að læra af reynslunni og auka á upplýsingagjöf.

„Af þessu hefur stofnunin dregið lærdóm og bætti upplýsingagjöf snemma á árinu. Frekari skref til að auka upplýsingagjöf til neytenda eru í farvatninu,“ segir í yfirlýsingu MAST.

Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands, segir mikilvægt að upplýsingum sé ekki haldið leyndum.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að gögn um illa meðferð búfjár séu opinber almenningi, svo neytendur geti valið og hafnað,“ segir Hallgerður. „Mér sýnist miðað við þessa neitun að Matvælastofnun ætli sér ekki að bæta ráð sitt varðandi upplýsingagjöf til almennings.“ sveinn@frettabladid.is

> Mér sýnist miðað við þessa neitun að Matvælastofnun ætli sér ekki að bæta ráð sitt varðandi upplýsingagjöf til almennings.



Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands




Matvælastofnun mun tryggja að upplýsingar um dýravelferð hjá bændum fari ekki til almennings.


HAPPDRÆTTI das

DREGIÐ 29. DES

VILTU VINNA ÍBÚÐ?

DRÖGUM ÚT ÍBÚÐ Í DESEMBER AÐ VERÐMÆTI 30 MILLJÓNIR!

51.000 VINNINGAR DREGNIR ÚT Á ÁRINU!

Kauptu miða á www.das.is eða í síma 561 7757

Fylgstu með okkur á Facebook



„Við þökkum þér fyrir að taka þátt í Happdrætti DAS og gera með því líf okkar hér á Hrafnistu betra.“

VINNINGUR Í HVERRI VIKU

SMÁRALIND




**LEIKHÓPURINN LOTTA SKEMMTIR KL. 14**

**LAUGARDAG**
RAUÐHETTA OG ÚLFURINN

**SUNNUDAG**
JÓLASAGA LANGLEGGS OG SKJÓÐU

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

568 5000
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

# Eyjólfur ekki sendur utan á morgun

**SAMFÉLAG** Eyjólfur Kristinn Elvuson, fimm ára drengur sem er í umsjá barnaverndaryfirvalda í Noregi, verður ekki sendur til Noregs á morgun eins og dómur Hæstaréttar kvað á um.

Samningaviðræður standa enn milli íslenskra barnaverndaryfirvalda og norskra um að drengurinn verði vistaður hér á landi.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að seinagang í málinu megi ekki skrifa á íslensk yfirvöld. Greiða þurfi úr miklum lagalegum flækjum áður en endanleg ákvörðun sé tekin.



**Elva Christina og sonur hennar Eyjólfur Kristinn Elvuson. Norskir dómstólar hafa dæmt forræðið af Elvu.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég held að á meðan samstarfið er í gangi þá hreyfi menn sig ekki í þessu máli. Þetta hleypur ekkert frá Norðmönnunum og þeir eru ekki hættir við en þessi dagur, 4. desember, hefur enga sérstaka þýðingu í málinu í sjálfu sér," segir Bragi.

Fram kom í fréttum í gær að flutningi Eyjólfs hefði verið frestað. Bragi segir það ekki formlega rétt. „Hins vegar má ætla að það eina sem er til í því sé að Norðmenn eru ekki búnir að leggja fram kröfu hjá sýslumanni um að taka barnið fyrir þann fjórða."

snaeros@frettabladid.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 162865

GEFÐU GEIT



GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is

Hjálparstarf kirkjunnar



**Lögreglan var með umfangsmiklar aðgerðir í tengslum við frelsissviptinguna á fimmtudag.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Parið gaf sig fram og tveir lausir úr haldi

**Tveimur mönnum sem handteknir voru við Fellsmúla í fyrradag var sleppt í gær. Ung kona sem býr í íbúð sem maður flúði úr og var leitað gaf sig fram við lögreglu. Málið ekki „klippt og skorið".**

**LÖGREGLUMÁL** Konan sem lögregla leitaði að eftir frelsissviptinguna í Fellsmúla á fimmtudag gaf sig fram við lögreglu um miðjan dag í gær og maðurinn skömmu síðar. Konunni var síðan sleppt en enn átti eftir að yfirheyra manninn.

Fréttablaðið greindi fyrst frá því í gær að lögregla leitaði að pari sem er búsett í íbúðinni þar sem frelsissviptingin á að hafa átt sér stað.

Konan er fædd árið 1994 en lögreglan leitaði hennar og kærasta hennar sem fæddur er 1990. Parið hefur komið áður við sögu lögreglu en hefur eftir því sem Fréttablaðið kemst næst ekki hlotið refsidóma.

Tveir menn voru handteknir í umfangsmiklum aðgerðum lögreglunnar við Fellsmúla á fimmtudag. Mönnunum var sleppt í gær en rannsókn lögreglu leiddi í ljós að þeirra aðkoma að málinu hefði verið minniháttar.

Heimildir Fréttablaðsins innan lögreglunnar herma að margt sé enn óljóst varðandi málið. Þolandi í málinu þekkti parið og neysla fíkniefna hafði komið við sögu í tengslum við það. Heimildamaður Fréttablaðsins innan lögreglunnar orðaði það svo að málið væri ekki endilega klippt og skorið.

– snæ




ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNINGAR 2016




*Ég er sofandi hurð* er framhald verðlaunaskáldsagnanna *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár*. Saman mynda bækurnar einstakt skáldverk í íslenskum bókmenntum, þríleikinn *CoDex 1962*.



INNISERÍUR VERÐ FRÁ:
**289**

Mikið úrval af **inni-** og **útiseríum** á frábæru verði!

LED ÚTISERÍUR VERÐ FRÁ:
**695**

# JÓLATILBOÐ

## Í RÚMFATALAGERNUM

Allir sokkar
**25%** afsláttur
Gildir til 07.12

Öll leikföng og barnasmávara
**25%** afsláttur
Gildir til 07.12

Sparið **7000** af FALKETIND sængum
Gildir til 07.12

Koddi 50 x 70 sm. 6.995

ANDADÚNSÆNG

SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
**12.990**

KRONBORG® OF DENMARK

PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

HREIN EFNI – Inniheldur engin skaðleg efni skv. Øko-Tex Staðli 100 Nr. CXX 16360 TESTEX Zürich

**FALKETIND ANDADÚNSÆNG**
Notaleg og góð sæng fyllt með 90% af andadúni og 10% af andafiðri. Þyngd: 750 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þolir þvott við 60°C. Stærðir: 135 x 200 sm. **19.990** nú **12.990** 135 x 220 sm. **21.990** nú **14.990** 200 x 220 sm. **29.990** nú **22.990** Koddi 50 x 70 sm. **6.995** Vnr. 4026150, 4226104

Allir stólar og borð fyrir eldhúsið og borðstofuna
**20%** afsláttur
Gildir til 07.12

Netgíró

VALITOR KORTALÁN VISA – ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

Netgíró

Öll rúm og dýnur
**20%** afsláttur
Gildir til 04.12

Öll skrifborð og skrifborðsstólar
**20%** afsláttur
Gildir til 07.12

Netgíró

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Öll handklæði
**20-30%** afsláttur
Gildir til 04.12

www.rfl.is

# Fokkerar seljast ekki og standa ónotaðir

**Hvorki hefur gengið né rekið fyrir Flugfélag Íslands að losa sig við Fokker F50 vélar sínar sem félagið aflagði fyrir nokkrum misserum. Markaður fyrir skrúfuþotur er lítill um þessar mundir, segir framkvæmdastjórinn. Standa óhreyfðar í flugskýli 885 á Keflavíkurvelli.**

**SAMGÖNGUMÁL** Ekkert hefur gengið hjá Flugfélagi Íslands að selja þær fjórar Fokker F50 flugvélar sem fyrirtækið notaði í innanlandsflugi um árabil.

Aðeins tvær af upprunalega sex véla flotanum eru seldar. Þrjár vélar eru geymdar í flugskýli 885 á Keflavíkurflugvelli en ein þeirra er í geymslu í Reykjavík.

Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, segir markaðinn fyrir þessar vélar ekki mjög sterkan og að lítil eftirspurn sé eftir þeim.

„Það er þannig nú um stundir að markaður fyrir skrúfuþotur er ekki mikill. Því höfum við ekki náð að selja þessar vélar en til stendur enn að selja þær erlendis," segir Árni.

Vélarnar eru geymdar þannig að þær eru ekki tilbúnar fyrir áætlunarflug nema með nokkrum tilkostnaði og tíma. Árni segir að þó þeir leigi pláss undir allar fjórar vélarnar sé kostnaðurinn ekki stórvægilegur.

„Við höldum þeim við eftir ákveðnu verklagi við að geyma vélar. Kostnaðurinn við það er einhver en ekki mikill. Vélarnar eru enn í bókum okkar og eins og með aðrar eignir sem eru á sölu þá vitum við ekki hvenær þær seljast en höldum áfram að reyna."

Fyrir stuttu birtust af því fréttir að flugi til Ísafjarðar hefði verið frestað þar sem flugvél í því áætlunarflugi bilaði. Flugfélagið sagði ekki flugvél til staðar til að taka við því áætlunarflugi og því hefði flugið þann daginn fallið niður. Árni segir ekki mögulegt að nota Fokker F50 vélina sem er í Reykjavík.

„Við höfum þjálfað allar okkar áhafnir inn á nýju Bombardier-vélarnar okkar, þannig að fáar áhafnir geta með góðu móti notað gömlu vélarnar. Eins myndi taka nokkurn tíma að standsetja afsettu vélarnar okkar í áætlunarflug," segir Árni.

sveinn@frettabladid.is

> Vélarnar eru enn í bókum okkar og eins og með aðrar eignir sem eru á sölu þá vitum við ekki hvenær þær seljast en höldum áfram að reyna.



Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands



Fokker-vélar flugfélagsins þjónuðu fyrirtækinu um árabil en standa nú óhreyfðar í stærsta flugskýli landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Trump og James Mattis herforingi, oft nefndur „Óði hundur". FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## „Óði hundur" í varnarmál

**BANDARÍKIN** Donald Trump hefur ákveðið að herforinginn James Mattis verði varnarmálaráðherra í ríkisstjórn hans, sem tekur við völdum í janúar næstkomandi.

Mattis hefur lengi haft viðurnefnið „Mad Dog" eða „Óði hundur". Stundum er hann líka nefndur „stríðsmunkurinn", „Warrior Monk".

Hann var upphaflega sjóliðsforingi, tók þátt í Persaflóastríðinu og síðar stríði Bandaríkjanna í Afganistan og innrásinni í Írak, þá sem herforingi.

Hann hefur harðlega gagnrýnt Mið-Austurlandastefnu Baracks Obama, einkum gagnvart Íran.

„Við ætlum að gera Mad Dog Mattis að varnarmálaráðherra," sagði Trump á fjöldafundi í Cincinnati í gær. „Hann er okkar besti maður," sagði Trump einnig.

Til þess að Mattis geti orðið varnarmálaráðherra þarf Bandaríkjaþing hins vegar að samþykkja undanþágu frá lögum, sem banna herforingjum að verða varnarmálaráðherrar nema þeir hafi starfað utan hersins í sjö ár hið minnsta.

„Það er grundvallaratriði í bandarísku lýðræði að yfir hernum eigi að vera borgaraleg stjórn," segir öldungadeildarþingmaðurinn Kirsten Gillibrand, sem er Demókrati og ætlar ekki að greiða atkvæði með slíkri undanþágu.

Repúblikanar verða hins vegar með öruggan meirihluta á þinginu þegar Trump tekur við. – gb

Ný lög
um ellilífeyri

KYNNINGARFUNDIR

ÍSAFJÖRÐUR 6. des. kl. 14.00 – Stjórnsýsluhúsinu 4. hæð
EGILSSTAÐIR 14. des. kl. 16.00 – Hótel Héraði
REYKJAVÍK 15. des. kl. 10.00 – BSRB salnum við Grettisgötu

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

TR

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

# EINFALT

## að skila eða skipta



Hagkaup býður upp á yfir 50.000 vörutegundir
og því er auðvelt að finna gjöf við allra hæfi.
Munið að biðja um skilamiða.




Vaxtalaus jólalán




Tilvalin jólagjöf




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Eitt lítið símtal felldi byggingarisana tvo

**Baldur Björnsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar, segist ekki fagna því að menn fái dóma en fagnar niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í verðsamráðsmáli BYKO og Húsasmiðjunnar. Hæstiréttur sneri við dómi héraðsdóms. Baldur segir að það séu bara fífl í héraðsdómi.**

**DÓMSMÁL** „Ég gat ekki séð að þetta færi öðruvísi,“ segir Baldur Björnsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar, um dóm Hæstaréttar sem sakfelldi átta starfsmenn BYKO og Húsasmiðjunnar fyrir verðsamráð og samkeppnislagabrot.

Upphafið má rekja til þess að starfsmaður Baldurs, sem sá um grófvörudeildina, fékk símtal frá keppinautunum sem báðu hann um að skiptast á verðupplýsingum. Hann neitaði og hringdi í Baldur sem kom og hlustaði næst þegar símtal barst.

„Ég er varla kominn inn til hans þegar síminn hringir frá Húsasmiðjunni sem hann leyfði mér að hlusta á. Þetta símtal var borðleggjandi um hvað var í gangi og ég keyrði strax niður til Samkeppniseftirlits og sagði frá.“

Alls voru tólf ákærðir. Steingrímur Birkir Björnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fagsölusviðs BYKO, fékk þyngsta dóminn eða 18 mánaða fangelsi, þar af 15 skilorðsbundna. Stefán Árni Einarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs Húsasmiðjunnar, og Júlíus Þór Sigurþórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs Húsasmiðjunnar, fengu níu mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Verðsamráðið sem dæmt var fyrir stóð yfir í sex mánuði, frá september 2010 til mars 2011.

„Sektin og málaferlin taka bara til þessara sex mánaða. Hvað var þetta búið að vera í gangi lengi á einn eða annan hátt?“ spyr Baldur.


**Baldur Björnsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samkeppniseftirlitið sektaði BYKO um 650 milljónir króna vegna brota gegn samkeppnislögum og EES-samningnum vegna samráðsins við Húsasmiðjuna í fyrra.

Málið hófst 2010 er Múrbúðin ætlaði að hefja sölu á grófvöru. Samkeppniseftirlitið gerði 416 blaðsíðna skýrslu um málið árið 2013. Baldur segir að eftir að hafa lesið þá skýrslu hafi honum runnið kalt vatn milli skinns og hörunds.

„Þetta var eins og í lygasögu. Ásetningurinn var svo mikill. Og þegar héraðsdómur dæmdi þá svo saklausa og taldi þetta venjuleg viðskipti, veistu … Það eru bara fífl í þessum héraðsdómi. Ég gat aldrei séð að þetta færi neitt öðruvísi.“

Baldri gremst að stjórnendur og aðrir í fyrirtækjunum gangi hreinir og beinir frá þessu máli . Hann finnur ekki fyrir gleði yfir að áttmenningarnir hafi fengið dóm. Dapurlegt sé hversu málið hafi tekið langan tíma fyrir sakborningana.

„En stjórnendur og efstu lögin í fyrirtækjunum eru að labba frá þessu. Fyrir mig er þetta búið að vera rosalegt. Í fyrravor þegar sektin var lækkuð fór alls konar fólk að skíta út mitt nafn og Múrbúðina. En nú eru öll kurl komin til grafar. Nú er æðsti dómstóll landsins búinn að segja sitt síðasta orð.“ **benediktboas@365.is**

## Símtöl og póstar úr verðsamráðsmálinu

Meðal gagna í málinu voru tölvupóstsamskipti milli starfsmanna BYKO og Húsasmiðjunnar árið 2010 og fyrstu þrjá mánuði ársins 2011. Þar kennir ýmissa grasa.

„Hvert er verðið á steinullinni frá Múrbúðinni?“
„Þeir gefa mér ekki upp verð. Ég er að fá verktaka til að fá verð í þetta fyrir mig.“

„Guðmundur L er að gera verðkannanir fyrir ykkur þar sem miðast er við að þið fáið þær mánaðarlega … Allur mismunur sem er á milli vörunúmera í samanburði við BYKO skal jafna (ef undantekningar eiga sér stað látið mig þá vita).“
„Samkvæmt verðkönnun Ragnars þá erum við aðeins hærri í 4 teg. spónaplatna. Eigum við ekki að lækka okkur undir þá?“

Einnig voru lagðar fram hljóðupptökur. Þar er eftirfarandi samtal Steingríms og Júlíusar Þórs:
„Veistu, ég hringdi. Ég hef nú aldrei gert þetta áður en ég held að … og ég er núna … ég stjórna tilboðsmálunum hjá okkur, allavega varðandi grófu vöruna … Og þetta er komið bara í algjört bull … Þetta eru orðin hjaðningavíg ef þetta heldur svona áfram.“ Júlíus Þór: „Já. Þetta verður bara hjaðningavíg.“ Steingrímur Birkir: „Ég skal bara segja þér það og ég er búinn að tala við BF hjá mér … og ég mun núna, í allri tilboðsgerð, frá og með bara sko morgundeginum … Þá mun ég ýta öllu upp. Öllu. Alveg sama hvað það er og það verður … Ég mun handstýra allri tilboðsgerð núna í heilan mánuð.“ Júlíus Þór: „Þetta eru hjaðningavíg … við erum að blæða báðir tveir.“ Steingrímur Birkir: „Algjör … ég veit nú að við erum báðir jafn ósáttir við það.“ Júlíus Þór: „Við erum bara að drepa hvern annan.“ Steingrímur Birkir:

„En við viljum hafa fagleg vinnubrögð og allt það og … ekkert eitthvað húmbúkk, en þetta gengur ekki.“ Júlíus Þór: „Nei, veistu það, við erum bara að drepa hvern annan. Menn leka tilboðunum á milli okkar.“ Steingrímur Birkir: „Alveg miskunnarlaust.“ Rétt á eftir sagði Júlíus Þór: „Við lifum þetta ekki af ef við ætlum að halda þessu áfram.“ Steingrímur Birkir: „Nei, ég ætla mér sem sagt að hækka núna, bara handvirkt, tilboð. Alveg sama hvað er …“


Landsvirkjun

Ert þú að rannsaka orku og umhverfi?

Náttúrulegir orkugjafar, ný nálgun og hugvitsamlegar lausnir móta orkuvinnslu framtíðarinnar. Við óskum eftir umsóknum til Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar sem veitir styrki til náms og rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála.

Til úthlutunar úr sjóðnum árið 2017 eru 58 milljónir króna.

Kynntu þér málið á landsvirkjun.is.
Umsóknarfrestur er til 9. janúar 2017.




# GJÖF GERIR GOTT BETRA!




**Finding Dory Boom Boom spil**
VILDARVERÐ: 3.374.-
Verð: 4.499.-




**Star Wars borðspil**
VILDARVERÐ: 3.749.-
Verð: 4.999.-




**Frozen Boom Boom spil**
VILDARVERÐ: 3.374.-
Verð: 4.499.-




**Frozen ludo**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.999.-




**Finding Dory borðspil**
VILDARVERÐ: 3.374.-
Verð: 4.499.-



**Góða risaeðlan borðspil**
VILDARVERÐ: 2.849.-
Verð: 3.799.-



**Öflugir strákar**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 4.599.-



**Havana heklbók**
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 5.499.-




**Vandaður CROSS Tech3 kúlupenni með stylus**
TILBOÐVERÐ: 8.959.-
Verð áður: 11.199.-




**Litabók Christmas Patterns**
TILBOÐVERÐ: 2.249.-
Verð áður: 2.999.-




**Tússlitir Fineliner (36 stk.)**
TILBOÐVERÐ: 5.999.-
Verð áður: 7.999.-




**Trélitir (24 stk.)**
TILBOÐVERÐ: 1.874.-
Verð áður: 2.499.-




**Þjóðminjar**
VILDARVERÐ: 10.799.-
Verð: 14.499.




**CROSS kúlupenni Tech2 með stylus**
TILBOÐVERÐ: 4.479.-
Verð áður: 5.599.-




STAEDTLER

**Pennaveski með 20x fineliner tússlitum**
TILBOÐVERÐ: 4.792.-
Verð áður: 6.389.-

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða og vildartilboða er 3. desember, til og með 4. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

L A Z B O Y *Live life comfortably*




JÓLATILBOÐ
**25%**
AFSLÁTTUR

## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

**139.990 kr.** ~~189.990 kr.~~



JÓLATILBOÐ
**25%**
AFSLÁTTUR

## COSTA
Tungusófi. Hægri og vinstri tunga. Ljós- og dökkgrátt áklæði og hvítt eða svart bongo áklæði. Aukahlutir á mynd: Hnakkapúðar
Stærð: 305 x 215/163 x 84 cm

**299.990 kr.** ~~399.990 kr.~~

**25%**
**AFSLÁTTUR**
Af öllum LA-Z-BOY stólum um helgina



## PINNACLE
Brúnt leður á slitflötum.
Stærð: 84 × 90 × 100 cm

**134.993 kr.** ~~179.993 kr.~~



JÓLATILBOÐ
**25%**
AFSLÁTTUR

## UMBRIA
Hornsófi 2H2. Grátt og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 261 × 261 × 78 cm

**259.990 kr.** ~~349.990 kr.~~



JÓLATILBOÐ
**30%**
AFSLÁTTUR

## MILANO
Þriggja sæta sófi. Svart eða hvítt leður.
Stærð: 194 x 90 x 90 cm.
Einnig fáanlegur 2ja sæta sófi og stóll.

**199.990 kr.** ~~289.990 kr.~~

## RALPH LAUREN
Dásamlegi ilmurinn sem kemur með jólin




1.

2.
3.


7.



8.


4.


5.


9.


6.


10.


11.


12.


13.





1. Ralph Lauren Holiday, classic kerti 7.990 kr • 2. Iittala Kastehelmi stjaki 64 mm grár 2.290 kr • 3. Iittala Kastehelmi stjaki 64 mm cranberry 5.990 kr • 4. Iittala Maribowl skál á fæti 12 cm, cranberry 6.990 kr • 5. Leonardo Natale stjörnudiskur 29 cm 2.490 kr • 6. Bjørn Wiinblad box, tvö í setti 3.990 kr • 7. Sophia bókastoðir tvær í setti, Marathon Boy, fæst í fleiri litum 16.990 kr • 8. Kähler Omaggio vasi, 20 cm perluhvítur 8.990 kr • 9. Bjørn Wiinblad bolli með haldi, fæst í fleiri litum 3.490 kr • 10. Iittala Kastehelmi skál cranberry 0,23 cl 3.990 kr • 11. Broste Nordic coal espresso bolli 990 kr • 12. Iittala Essence hvít- eða rauðvínsglös, 2 stk saman á 4.790 kr • 13. Bjørn Wiinblad jólabolli með haldi 3.990

Þú finnur Jólablaðið á www.husgagnahollin.is

# JÓLATILBOÐIN Í HÖLLINNI



**MICHIGAN**
Borðstofuborð úr hvíttaðri eða olíuborinni gegnheilli eik og olíuborinni hnotu.

**JÓLATILBOÐ 15% AFSLÁTTUR**

Hvíttuð eða olíuborin eik
**339.990 kr.** ~~399.990 kr.~~

Olíuborin hnota
**294.990 kr.** ~~349.990 kr.~~

MICHIGAN borðstofuborðið er 101 cm breitt, 205 cm langt og hæðin er 74 cm. Það er stækkanlegt í 361 cm með þremur stækkunum sem fylgja.





**NAPOLI**
Barstóll, dökkgrár og svartur.
Hæð:
**16.990 kr.** ~~24.990 kr.~~



**ANCONA**
Barstóll, grár og svartur.
**19.990 kr.** ~~29.990 kr.~~



**PIANA**
Borðstofustóll. PU-svart
**8.790 kr.** ~~10.990 kr.~~



**NEPTUN**
Borðstofustóll.
Eik. Fæst einnig svartur og hvítur.
**8.990 kr.** ~~14.990 kr.~~

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Ítalir kjósa um stjórnarskrárbreytingu

**Matteo Renzi forsætisráðherra ætlar að segja af sér verði tillagan felld. Hætta sögð á eins konar Brexit-áhrifum á efnahagslíf Ítalíu með verðfalli hlutabréfa og að stórfyrirtæki fari á hausinn. Mikil óvissa ríkir um úrslitin þar sem skoðanakannanir hafa ekki verið birtar undanfarið.**



Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Matteo Renzi forsætisráðherra segir allt í húfi og skorar á þjóðina að samþykkja stjórnarskrárumbætur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**ÍTALÍA** Breytingar á stjórnarskrá Ítalíu verða bornar undir þjóðaratkvæði á morgun. Breytingarnar snúast um að einfalda stjórnkerfið og styrkja völd stjórnarinnar í Róm á kostnað héraðanna.

Matteo Renzi forsætisráðherra hefur sagst ætla að segja af sér verði stjórnarskrárbreytingin felld. Hann segir stjórnarskrárbreytinguna nauðsynlega til að ná betri tökum á efnahagsvanda Ítalíu.

Ýmsir óttast að hafni þjóðin þessari breytingu þá verði áhrifin á efnahagslíf Ítalíu sambærileg við áhrif þess að Bretar gangi úr Evrópusambandinu.

Ítölsk hlutabréf geti hrunið og ítölsk stórfyrirtæki farið á hausinn. Þar hefur ekki síst verið talað um bankann Monte dei Paschi í borginni Siena, en sá banki hefur starfað óslitið síðan 1472 og er sá elsti í heimi.

Sigur svokallaðra lýðskrumsafla á Ítalíu væri einnig mikill ósigur fyrir vestrænt lýðræði. Ekki sé á það bætandi hér á Vesturlöndum, í beinu framhaldi af Brexit-kosningunni í Bretlandi og sigri Donalds Trump í Bandaríkjunum.

Stjórnskipan Ítalíu hefur hins vegar lengi þótt standa efnahagslífi landsins fyrir þrifum. Renzi segir breytingarnar gera allt stjórnkerfið einfaldara. Auðveldara verði að taka nauðsynlegar ákvarðanir og bregðast við vanda efnahagslífsins.

Renzi segir þessa stjórnkerfisbreytingu skilyrði þess að geta komið á þeim efnahagsumbótum sem hann vill gera á Ítalíu. Hann eigi því ekkert val annað en að segja af sér, verði tillagan felld.

**Óvissa um úrslitin**

Mikil óvissa ríkir um úrslit atkvæðagreiðslunnar. Engar skoðanakannanir hefur mátt birta síðan 18. nóvember, fjórtán dögum fyrir kosningar, en síðasta daginn birtist skoðanakönnun sem spáði því að breytingarnar yrðu felldar með 53,5 prósentum atkvæða gegn 46,5.

Fimmtungur kjósenda sagðist þá vera óákveðinn, þannig að í raun geta úrslitin orðið á hvorn veginn sem er.

Snemma á árinu, um það leyti sem þingið var að samþykkja frumvarp Renzis forsætisráðherra, mældist mikill stuðningur við breytingarnar. Það tók hins vegar að snúast við um mitt sumar og smám saman náðu andstæðingar þeirra yfirhöndinni.

Fremstir í flokki nei-sinna eru liðsmenn Fimmstjörnuhreyfingarinnar, stjórnmálaflokks sem Beppe Grillo stofnaði árið 2009.

**Andóf gegn kerfinu**

Grillo er landsþekktur grínisti sem óspart hafði látið stjórnmálamenn hafa það óþvegið áður en hann skellti sér út í stjórnmálin sjálfur, einmitt þegar kreppan mikla reið yfir og traustið til gömlu stjórnmálanna fauk út í veður og vind.

Flokkurinn sópaði að sér fylgi í þingkosningum 2013 og fékk fjórðung atkvæða út á andstöðu við gamla stjórnmálakerfið sem sé bara hinum fáu í hag.

Andstaðan við stjórnarskrárbreytingarnar, sem nú er kosið um, hefur þó ekki síst snúist um að verja völdin heima í héraði. Óttinn við sterka miðstjórn í Róm situr djúpt í Ítölum, sem sjá fyrir sér að einræðisherra á borð við Benito Mussolini geti aftur farið á kreik.

gudsteinn@frettabladid.is


Víða í héruðum Ítalíu er mikil andstaða við breytingarnar og til átaka hefur komið í Flórens. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Um hvað er kosið?

Tillagan gengur út á harla flóknar og víðtækar breytingar á stjórnskipan Ítalíu.

Meginbreytingin er sú að auka völd fulltrúadeildar þjóðþingsins á kostnað öldungadeildarinnar. Löggjöf verður að mestu í höndum fulltrúadeildarinnar, án aðkomu öldungadeildar. Hlutverk öldungadeildarinnar verður einkum bundið við stærri mál á borð við stjórnarskrárbreytingar og breytingar á sáttmálum Evrópusambandsins.

Öldungadeildarþingmönnum verður jafnframt fækkað úr 315 í 100. Þeir verða ekki lengur kosnir beint af almenningi heldur af héraðsþingum Ítalíu. Einnig munu sumir borgarstjórar sitja í öldungadeildinni.

Þessi breyting mun styrkja verulega völd stjórnarmeirihlutans hverju sinni og þar með ríkisstjórnarinnar í Róm.

Jafnframt verður staða miðstjórnarinnar í Róm styrkt mjög gagnvart héraðsstjórnum landsins, sem til þessa hafa haft töluverð völd til að ráða sjálf málum sínum.

Eftir breytingu hafa héraðsstjórnirnar aðeins rétt til að taka ákvarðanir um þætti á borð við heilbrigðismál, menntamál og velferðarþjónustu, en stjórnin í Róm fær meðal annars aukin völd til þess að knýja í gegn löggjöf í krafti efnahagsnauðsynjar og þjóðarhags.

**14**

**daga fyrir kosningar er bannað að birta skoðanakannanir.**

## Forsætisráðherrann og barátta hans

Matteo Renzi var borgarstjóri í Flórens þegar hann, í febrúar 2014, tók við af Enrico Letta sem forsætisráðherra Ítalíu, en báðir eru þeir vinstri-miðjumenn í pólitík.

Letta hafði þá verið forsætisráðherra í eitt ár. Hann hafði síðan tekið við af Mario Monti, hagfræðingnum sem stóð utan flokka en tók við stjórn landsins af Silvio Berlusconi í kreppunni miðri árið 2011.

Þeir Renzi og Letta eru flokksbræður, báðir í Demókrataflokknum sem stofnaður var árið 2007 með því að steypa saman nokkrum smærri flokkum af vinstri kanti og miðju ítalskra stjórnmála.

Letta sagði af sér 14. febrúar 2014 eftir að Renzi og fleiri flokksbræður hans höfðu sakað hann um aðgerðaleysi gagnvart ískyggilegum efnahagsvanda landsins.

Renzi var frá upphafi staðráðinn í að ráðast í róttækar breytingar til að styrkja stjórn landsins. Strax fáeinum vikum eftir að hann tók við lagði hann fram frumvarp um stjórnarskrárbreytingar, sem þingið svo samþykkti tveimur árum síðar, í apríl á þessu ári. Ekki þó með nægilega stórum meirihluta á þingi, þannig að ekki varð undan því vikist að bera breytingarnar undir þjóðina.

Renzi hefur lagt pólitískan feril sinn að veði. Hann telur sér ekki fært að vera áfram við stjórnvölinn verði breytingarnar á stjórnskipan landsins felldar.

# LÚXUSJEPPAR MEÐ VEGLEGUM KAUPAUKA

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND










## **400.000 KR. KAUPAUKI** FYLGIR ÖLLUM NÝJUM LAND ROVER OG RANGE ROVER

VERÐDÆMI:

**Discovery Sport - Dísil sjálfskiptur, verð frá: .......................... 6.890.000 kr.**
**Range Rover Evoque - Dísil sjálfskiptur, verð frá: .................. 7.690.000 kr.**
**Range Rover Sport - Dísil sjálfskiptur, verð frá: .................. 13.990.000 kr.**

www.landrover.is

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

VERIÐ VELKOMIN Í KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM78421

# Hlýrri vetur slæmur fyrir hagnað fatafyrirtækja

Smásöluverslanir hafa sögulega reitt sig á sölu á dýrum úlpum og öðrum vetrarflíkum til þess að auka hagnað sinn. Vetrarflíkur eru oft með allt að 40 prósenta álagi. Hækkandi hitastig sem dregur úr þörf á hlýjum dúnúlpum eða kuldastígvélum hefur hins vegar haft neikvæð áhrif á fatasölu í Bandaríkjunum.

Reuters greinir frá því að fjárfestingarsjóðir séu að færa sig frá fjárfestingum í stórverslunum og fataverslunum þar sem þeir standi í þeirri trú að iðnaðurinn sé að verða fórnarlamb loftslagsbreytinga.

Veturinn 2015 til 2016 var sá hlýjasti síðan mælingar hófust. Í dag eiga 48 prósent hlutabréfasjóða í virkri eignastýringu í Bandaríkjunum ekkert í fatafyrirtækjum, en hlutfallið var 38 prósent á sama tíma í fyrra.

Merki eru um að hlýnunin muni halda áfram og að neytendur haldi áfram að fresta kaupum á hlýjum vetrarfatnaði. Larry Haverty, sjóðsstjóri hjá Gabelli, segir í samtali við Reuters að fataframleiðendur þurfi að viðurkenna að loftslagsbreytingar séu að eiga sér stað og breyta því hvernig þeir stundi viðskipti. – **sg**



**Vetrarflíkur eru oft með allt að fjörutíu prósenta álag á verðmiðanum í Bandaríkjunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Finding Dory var ein vinsælasta mynd Disney í ár.** MYND/PIXAR

# Disney hefur halað inn yfir 600 milljarða

Árið 2016 hefur verið metár hjá kvikmyndaframleiðandanum Disney en fjöldi stórmynda úr smiðju fyrirtækisins kom út á árinu. MarketWatch greinir frá því að tekjur af myndum Disney nemi yfir sex milljörðum dollara, jafnvirði 670 milljarða íslenskra króna, það sem af er ári.

Kvikmyndir á borð við Finding Dory, Doctor Strange og Moana hafa notið mikilla vinsælda. Þrjár af fimm vinsælustu kvikmyndum ársins í Norður-Ameríku eru úr smiðju Disney og fimm af þeim tíu vinsælustu. Tekjur af fjórum kvikmyndum nema yfir 300 milljónum dollara.

Tekjur Disney hafa aukist verulega vegna kaupa á Pixar-teiknimyndaframleiðandanum og Marvel sem framleiðir ofurhetjumyndir, og nú nýverið vegna kaupa á Lucasfilm, framleiðanda Star Wars-myndanna, árið 2012. Árið 2016 er fyrsta árið sem kvikmyndir frá öllum fimm framleiðslufyrirtækjum Disney koma út og það skýrir að vissu leyti tekjuaukninguna.

Tekjur Disney í Norður-Ameríku eru nú þegar orðnar hærri en á öllu síðasta ári. Búast má við enn meiri innspýtingu hjá fyrirtækinu þann 16. desember þegar Rogue One: A Star Wars Story kemur í kvikmyndahús, en áætlað er að tekjur af myndinni gætu numið 130 milljónum dollara fyrstu sýningarhelgina. – **sg**




**Trump talaði um samninga sína við Carrier Crop í Indiana.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Mun refsa þeim sem yfirgefa Bandaríkin

**Donald Trump veitti á dögunum fyrirtæki í Indiana skattaafslátt gegn því að halda 1.100 störfum innan Bandaríkjanna. Hann hyggst leggja háan skatt á fyrirtæki sem yfirgefa landið. Hann vill lækka fyrirtækjaskatt verulega.**

Donald Trump, verðandi forseti Bandaríkjanna, hefur sagt að yfirgefi fyrirtæki Bandaríkin muni það hafa afleiðingar í för með sér. Hann virðist því ætla að standa við stóru orðin um að reyna að halda störfum innan Bandaríkjanna.

BBC greinir frá því að Trump hafi sagt þetta í Indiana þar sem hann sagðist hafa komið í veg fyrir að loftkælingarfyrirtækið Carrier Corp flytti þúsund störf til Mexíkó.

Trump sagði samningaviðræður sínar við Carrier Corp vera fyrirmynd að því hvernig hann myndi semja við önnur fyrirtæki sem hyggjast flytja störf yfir landamærin. „Ástandið verður þannig að fyrirtæki munu vita í fyrsta lagi að við munum gera vel við þau og í öðru lagi að það verði afleiðingar,“ sagði hann. „Það verður lagður hár skattur á fyrirtækin við landamærin ef þau vilja yfirgefa Bandaríkin.“

Í ræðu sinni ítrekaði hann einnig loforð sitt um að lækka skatta og fækka reglugerðum í Bandaríkjunum.

**15%**

**fyrirtækjaskatt vill Trump í Bandaríkjunum.**

**» Trump hefur boðið fyrirtækinu Carrier Corp skattaafslátt geng því að halda 1.100 störfum í Bandaríkjunum í stað þess að flytja þau suður yfir landamærin.**

BBC greinir frá því að Carrier Corp muni fá skattaafslátt að andvirði sjö milljóna dollara, jafnvirði 780 milljóna íslenskra króna, á næstu tíu árum í skiptum fyrir að halda 1.100 störfum í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir það munu 1.300 störf flytjast suður yfir landamærin. Carrier og móðurfélag þess United Technologies hafa þó samþykkt að fjárfesta fyrir 16 milljónir dollara til að viðhalda rekstri fyrirtækisins.

Ákvörðun Trumps um að veita fyrirtækjum skattaafslátt til að halda störfum innan Bandaríkjanna hefur sætt nokkurri gagnrýni. Bernie Sanders, sem sóttist eftir forsetatilnefningu Demókrataflokksins, skrifaði grein í Washington Post í gær þar sem hann benti á að nú gætu öll fyrirtæki í landinu hótað því að flytja störf úr landi til þess að fá að greiða lægri skatta.

Trump hefur sagt að hann vilji lækka fyrirtækjaskatta í Bandaríkjunum úr 35 prósentum í fimmtán prósent. Hann sagði einnig að væru stjórnvöld vinsamlegri í garð fyrirtækja myndi það auka líkurnar á því að þau héldu sig innan landsteinanna.

**saeunn@frettabladid.is**

NAUTALUND WELLINGTON Á VEISLUBORÐIÐ
Erum byrjuð að taka við pöntunum fyrir hátíðarnar, pantið á **www.noatun.is**



18% afsláttur
1699 kr./kg
Ungnautahakk, verð áður ~~2079~~ kr./kg

Matarsendingar til útlanda með DHL
Viltu senda vinum og ættingjum hangikjöt, Nóatúns hamborgarhrygg, laufabrauð, sælgæti eða malt og appelsín um jólin?
Sendu okkur þá línu á **noatun@noatun.is** eða hringdu í **585-7110**

Alla daga 8-20
Við gerum meira fyrir þig – Nóatún Austurveri – www.noatun.is
NÓATÚN


KRÓNAN
Krónan mælir með!
Nóatúns hamborgarhryggur
NÓATÚN
1899 kr. kg
Sjúklega gott!
Bakið í 7 mínútur
Nýtt!
SMÁKÖKUDEIG
17 SORTIR
KARAMELLUSÚKKULAÐI PEKANHNETUR
PIPARBRJÓSTSYKUR HVÍTT SÚKKULAÐI
SÚKKULAÐIBITAR
APPELSÍNA · KANILL
899 kr. stk.
17 Sortir smákökudeig, úrval bragðtegunda
Ódýrt
KRÓNAN
Ódýrt
After Eight
MINT CHOCOLATE THINS
FINES FEUILLES DE CHOCOLAT NOIR FOURRÉES À LA MENTHE
Ódýrt
999 kr. stk.
After eight 800 g
Krónu hamborgarhryggur
1599 kr. kg
Tilboðin gilda til 4. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Vitleysa við Austurvöll



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fimm vikur eru frá alþingiskosningum og enn er engin ríkisstjórn í sjónmáli. Bjarni Benediktsson hefur fengið stjórnarmyndunarumboð frá forsetanum tvisvar og Katrín Jakobsdóttir einu sinni. Formlegar viðræður hafa strandað. Sama á við um þreifingar allra flokka, sem fram hafa farið leynt og ljóst, þær hafa engu skilað.

Nú, þegar forsetinn hefur fært Birgittu umboðið, er staðan einhvern veginn svona:

Sjálfstæðismenn gera engar málamiðlanir í Evrópu- og sjávarútvegsmálum. Vinstri græn halda fast í kreddur um skattahækkanir, skattahækkana vegna. Samfylkingin, eða það sem eftir er af henni, er í sárum, tvístígandi og efast um umboð sitt. Engu er líkara en Framsókn sé haldin alvarlegum sjúkdómi – hún fær hvergi að vera með. Málamiðlanir virðast eitur í beinum Viðreisnar. Björt framtíð hefur límt sig fasta við Viðreisn, er orðin einhvers konar fylgihnöttur – hefur meira að segja gert formann Viðreisnar að talsmanni sínum. Sú afstaða hefur þann kost að draga úr flækjustiginu. Flokkarnir verða sex í stað sjö.

Útspil Katrínar Jakobsdóttur um þjóðstjórn leysir engan vanda. Hvernig ætti að takast að mynda stjórn allra flokka þegar flokkarnir hver um sig finna ekki flöt á samstarfi við þá sem næst þeim standa í litrófinu?

Veganesti Birgittu er, að sumir neita að taka Pírata alvarlega. Engu er líkara en að í gamla flokkakerfinu sé það viðurkennd skoðun að atkvæði þeim greidd hafi minna vægi en atkvæði annarra. Sjálf hafa þau útilokað að vinna með núverandi stjórnarflokkum. En nú gæti komið í þeirra hlut að brjóta odd af oflæti sínu. Getur verið að Birgittu og félögum auðnist að finna samstarfsflötinn, sem allir leita að?

En með hverri vikunni aukast líkurnar á því að fljótlega verði kosið aftur til Alþingis. Slíkt gerist þó varla fyrr en með vorinu. Á meðan gæti þingið þurft að sætta sig við minnihlutastjórn, sem ekki er hefð fyrir á Íslandi, eða að forseti taki af skarið og myndi utanþingsstjórn. Það yrði sitjandi þingmönnum til vansa því þrátt fyrir allt er bjartara framundan í þjóðarbúskapnum en oft áður og spennandi tækifæri fyrir ríkisstjórn sem vill láta að sér kveða.

**En staðan er ruglingsleg. Það eru svo mörg mál sem komið hafa í veg fyrir myndun ríkisstjórnar á síðustu vikum.**

En staðan er ruglingsleg. Það eru svo mörg mál sem komið hafa í veg fyrir myndun ríkisstjórnar á síðustu vikum. Ættu kosningar að snúast um Evrópumál, sjávarútvegsmál, skattamál eða eitthvað allt annað? Er hægt að benda á eitt mál umfram annað sem valdið hefur því að ekki er hægt að mynda ríkisstjórn?

Síðustu vikur eru ekki stjórnmálastéttinni til frægðarauka. Henni hefur ekki bara mistekist við myndun ríkisstjórnar heldur hafa yfirlýsingar af óreyndu lokað leiðum, sem verður að halda opnum ef ríkisstjórn á að verða til. Nú ætti tími stórkarlalegra yfirlýsinga þvers og kruss að vera liðinn.

Kjósendur eiga betra skilið en þennan hringlanda.




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Kúkurinn í heita pottinum

Jörðin. Smápeningur í geimnum, okkar að eyða.

Það var föstudagur. Ég var eirðarlaus. Fannst eins og ég ætti að vera að gera eitthvað. Mér var sagt að það væri svartur föstudagur. Það var sannarlega svartur föstudagur.

Jörðin. Smápeningur í geimnum, okkar að eyða.

Eilíf löngun, óslökkvandi eldur. Einmitt. Það var það sem ég átti að vera að gera. Slökkva eldinn, fylla tómið innra með mér. Hrærivél, blandari, sófasett. Sous Vide lofttæmingarvél.

Vantar þig eitthvað? Nei, nei, það er bara afsláttur.

Andlegt lofttæmi. Smáralind – listagallerí. Auglýsendur eru listamenn samtímans. Sértu að selja snyrtivörur, láttu kaupandanum líða sem ljótustum; sértu að selja tryggingar, fylltu hann af óöryggi; sértu að selja draum sannfærðu hann um að hann sé fastur í martröð. Hárþurrka, vöfflujárn, hrukkukrem. Því það er föstudagurinn svarti.

Jörðin. Smápeningur í geimnum, okkar að eyða.

Hver var þessi Galileo? Það skiptir ekki máli því við snúumst ekki kringum sólina heldur rassinn á Kim Kardashian. Hvar var hann? Hvað var hann að gera? Á hverju sat hann, í hverju var hann og hvar get ég fengið svoleiðis? Er silíkon í honum? Ég veit það ekki. En þeir sem búa á Suðurnesjum geta fengið sér United Silicon í öndunarveginn.

Snjallsími, tölva, iPad, efnabruni í slímhúð.

Hvað á ég að kaupa? Mig vantar ekki sokka. Þrennar buxur á verði einna; hví ekki? Börn í Bangladess, blóðugir fingur. Ég get ekki að því gert. „Tíska er tegund svo óbærilegs ljótleika að henni verður að breyta á sex mánaða fresti." Oscar Wilde sagði það. Ég las það á Twitter.

Má bjóða þér eggjasuðutæki? Þú meinar pott? Nei, eggjasuðutæki. Brúneggja-hænurnar voru ekki kvaldar til þess að eggin úr þeim væru elduð án þess að Elkó seldi til þess raftæki.

### Neyta og anda

Það var föstudagurinn svarti og mig vantaði ekki neitt. En samt fannst mér ég verða að kaupa eitthvað. Að öðrum kosti væri ég að missa af einhverju. Tilboði. Tækifæri. Lífsfyllingu.

Rannsóknir í Bretlandi sýna að einn af hverjum tíu hlutum sem keyptir eru á svarta föstudeginum er aldrei notaður. Losun á rusli stóreykst í kjölfar föstudagsins svarta. Algengast er að um sé að ræða rafmagnsblandara og matvinnsluvélar. Fæstir eru hlutirnir endurunnir. Flestir eru þeir urðaðir.

Svo virðist sem hver einasti dagur sé orðinn svartur föstudagur. Því við erum fangar hugmyndafræði: Okkur hefur verið talin trú um að meiri og meiri neysla sé grundvöllur blómlegs efnahagslífs, hamingju okkar og velfarnaðar. Ef við hættum að neyta er okkur öllum lokið; svona eins og ef við hættum að anda deyjum við.

Sannleikurinn er auglýsandans – hænan er hamingjusöm ef það stendur á pakkanum. Réttur peninganna til að verða til er æðri rétti fólks til að anda – getur það ekki bara keypt sér Sous Vide vél og pakkað sér inn í lofttæmi? Sársauki barnsins í Bangladess er hagnaðaraukning í Excel-skjali. Lýðræði til sölu, kostar eina tölu og leikreglur eru á bak og burt – banki fylgir í kaupbæti.

Við erum þrælar ósannaðrar hagfræðikenningar, jafnfrjáls og hamstur á hlaupahjóli, jafnhamingjusöm og hamingjusama hænan í búrinu hjá Brúneggjum. „Feed me, feed me," hrópar hagkerfið á okkur eins og blóðþyrsta blómið í Litlu hryllingsbúðinni sem endar með að gleypa eiganda sinn.

Tilvera okkar er undarlegt ferðalag. Ef við erum gestir og hótel okkar er jörðin erum við eins og rokkhljómsveitin sem tæmir míní-barinn, ælir í teppið, kastar sjónvarpinu út um gluggann og skítur í heitapottinn.

Er líf á öðrum hnöttum?

Jörðin. Smápeningur í geimnum, okkar að eyða.

Stjörnur. Skínandi klink á himnum. Er líf á öðrum hnöttum? Ef svo er ætti það að óska sér þess að við finnum það aldrei.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*


LANGUR VEGUR FRAMUNDAN. HÚRRA!
mazda
MAZDA CX-3
MAZDA CX-3
FJÓRHJÓLADRIFINN FRÁ 3.590.000 KR.
FRAMDRIFINN FRÁ 2.940.000 KR.
Fádæma veggrip, há sætisstaða ásamt glæsilegri innréttingu gera hverja ferð í Mazda CX-3 að upplifun fyrir skynfærin. i-ACTIV AWD fjórhjóladrifið límir bílinn við veginn og akstursgleðina er erfitt að útskýra en auðvelt að upplifa í reynsluakstri.
SkyActiv spartæknin og lág bilanatíðni Mazda tryggir sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Margvíslegur i-ACTIVSENSE öryggis-búnaðurinn tryggir öryggi allra farþega og hjálpar ökumanni að greina og forðast aðsteðjandi hættur.
KOMDU, REYNSLUAKTU OG UPPLIFÐU MAZDA CX-3
mazda.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
Búnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.
brimborg
Öruggur staður til að vera á

# Kennarar eiga skilið að fá laun samkvæmt menntun og ábyrgð



**Guðrún Kjartansdóttir**
grunnskólakennari

**Mér finnst sanngjarnt að nýútskrifaður kennari eigi að fá grunnlaun upp á 500.000 kr.**

Nú er ég nýútskrifuð sem grunnskóla- og framhaldsskólakennari og var að hefja störf sem grunnskólakennari í haust. Mér líður vel í vinnunni og finnst þetta mjög gaman. Ég kenni stundum yfir 130 nemendum á dag og ber því mikla ábyrgð. Ég vinn til kl. 16 á daginn, nema á föstudögum og hef líka unnið á kvöldin heima. Ég legg mig fram um að vera góður kennari og koma efninu sem best til skila til nemenda, ásamt því að hafa fjölbreytta kennsluhætti.

Ég kvarta ekki undan starfinu mínu, því mér finnst það skemmtilegt. Það er frekar sérstakt að vera að hefja starf sem grunnskólakennari á þessum tíma. Kennarar sem hafa kennt í einhvern tíma eru ósáttir við launin. Margir eru ósáttir við viðveruna og vinnumat. Ég get ekki myndað mér of mikla skoðun á þessum fyrrgreindu atriðum, nema launum. Mér finnst sanngjarnt að nýútskrifaður kennari eigi að fá grunnlaun upp á 500.000 kr. Miðað við þá prósentuhækkun sem kennurum býðst núna myndu launin mín hækka um sirka 44.000 kr. Það nær ekki upp í 500.000, heldur er nær 400.000 kr.

Ég sem kennari þarf að hafa þak yfir höfuðið, kaupa í matinn, reka bíl og kaupa tryggingar eins og flestir aðrir. Útgjöld einstaklinga á fyrrgreindum atriðum hafa hækkað eins og margt annað í samfélaginu.

Ef við lítum til menntunarinnar, að breyta náminu í 5 ára nám, þá þarf að endurskoða bæði lengdina á náminu og innihaldið. Ég er með BA-próf í uppeldis- og menntunarfræði, en mastersnámið skilaði því miður ekki mikilli nýbreytni. Mér og grunnskólakennaranemum fannst þetta mikil upprifjun á námssálfræði, aðferðafræði og fleiru. Launin hækka svo í þokkabót lítið miðað við að taka masterinn.

Mér finnst sorglegt að sjá þessa reiði og vonleysi í kennurum sem þeir búa yfir í dag. En hins vegar skil ég þá að einhverju leyti.

Ég vona svo innilega að launin og kennaramenntunin breytist í jákvæða átt fyrir kennara svo samfélagið geti haldið í kennara í stéttinni og fengið einstaklinga í kennaranámið.

# Brotið á réttindum fatlaðs fólks því eftirlitið brást!





**Aileen Soffía Svensdóttir**
formaður Átaks

**Snæbjörn Áki Friðriksson**
varaformaður Átaks

Að vera einstaklingur með einhvers konar fötlun er eiginlega ávísun á það að geta ekki lifað eðlilegu lífi. Ekki vegna þess að fötlunin sé eitthvað hamlandi, nei, aðeins vegna þess að samfélagið hindrar.

Stoltgangan var gengin í fyrsta sinn í byrjun september þessa árs. Hún var viðburður þar sem fatlað og ófatlað fólk sameinaðist og gekk saman til að sýna sig sjálft og láta raddir sínar heyrast. Ganga stolt, vera sýnileg og fagna fjölbreytileikanum.

Eftir Stoltgönguna fékk stjórn Átaks, félags fólks með þroskahömlun, ábendingu um að einhverjir einstaklingar sem ætluðu í gönguna gætu það ekki vegna þess að ekki fékkst þjónusta. Sökum þess fékk fólk ekki þann stuðning sem þurfti til að geta mætt í gönguna og verið sýnilegt.

**Er þetta raunin?**

Fyrst töldum við að um væri að ræða lítinn hóp, en annað kom í ljós. Margir höfðu þessa sögu að segja. Meira að segja einn af okkar góðu félagsmönnum sem fær reglulega að standa með grátstafinn í kverkunum vegna þess að það er óvíst að hann geti komist á viðburði hjá Átaki.

Já, þetta er raunin í íslensku samfélagi árið 2016.

Því hljótum við, fatlaða fólkið, að spyrja hvort sparnaður ríkis og sveitarfélaga sé þess valdandi að fatlað fólk fái ekki næga þjónustu til að vera þátttakendur í samfélaginu.

Okkur finnst þetta viðhorf vera hættulegt samfélaginu og gera það að verkum að fólk einangrast og hefur ekki jafn mikla möguleika og ófatlað fólk til þess að taka þátt í því.

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks er svo annað tilefni til óöryggis í lífi fatlaðs fólks, aðgangur að réttarkerfinu, heilbrigðiskerfinu, nauðung og fleira og fleira. Fatlað fólk verður sífellt fyrir mannréttindabrotum. Það á ekki að líðast.

Við finnum til mikillar samstöðu með öðrum minnihlutahópum sem þurfa að þola mannréttindabrot. Dýravernd er líka mjög mikilvæg og ill meðferð á dýrum á alls ekki að líðast. En það veldur okkur miklum vonbrigðum að áhugi samfélagsins og fjölmiðla á því óréttlæti sem fatlað fólk þarf að þola alla daga skuli ekki vera meiri en hann er.

Er það eðlilegt að fatlaður einstaklingur komist ekki á viðburði, komist ekki á klósettið, fái ekki að búa heima hjá sér og fái í raun ekki aðgang að samfélaginu vegna þess að sveitarfélagið vill ekki búa til fordæmi þannig að aðrir geti kannski óskað eftir sömu þjónustu?

**Við finnum til mikillar samstöðu með öðrum minnihlutahópum sem þurfa að þola mannréttindabrot. Dýravernd er líka mjög mikilvæg og ill meðferð á dýrum á alls ekki að líðast. En það veldur okkur miklum vonbrigðum að áhugi samfélagsins og fjölmiðla á því óréttlæti sem fatlað fólk þarf að þola alla daga skuli ekki vera meiri en hann er.**

Hvar er eftirlitið sem á að fylgja þessu eftir? Hvar er fólkið sem vill vekja athygli á þessum mannréttindabrotum sem eiga sér stað í íslensku samfélagi á hverjum degi?

Því viljum við á alþjóðadegi fatlaðs fólks, 3. desember, hvetja allt samfélagið til þess að eiga samtal við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess um hvernig lífi okkar er háttað.




L-Mesitran Ointment
Bakteríueyðandi smyrsli sem inniheldur 48% lækningahunang, lanolin (ofnæmisprófað), aloe, calendula, sink oxíð og andoxunarefnin C- og E-vítamín. Fjarlægir drep og lífvana úrgang úr sári. Hulið með þörungum, trefjum (hydrofiber), svampi eða grisjum. Skipta þarf um smyrsli eftir 1-3 daga.

L-Mesitran Soft
Bakteríueyðandi gel sem inniheldur 40% lækningahunang, lanolin (ofnæmisprófað), PEG og andoxunarefnin C- og E-vítamín. Notað á öll yfirborðssár og djúp sár. Hulið með svampi, þörungum, trefjum eða grisjum. Skipta þarf um gel eftir 1-3 daga.

L-Mesitran Tulle
Hydro-active bakteríueyðandi millilag sem inniheldur L-Mesitran Soft. Festist ekki í sári. Notað á lítið til meðal vessandi sár. Hulið með rakadrægum umbúðum og fest með plástri. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

L-Mesitran Hydro
Hydro-active bakteríueyðandi umbúðir sem innihalda 30% lækningahunang, fjölliður og vatn. Notað á yfirborðssár. Tolla við húð en þarf að festa með grisju eða plástri. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

L-Mesitran Border
Hydro-active bakteríueyðandi umbúðir sem innihalda 30% lækningahunang, fjölliður, vatn og eru með límkant. Notað á yfirborðssár. Sjálflímandi, má fara með í sturtu eða sund. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

L-Mesitran Active
Hydro-active bakteríueyðandi umbúðir sem innihalda 30% lækningahunang, fjölliður, vatn og eru með límkant. Notað á lítil yfirborðssár. Sjálflímandi, má fara með í sturtu eða sund. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

L-Mesitran Net
Hydro-active baktreíueyðandi millilag sem inniheldur 20% lækningahunang, fjölliður og vatn. Notað á lítið til mikið vessandi sár. Hulið með rakadrægum umbúðum eða grisjum og fest með plástri. Skipta þarf um umbúðir eftir 3-5 daga.

L-Mesitran®

L-Mesitran Náttúruleg sáragræðsla með hunangi

Williams & Halls hefur hafið sölu á sárameðferðarvörum frá hollenska fyrirtækinu L-Mesitran. Allar vörurnar innihalda sérstakt lækningahunang en hunang hefur verið notað í sáragræðslu í þúsundir ára. Hunangið er laust við skordýraeitur, sýklalyf, málma og illgresiseyði og að auki er það geislað til að eyða út bakteríugróum. Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem sýna árangur og eiginleika hunangs í sárameðferð. Helstu eiginleikar L-Mesitran:

1 Bakteríueyðandi
2 Bólgueyðandi
3 Hreinsar sár og minnkar lykt
4 Örvar sáragræðslu
5 Árangursríkt án mikils kostnaðar

L-Mesitran hentar vel á þrýstingssár, sykursýkissár, núningssár, æðasár, brunasár (1°og 2°), krabbameinssár, sýkt sár og skurðsár. Ekki skal þó setja neitt á ný brunasár heldur þarf að kæla þau fyrst með volgu vatni og fá læknisaðstoð ef þörf krefur. Smyrslið og gelið er einfaldlega borið beint á sárið og umbúðir síðan yfir.

Rétt er að benda á að leita ráða hjá lækni ef þörf krefur og eins ef mikil sýking er í sári.



Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekaranum, Hraunbergsapóteki, Lyfsalanum Glæsibæ,Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.

Nánari upplýsingar fást á **www.wh.is.**




**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

HYUNDAI

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

ENNEMM / SÍA / NM78847 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

## Þrettán fuglar á tveimur dögum og komin upp í 3. sæti



**Stórkostleg spilamennsk** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir lék frábærlega á þriðja keppnisdegi lokaúrtökumótsins fyrir LPGA-mótaröðina. Ólafía lék hringinn í gær á 67 höggum, eða fimm undir pari, og er samtals á níu undir pari. Hún er í 3. sæti fyrir fjórða keppnisdaginn. MYND/LET/TRISTAN JONES

# Vildi koma sterkari til baka

**Þórey Rósa Stefánsdóttir er komin aftur í íslenska landsliðið eftir barneignarleyfi. Hún er í hópi markahæstu leikmanna norsku deildarinnar og segir að móðurhlutverkið hafi fært sér meiri ró inni á vellinum.**

**HANDBOLTI** Þórey Rósa Stefánsdóttir segir að það sé krefjandi að vera ung móðir og um leið atvinnumaður í handbolta. Þórey eignaðist sitt fyrsta barn snemma á þessu ári en sneri til baka með liði sínu, Vipers Kristiansand, í upphafi tímabilsins.

„Það hefur gengið vonum framar að komast aftur af stað. Ég var heppin með góða meðgöngu og góða fæðingu og hef náð að vera á fullu síðan 1. ágúst,“ sagði Þórey Rósa við Fréttablaðið eftir landsliðsæfingu í Laugardalshöllinni í vikunni.

Hún æfði sjálf á meðgöngunni og segist hafa náð markmiðum sínum. „Ég ætlaði mér að koma sterkari til baka en ég var áður og það hefur gengið nokkuð vel eftir. Ég hef náð að spila vel.“

Þórey neitar því ekki heldur að það hafi verið henni hollt að taka frí frá boltanum. „Maður verður vissulega æstari í að koma til baka og mig var farið að kitla í fingurna yfir þeirri tilhugsun,“ segir hún. „Svo er það þroskandi ferli að eignast barn og hef ég sjálf fundið fyrir því að ég er rólegri yfir hlutunum. Maður hefur meiri ró yfir sér á vellinum, þegar púlsinn er á fullu – eins skrítið og það kann að hljóma.“



**Hornamaðurinn Þórey Rósa Stefánsdóttir er í hópi markahæstu leikmanna norsku úrvalsdeildarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Félag í fremstu röð

Vipers er eitt besta félagslið Noregs. Liðið er í öðru sæti í norsku úrvalsdeildinni en landslið Noregs, sem er þjálfað af Þóri Hergeirssyni, er eitt það allra besta í heimi. Þórey er næstmarkahæst í liðinu og í hópi 20 markahæstu leikmanna deildarinnar.

„Við fengum nýjan þjálfara í sumar og sex leikmenn með sem eru ýmist nýir eða komu til baka í sumar. Félagið ætlar sér að vera í fremstu röð og er mikil og góð stemning í kringum það, ekki síst í bænum. Þó svo að við værum að spila við botnliðið í deildinni á dögunum voru 1.500 manns í stúkunni,“ segir Þórey.

### Samningslaus í sumar

Þórey verður samningslaus í sumar sem og unnusti hennar, Einar Ingi Hrafnsson, sem spilar með ØIF Arendal. „Við erum að skoða okkar mál,“ segir Þórey sem útilokar ekki að snúa heim í sumar, þó það sé ólíklegt.

„Nú þegar við erum komin með barn þá kitlar það meira en áður, en við höfum það mjög gott í Noregi og væri erfitt að yfirgefa liðið mitt nú. Við ætlum þó að sjá til með þetta allt saman.“

Ísland hóf í gær leik í forkeppni HM 2017 í Þýskalandi. Liðið er í riðli með Austurríki, andstæðingi Íslands í gær, Færeyjum og Makedóníu. Tvö efstu lið riðilsins komast áfram í umspilsleikina sem fara fram í júní.

Stelpurnar okkar hafa ekki komist á stórmót síðan á EM 2012 en það var þá þriðja stórmót Íslands í röð. Þórey Rósa var með á því móti, sem og HM 2011 í Brasilíu.

„Framtíðin er björt, tel ég. Reynslumiklir leikmenn eru á góðum aldri og við eigum líka marga góða unga leikmenn, sem hafa þurft að taka mikla ábyrgð og eru nú tryggari í sínum hlutverki. Það er auðvitað mikil vinna fram undan en við erum rétt að byrja á nýrri vegferð með nýjum þjálfara,“ segir hún en Axel Stefánsson tók við þjálfun landsliðsins í sumar.

„Auðvitað viljum við allar komast aftur á stórmót. En það verður ekki auðvelt. Við þurfum að taka eitt skref í einu og við byrjum á þessu.“

**eirikur@frettabladid.is**

### Guttinn kom með til Póllands

Sonur Þóreyjar Rósu, sem verður tíu mánaða í næsta mánuði, hefur fengið að fylgja móður sinni á æfingar og í keppnisferðir, bæði í Noregi og með íslenska landsliðinu. Guttinn var þannig með í för þegar Ísland fór í æfingaferð til Póllands í síðasta mánuði.

„Hann var mjög sáttur, enda með sextán píur að leika við sig,“ segir Þórey Rósa í léttum dúr en móðursystir hennar var einnig með í för sem barnapía. Hún hefur einnig mætt góðum skilningi hjá félagsliði sínu.

„Við erum tvær í liðinu með ung börn og það hefur hjálpað til. En aðalatriðið er skipulag og að vera innstilltur á að þetta sé erfitt. Ég viðurkenni að þetta hefur verið krefjandi haust en maður þarf að mæta þessu með ákveðnu kæruleysi og leyfa hlutunum að hafa sinn gang.“

Þórey þarf að keyra í 50 mínútur til að komast á æfingu og sem betur fer er sonur hennar góður í bíl og sefur yfirleitt á meðan ferðalagið varir. „Það er lykillinn að þessu öllu saman,“ segir hún og hlær.

> **Maður hefur meiri ró yfir sér á vellinum, þegar púlsinn er á fullu - eins skrítið og það kann að hljóma.**
>
> Þórey Rósa Stefánsdóttir, leikmaður íslenska landsliðsins

## Nýjast

**Forkeppni HM 2017**

**Ísland - Austurríki 28-24**

**Mörk Íslands:** Karen Knútsdóttir 5/1 (10/2), Birna Berg Haraldsdóttir 5/3 (11/3), Þórey Rósa Stefánsdóttir 4 (6), Arna Sif Pálsdóttir 3 (4), Steinunn Hansdóttir 3 (4), Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 3 (8), Lovísa Thompson 2 (2), Rakel Dögg Bragadóttir 2 (2), Hildigrunnur Einarsdóttir 1 (1).

**Varin skot:** Guðrún Ósk Maríasdóttir 13 (37/3, 35%).

Ísland fór vel af stað í forkeppni fyrir HM 2017 í handbolta er liðið vann fjögurra marka sigur á Austurríki. Leikurinn var jafn lengst af en Ísland vann síðustu 12 mínúturnar 6-2 og tryggði sér sigurinn. Stelpurnar mæta Færeyjum í dag og Makedóníu á morgun.

HÆTTIR Á TOPPNUM



Þýski ökuþórinn Nico Rosberg, nýkrýndur heimsmeistari í Formúlu 1, tilkynnti í gær, öllum að óvörum, að hann væri hættur. Hinn 31 árs gamli Rosberg tryggði sér sinn fyrsta, og að því er virðist eina, heimsmeistaratitil um síðustu helgi eftir baráttu við liðsfélaga sinn hjá Mercedes, Lewis Hamilton. „Næsta skref er að einbeita mér eingöngu að því að vera faðir og eiginmaður í bili. Ég hlakka mjög mikið til þess,“ sagði Rosberg sem er fyrsti ríkjandi heimsmeistarinn til að hætta síðan Frakkinn Alain Prost gerði það árið 1993.

STÓRVELDASLAGUR Á SPÁNI



El Clásico, leikur Barcelona og Real Madrid, fer fram á Nývangi klukkan 15:15. Real Madrid er með sex stiga forskot á Barcelona og strákarnir hans Zinedine Zidane geta komið sér í ansi þægilega stöðu með sigri í leiknum í dag. Real Madrid er taplaust í síðustu 26 deildarleikjum undir stjórn Zidanes og hefur ekki enn tapað leik á þessu tímabili. Barcelona endurheimtir Andrés Iniesta sem hefur verið frá vegna meiðsla að undanförnu. Nánar er fjallað um El Clásico á síðu 38 í blaðinu.

## Um helgina

**Stöð 2 Sport:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| L | 12.00 | Man. City - Chelsea | Sport |
| L | 14.25 | Dortmund - Gladb. | Sport 2 |
| L | 15.15 | Barcelona - Real Mad. | Sport |
| L | 16.25 | Skallagr. - Keflavík | Sport 3 |
| L | 17.00 | Hero World Ch. | Golfstöðin |
| L | 17.20 | West Ham - Arsenal | Sport |
| S | 13.20 | B'mouth - Liverpool | Sport |
| S | 15.50 | Everton - Man. Utd. | Sport |
| S | 16.00 | Hero World Ch. | Golfstöðin |
| S | 21.20 | NFL: Steelers - Giants | Sport |

**Frumsýningar á leikjum:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| L | 17.15 | Tottenh. - Swansea | Sport 2 |
| L | 19.00 | C. Palace - S'ton | Sport 2 |
| L | 19.00 | Sunderl. - Leicester | Sport 2 |
| L | 19.30 | Stoke - Burnley | Sport |
| L | 20.40 | WBA - Watford | Sport 3 |

**Olís-deild karla:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| L | 16.00 | Stjarnan - ÍBV | Mýrin |

**Domino's-deild kvenna:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| S | 15.00 | Snæfell - Haukar | Stykkish. |
| S | 15.30 | Njarðvík - Grindavík | Njarðv. |
| S | 16.00 | Valur - Stjarnan | Valshöllin |
| S | 16.30 | Skallagr. - Keflavík | Borgarn. |

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

# ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

## TILNEFNINGAR 2016

### FAGURBÓKMENNTIR






„Þær lifa alveg ótrúlega sögurnar hans Steinars Braga … Steinar Bragi er manna flinkastur að magna upp stemmningu og andrúmsloft … Hérna gerist einhver galdur.“
SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR / KILJAN

„Brjálæðislega flott tilþrif í stíl … honum tekst að slá á svo marga strengi í einni bók.“
EGILL HELGASON / KILJAN

„Rosaleg bók!“
ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„Stundum finnst manni Steinar Bragi hafa meiri hæfileika í litla putta en margir aðrir í öllum skrokknum.“
EGILL HELGASON / KILJAN
(UM *HIMININN YFIR ÞINGVÖLLUM*)


FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# *Gáfu lag* til að gera heiminn *betri*



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

**Svavar Pétur Eysteinsson** ber listamannsnafnið Prins Póló og minnir okkur á góðgæti. Svo gerir hann sig líka gildandi í góðverkum því hann hefur gefið Unicef jólalag og stefgjöldin af því renna óskipt til þeirra samtaka. Lagið heitir Jólakveðja og er flutt af hljómsveitinni Gosum með söngvarann Valdimar í öndvegi.

Það er geggjað að fá svona frábært jólalag að gjöf,“ segir Sigríður Víðis Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Unicef á Íslandi. „Lagið mun veita okkur ómetanlega hjálp við að vekja athygli á sönnum gjöfum. Hægt er að hlusta á það og horfa á myndbandið við það á vefnum sannargjafir.is þar sem fólk getur keypt gjafabréf og gefið hvert öðru í jólagjöf. Hvert gjafabréf gefur hjálpargögn fyrir börn, svo sem námsgögn, hlý teppi og moskítónet. Þannig gera sannar gjafir fólki kleift að rétta hjálparhönd á einfaldan og skemmtilegan hátt.“

Sigríður segir sannar gjafir hafa notið mikilla vinsælda hér á landi, ekki síst fyrir jólin, og nú leggi Prins Póló og hljómsveitin Gosar sitt af mörkum til að benda enn fleirum á þennan skemmtilega möguleika og gera heiminn betri.

Í myndbandinu sem fylgir laginu koma meðal annars fyrir ofskreytt jólatré, jólaskreyttur Valdimar og tónlistarmenn að smakka vítamínbætt jarðhnetumauk í ískulda. „Við erum himinlifandi með lagið og myndbandið og þetta hlýja og góða framtak,“ segir Sigríður. „Lagið kemur manni síðan beint í jólaskapið!“

## Saga lagsins Jólakveðju

Rétt fyrir síðustu jól greip mig gríðarleg jólastemning. Þar sem ég stóð inni í stofunni heima var eins og andi jólanna ætlaði að bera mig ofurliði. Ég staulaðist inn í svefnherbergi og greip með mér lítið Casio-hljómborð. Ég settist á rúmstokkinn og á skömmum tíma vall upp úr mér lítið jólalag.

Ég stakk laginu ofan í skúffu þar til nú í haust þegar ég dustaði af því rykið. Þegar Gosarnir, þeir Valdimar Guðmundsson, Snorri Helgason, Teitur Magnússon og Jón Mýrdal, heimsóttu okkur fjölskylduna í sveitina um daginn þá var ég langt kominn með að hljóðrita lagið og fékk ég því drengina til að leggja raddir sínar og gítarþukl ofan á upptökuna. Því næst sendi ég lagið í hljóðblöndun til Axels Árnasonar.

Þegar ég fékk lagið aftur í hendurnar velti ég því fyrir mér hvað ég ætti að gera við það og í anda boðskapar lagsins ákvað ég að gefa Unicef það.

**Prins Póló**







NÓA Konfekt
Gullni miðinn
NÓI SÍRÍUS
LEYNIST GULLNI MIÐINN
Í ÞINNI ÖSKJU?
Kauptu konfektöskju og þú gætir **unnið 65" Samsung sjónvarp** að verðmæti 299.995 kr.*
NÓA Konfekt
*Gildir um 800 g, 1 kg og 1,2 kg öskjur.
ARNASYNIR




**„Þegar maður er ástfanginn, þá langar mann helst að öskra það og segja öllum heiminum frá því. Mér líður svolítið þannig þegar ég er að læra eitthvað nýtt,“ segir Sævar Helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Í persónulegu sambandi við stjörnurnar

**Hvað hefur túbusjónvarp að gera með upphaf alheimsins? Og hvers vegna getur stjörnufræði verið byltingarafl og gert okkur auðmjúk? Stjörnuskoðarinn Sævar Helgi Bragason segir okkur hvers vegna. Hann vill endurvekja með manninum persónulegt samband hans við stjörnurnar. Varðveitum myrkrið, segir hann, því aðeins þannig sjáum við og skynjum tengsl okkar við heiminn.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Við eigum að varðveita myrkrið,“ segir Sævar Helgi Bragason stjörnuskoðari sem segir miður að langstærsti hluti náttúrunnar sé óðum að hverfa sjónum. Lýsing í borgum og bæjum sé orðin svo mikil að við skynjum ekki lengur samband okkar við náttúruna og heiminn. Honum er umhugað um þetta persónulega samband mannsins við stjörnurnar. Hann hefur gefið út bókina Stjörnuskoðun fyrir alla fjölskylduna sem fjallar um næturhimininn og það helsta sem sést með berum augum. „Við höfum myrkur og það þarf ekki að fara langt til að losna við ljósmengunina. Í Evrópu er orðið ómögulegt að sjá Vetrarbrautina á mörgum stöðum. Það eru gríðarleg verðmæti fólgin í ósnortnum næturhimni og mikil gæði. Því þetta persónulega samband skiptir máli, að við finnum að við erum hluti af heiminum, finnum fyrir smæð okkar. Það eru allt of margir sem horfa aldrei upp,“ segir Sævar.

## Eins og ástfanginn maður

Landsmenn þekkja Sævar af góðu einu, nefnilega því þegar hann stóð fyrir því að öll grunnskólabörn á Íslandi fengu sérstök gleraugu til að geta fylgst með sólmyrkvanum í mars 2015. Hann gerði það af hugsjón. Hann er drifinn áfram af ástríðu um að miðla áfram undrum alheimsins. „Ég hef svo rosalega þörf fyrir því að segja öðrum frá því sem mér finnst skemmtilegt. Þegar maður er ástfanginn, þá langar mann helst að öskra það og segja öllum heiminum frá því. Mér líður svolítið þannig þegar ég er að læra eitthvað nýtt sem mér finnst ótrúlega merkilegt. Þá langar mig að hlaupa út á götu og hrista fólk og spyrja það: Finnst þér þetta ekki merkilegt?

Það er svo ótrúlega margt áhugavert og merkilegt í kringum okkur. Mér finnst sorglegt þegar forvitnin í fólki deyr. Þá fer fólk á mis við svo margt.“

## Fróðleiksfúst barn

Sævar hefur alveg hreint ótrúlega mikið fyrir stafni. Hann er ritstjóri Stjörnufræðivefsins, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness, kennari í MR, pistlahöfundur í útvarpi og sjónvarpi. Hann heimsækir skóla, leiðbeinir ferðamönnum og leiðsögumönnum um norðurljós og stjörnur.

Vænst þykir honum um það hlutverk að tala um stjörnurnar við skólabörn. Sjálfur var hann dreymið barn og einkunnirnar ekki alltaf háar.

„Mér fannst fátt jafnskemmtilegt og að horfa upp í himininn þegar ég var lítill. Þegar ég var fimm ára og gekk í skóla á morgnana, þá horfði ég nú eiginlega meira upp í himininn en fram fyrir mig. Fannst himinninn svo fallegur og spennandi og vildi fá að vita hvað hann hefði að geyma.

Það var eiginlega enginn sem gat gefið mér almennileg svör. Ein fyrsta bókin sem ég vildi taka á bókasafninu var stjörnufræðibók. En mér var ráðlagt af kennaranum að taka eitthvað einfaldara. Ég kunni ekki að lesa þá. Svo þegar ég hafði aldur til og var nógu góður í að lesa þá drakk ég í mig stjörnufræðibækur. Allt sem tengist náttúrunni hefur mér fundist alltaf ótrúlega spennandi og heillandi. Jöklarnir, skýin, dýrin og lífið og allt saman. En þrátt fyrir fróðleiksfýsnina þá fékk ég ekki endilega góðar einkunnir. Alls ekki,“ segir Sævar og hlær. „Því ég lærði bara það sem mér fannst skemmtilegt og sinnti hinu nánast eiginlega ekki neitt.“

> ALLT OF MARGIR FARA SOFANDI Í GEGNUM LÍFIÐ. ÞAÐ ER KANNSKI ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ AÐ MÉR FINNST ÞAÐ SEM ÉG GERI MIKILVÆGT.

## Sofandi í gegnum lífið

Hann hefur sterka skoðun á því að fólk eigi að undrast og vera forvitið. Ungir sem gamlir. „Allt of margir fara sofandi í gegnum lífið. Það er kannski ástæðan fyrir því að mér finnst það sem ég geri mikilvægt. Ég vil vekja fólk. Ég trúi því statt og stöðugt að heimurinn verði betri ef við höfum meiri þekkingu á honum. Ef við víkkum hugann, gerum hann víðsýnni. Þá erum við líka betur í stakk búin til að taka erfiðar ákvarðanir. Við eigum auðveldara með að skipta um skoðun þegar ný þekking verður til. Ég trúi því að allir hafi hæfileika á einhverju sviði, sem þeir þurfi að finna og glæða lífi. Stundum fáum við ekki nógu góð tækifæri og þurfum að berjast. En maður uppsker eins og maður sáir. Mér leiðist keppni, mér leiðast einkunnir og mótun samfélagsins. Reynum að hafa gaman af þessu,“ segir hann. „Ástríðan, þegar þér tekst að glæða hana, þá fleytir hún þér ansi langt.“

## Breytir heiminum fyrir soninn

Sævar er einstæður faðir. Hann á sex ára son og bókin nýútkomna er tileinkuð honum. „Sonur minn veitir mér innblástur. Hann er að verða sex ára, hann á afmæli á gamlársdag. Hann er mjög forvitinn og mikill



Gott til gjafa...
Spandy 1200W Cyclone heimilsryksuga
9.790
Spandy pokalaus 500w heimilsryksuga
6.190
LuTool
LuTool Pússivél 560W m/hjámiðju snúning
11.990
FYLGIHLUTIR FÁANLEGIR
LuTool fjölnota hjakktæki til viðhalds - rafmagnstæki 300W.
7.890
Tact-320020 Tactix smáhlutabox 4 stk
1.799
MIKIÐ ÚRVAL
Made by Lavor
Lavor Galaxy 140 háþrýstidæla
140 bör max, 450 lítr/klst. 1900W
17.990
Lutool Borðsög 1800W 250mm
blað 54x50cm
28.990
Lutool veltisög
1800W 255mm blað
54.990
Lavor Pro Rudy 1200S
ryk/blautsuga 1200W 20 lítra
8.900
Made by Lavor
Drive skrúfvél
Lion rafhlaða 12V
6.990
LuTool Fjölnota sög 600W fyrir málm,
við, flísar og steypu, 3 blöð fylgja
13.990
LuTool
LuTool fjölnota hjakktæki
til viðhalds - þráðlaus með
12V LioIon rafhlöðu
8.990
Kaliber
Kailber KG-1503 Gasgrill
3 x 3KW brennarar, grill-
flötur 2520 cm², 9KW
43.900
JABO reykskynjari,
rafhlaða fylgir
1.490
GOTT ÚRVAL AF TOPPLYKLA- OG VERKFÆRA-SETTUM
Rafmagnshitablásari 2Kw
1.990
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!



„Við erum úr sömu efnum og jörðin sem við getum rakið til stjarna sem dóu,“ segir Sævar spurður um það fallegasta í fræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

aðdáandi Star Wars. Þetta er ótrúlega skemmtilegur aldur þegar þau eru að uppgötva heiminn. Maður á að gera allt sem maður getur til að halda þessari forvitni á lífi. Mig langar til þess að hann búi í heimi sem er fallegur og spennandi. Ég veit að ef við eflum áhuga barna á vísindum og náttúrunni þá smám saman færumst við í þá átt að heimurinn verður betri. Við leysum vandamál sem við stöndum andspænis og svo framvegis.

Auðvitað vil ég breyta heiminum. Og finnst fínt að byrja smátt og hugsa staðbundið. Ég er engin Elon Musk, sem framleiðir rafbíla til þess að koma á byltingu. En ég bara veit að við þurfum að horfa upp í himininn til að sjá hvað við erum hluti af stórri heild. Ég held að fólk sem færir okkur skilning sé fólk sem breytir heiminum. Hvort sem það eru vísindamenn eða listamenn. Þetta er nátengt, listir og vísindi í þessu samhengi.“

## Vanmáttur og auðmýkt

En þyrmir aldrei yfir hann þegar hann hugsar um alheiminn?

„Jú, sérstaklega þegar maður hugsar um upprunann og þróunina á endalokunum. Hvað heimurinn er virkilega stór. Stundum kemur tilfinning upp í hugann eins og maður skynji það, en svo dettur maður á jörðina, vanmáttugur. Forviða og fullur auðmýktar.

Maður lærir auðmýkt. Við búum á svo pínulítilli plánetu. Það er svo sorglegt hvað við erum að fara illa með hana,“ segir Sævar og beinir tali sínu til stjórnmálamanna.

„Umhverfisvernd á að snúast um það að við eigum að geta lifað hér. Við förum svo illa með hana að við erum að stofna heimili okkar í mikla hættu. Það er óþolandi að fylgjast með stjórnmálamönnum skella skollaeyrum við því sem þarf að laga. Fyrst og fremst, hættið þessum kreddum. Opnið hugann. Maður getur haft rangt fyrir sér. Það er ekkert að því. Þannig hafa allar framfarir í heiminum orðið, við höfum uppgötvað að við höfum rangt fyrir okkur. Við þurfum að breyta efnahag okkar ef að við ætlum að búa afkomendum okkar góða framtíð. Það er allt í lagi að treysta á vísindin en ekki leggja allt of mikið traust á þau. Þið nennið nefnilega ekki að fjármagna þau almennilega, þannig að við hverju búist þið?

Það er ekkert hættulegt og ekkert sárt að breyta um kúrs og hefja vegferðina í að leysa vandamálin,“ bendir Sævar á. „Opnið huga ykkar, fyrst og fremst. Lærið eitthvað nýtt um heiminn. Hugsið um hagsmunina. Það er ekki nóg að hugsa til næstu fjögurra ára. Stjórnmálamenn, gerið eitthvað stórkostlegt,“ biður hann um.

„Stjörnufræðin hefur veitt okkur þá víðsýni sem við þurfum til að breyta heiminum. Innblástur. Samt er það þannig að það vill enginn draga neitt úr sínu. Mér finnst í þessu sambandi að fólk ætti að hlýða speki Hávamála. Orðstír deyr aldrei, segir þar.“

## Frá okkur til stjarnanna sem dóu

En hvað skyldi vera það fallegasta sem hann hefur rekist á í þessum fræðum? „Fallegasta staðreynd sem ég veit um er að öll efnin í líkamanum okkar urðu til þegar stjörnur dóu. Þegar stærstu stjörnur alheimsins springa þá framleiða þær öll þau efni sem við erum búin til úr og dreifa þeim um heiminn. Átta milljörðum ára eftir að heimurinn varð til, varð jörðin til. Við erum úr sömu efnum og jörðin sem við getum rakið til stjarna sem dóu. Mestu hamfarir heimsins síðan Miklihvellur varð. Mér finnst það svo fallegt, því það tengir okkur ekki bara við alheiminn efnafræðilega séð heldur líka í tíma. Þessar hamfarir leiddu til þess að við urðum til. Og svo heldur hringrásin áfram. Því þegar við deyjum þá fara efnin úr okkur ofan í moldina, inn í jörðina sem aðrar lífverur nærast á. Endalaus hringrás, aftur og aftur. Mér finnst hann fallegur, þessi óslitni þráður. Frá okkur til stjarnanna og uppruna alheimsins.“

## Tímaspursmál

Og þá að spurningunni sem hann fær alltaf. Hvað með líf á öðrum hnöttum? „Það er tímaspursmál að við verðum vör við líf. Ég vona að það gerist á minni ævi. Ég er ekki mjög bjartsýnn, en ég er sannfærður um líf í geimnum. Það er rökrétt. Fjöldi stjarna er svo yfirþyrmandi mikill, tölfræðilega séð getur ekki annað verið en að það sé líf einhvers staðar þarna úti.“

> Í TÚBUSJÓNVARPINU VAR AÐ FINNA SÖNNUNARGAGN UM AÐ ALHEIMURINN Á SÉR EITT UPPHAF. MEÐ ÞVÍ AÐ STILLA Á SNJÓKOMUNA ÞÁ GETUR ÞÚ HLUSTAÐ Á SUÐ. EITT PRÓSENT AF ÞESSU SUÐI KEMUR FRÁ BAKGRUNNSGEISLUM ALHEIMSINS.

Hver er mest krefjandi spurning fræðanna?

„Það er bara hvernig heimurinn varð til. Fræðin segja okkur ekki hvernig hann varð til. Bara hvað gerðist eftir að hann varð til. Þessi spurning um það hvernig heimurinn varð til er spurningin í kolli hvers stjörnufræðings, ráðgátan.

Vísindin eru ævintýri. Við erum að læra um okkur sjálf, læra um heiminn í kringum okkur. Hvaða ævintýri gæti verið stórbrotnara?“

## Upphaf alheims í túbusjónvarpi

Sævari finnst skemmtilegt að vekja fólk til umhugsunar með skemmtilegum sögum. Og það gerir hann núna. Meira að segja túbusjónvarpið sem fólk fleygði á haugana í síðasta góðæri geymdi magnaðan leyndardóm. „Það eru fáir sem vita það, en í túbusjónvarpinu var að finna sönnunargagn um að alheimurinn á sér eitt upphaf. Með því að stilla á snjókomuna þá getur þú hlustað á suð. Eitt prósent af þessu suði kemur frá bakgrunnsgeislum alheimsins sem er merki um að heimurinn hafi átt sér eitt upphaf. Út frá þessu suði má læra ýmislegt um það hvernig heimurinn þróast, allt þetta í túbusjónvarpinu,“ segir Sævar og hlær. „Þetta er allt í kringum okkur. Við þurfum bara að vilja sjá það, heyra í því. Horfa.“

## Af hverju ekki ESA?

Hvernig er staða stjörnufræði og vísinda á Íslandi? „Við eigum að fjármagna háskólann okkar betur. Stjörnufræði er ekkert rosalega öflug, hún er tiltölulega ný vísindagrein á Íslandi. Við erum hluti af norræna sjónaukanum sem er risastórt og byltingarkennt tæki. Þetta er sjónauki staðsettur á La Palma á Kanaríeyjum. En við ættum að hugsa stærra og taka til dæmis þátt í starfi Geimvísindastofnunar Evrópu, ESA. Við erum eitt af fáum Evrópuríkjum sem taka ekki þátt. Það skilur eiginlega enginn af hverju við tökum ekki þátt, því þetta kostar lítinn pening. Þetta eru um 800-1.200 milljónir á ári. Það yrði gífurleg lyftistöng fyrir Ísland að taka þátt og myndi sporna við spekileka. Þetta er ódýr lausn sem gæti haft víðtæk áhrif til lengri tíma. Annað en þessar stóru lausnir sem stjórnmálamenn tala um. Með fullri virðingu fyrir hugmyndum um áburðarverksmiðjur framtíðar,“ segir Sævar hæðnislega. „Stjórnmálamenn þurfa að hugsa lengra en í heimahagana.“

Sævar sjálfur leggur hart að sér til þess að búa á Íslandi. „Af hverju flyt ég ekki bara út? Ég er stundum spurður að því. Ég þarf að búa í foreldrahúsum á meðan ég reyni að koma undir mig fótunum. Ég hef mikla ánægju af starfi mínu en afkoman er stundum bág. Ég er bara í sömu sporum og margir af minni kynslóð. Ég neyddist til að flytja aftur heim og er fastur þar í bili. Ég er kennari og launin eru ekkert frábær. En þetta er bara svo skemmtilegt og frábærir nemendur. Þetta er svo efnilegt fólk, við þurfum að hlúa að því til lengri tíma litið. Ég fer oft í skóla og tala við börn um geiminn og heiminn, stundum geri ég það ókeypis. Ég veit að ég ætti ekki að gera það en ég hef bara þessa þörf fyrir að miðla þessari þekkingu. Koma á þessu sambandi við heiminn.“

## Skoðaðu sólkerfið úr garðinum

Og þetta samband? Þarf sjónauka? Eftir hverju á ég að líta? „Það þarf ekki endilega sjónauka,“ segir Sævar. „Farðu til dæmis bara út þegar sólin sest og horfðu til himins. Ef þú horfir til austurs og það er heiðskírt þá getur þú séð gráfjólublátt belti, þér finnst þetta örugglega fallegt en veist ekki hvað þetta er, þetta er skugginn sem jörðin varpar í geiminn. Þessi skuggi er stór. Fyrir ofan skuggann er rósbleikt belti. Þetta er kallað belti Venusar,“ segir hann.

„Þú getur skoðað sólkerfið úr garðinum heima,“ bendir hann á en í dag, laugardag 3. desember, segir hann tilvalið að líta upp við sólsetur og sjá Venus. „Núna er tunglið vaxandi á himnum, þá verður það fallega sigðarlaga í vestri. Rétt þar hjá verður Venus skær og falleg. Það verður fallleg samstaða Venusar og tunglsins og ef fólk horfir vel þá má sjá Mars líka, sem er örlítið appelsínugulur á lit en miklu daufari en Venus.

Svona samstöður verða reglulega og þær eru alltaf jafn óskaplega fallegar og þess vegna hvet ég fólk alltaf til að horfa á þær,“ segir hann.



## Næturregnbogar

Þegar tunglið er fullt kemur það fyrir að regnbogar sjáist að nóttu til. Regnbogar myndaðir af tungli kallast tunglbogar. Auðveldasta leiðin til að sjá tunglboga er að fara að fossi á fullu tungli. Tunglið verður að vera beint fyrir aftan þig til að regnbogi sjáist í úðanum frá fossinum.



## Blátt tungl

Fyrir kemur að tvö full tungl verða í einum mánuði. Það getur gerst ef fyrra fulla tunglið er fyrsta eða annan dag mánaðar. Þá verður aftur fullt tungl í lok sama mánaðar. Stundum er þetta seinna fulla tungl kallað blátt tungl.

Af reikistjörnunum sjáum við fimm með berum augum, þær Merkúríus, Venus, Mars, Júpíter og Satúrnus.



## Venus

Þegar reikistjarnan sést á himninum er hún ægibjört og undurfögur, bjartari en björtustu stjörnur. Aðeins tunglið og sólin eru bjartari. Venus er raunar svo björt að hægt er að koma auga á hana um hábjartan dag ef þú veist hvert á að horfa. Líkt og Merkúríus kemst Venus ekki ýkja langt frá sólinni á himnum. Venus sérðu því nánast aldrei um miðja nótt, aðeins á kvöldin eða morgnana.


Síminn
Myndarlegir kaupaukar og háskerpa á hátíðarverði
Ferskustu iPhone símarnir, Samsung 4K snjallsjónvörp og litrík Apple Watch úr.
iPhone 7
Verð frá 124.990 kr.
iPhone 7 Plus
Verð frá 134.990 kr.
Apple TV 4 að verðmæti 26.990 kr. fylgir með fyrir viðskiptavini með síma- eða netáskrift hjá Símanum
Apple TV 4
26.990 kr.
MENU
tv
Samsung 55“
4K LED snjallsjónvarp
TILBOÐ: 159.990 kr.
Fyrir viðskiptavini með Heimilispakkann
Almennt verð: 199.990 kr.
Samsung 65“
4K LED snjallsjónvarp
TILBOÐ: 259.990 kr.
Fyrir viðskiptavini með Heimilispakkann
Almennt verð: 349.990 kr.
Apple Watch
64.990 kr.
Komdu við í verslunum Símans og skoðaðu stórglæsilegt úrvalið
Gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um villur- og verðbreytingar. Önnur afsláttarkjör gilda ekki með jólatilboðum.
siminn.is/jol



Harðangursdúkur, sérhannaður fyrir Laufáskirkju í Eyjafirði, eftir Ingu Gústafsdóttur. MYND/JENNÝ



Anna frá Moldnúpi heklaði þessa blúndu þegar hún var í síld á Raufarhöfn og gaf kirkjunni þar dúkinn. MYND/JENNÝ

# Oft tengist *kærleikur* gerð altarisdúka

**Jenný Karlsdóttir**, fyrrverandi kennari, rannsakar altarisdúka í eigu íslenskra kirkna ásamt vinkonu sinni, Oddnýju E. Magnúsdóttur þjóðfræðingi. Þær hafa þegar heimsótt um 200 kirkjur í landinu og eiga álíka fjölda eftir. Í ferðunum safna þær myndum og sögum af þeim gersemum sem margir handunnir altarisdúkar eru.



Jenný hefur viðað að sér þekkingu á handverki í tæp 70 ár. Á síðustu árum hefur hún tekið myndir af um 300 íslenskum altarisdúkum og er hvergi nærri hætt. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Mín áhugamál tengjast handverki að mestu, enda er ég alin upp við handverk. Pabbi var bólstrari og mamma eina íslenska konan sem lauk námi í körfumublusmíði. Einn vetur var ég í Noregi í skóla og stúderaði myndvefnað, fór mikið á sýningar og í kirkjur og einhverra hluta vegna fékk ég áhuga á altarisdúkum enda hafði ég lengi safnað textíl og sýslað með munstur. Ég hafði samband við vinkonu mína, Oddnýju E. Magnúsdóttur á Húsavík, sem er þjóðfræðingur og spurði hvort hún væri ekki til í að koma með mér í íslenskar kirkjur að skoða altarisdúka og hún var það. Þannig fór snjóboltinn af stað."

Þetta segir Jenný Karlsdóttir, fyrrverandi kennari, sem vinnur að því að mynda og skrá altarisdúka í öllum kirkjum landsins. „Við Oddný erum búnar að kemba Norðurlandið, Borgarfjörð, Árnessýslu og Fljótsdalshérað og fara þar í hátt í 200 kirkjur. Ég gæti trúað að dúkarnir væru orðnir um 300 því sumar kirkjur eiga gamla dúka, aflagða og okkur finnst mikill fengur í að fá að skoða þá og mynda. Sumir eru líka komnir á söfn í sínum heimahéruðum og hefur jafnvel verið bjargað úr ruslapokum," segir Jenný og tekur fram að þær Oddný séu fyrst og fremst að rannsaka munstrin, verkefnið komi trúmálum ekkert við.



Gamall dúkur með feneyjasaumi í eigu Garðskirkju í Kelduhverfi. „Þetta munstur er ekki algengt en þó höfum við fundið það á nokkrum stöðum," segir Jenný.

Jenný segir aðallega þrjár hannyrðaaðferðir notaðar við gerð altarisdúka, hekl, harðangurssaum og feneyjasaum. Einnig séu dúkar handofnir og gerðir með fleiri aðferðum. „Dúkar með feneyjasaumi eru yfirleitt gamlir. Þeir elstu sem við höfum rekist á eru um það bil aldargamlir og nokkrir enn í notkun. Það er erfitt að nálgast munstur á slíkum dúkum nú orðið."

Þær Jenný og Oddný sækjast eftir að skrá aldur og vinnslusögu dúkanna og af hvaða tilefni þeir hafa komist í eigu viðkomandi kirkna. Þar styðjast þær einkum við upplýsingar heimafólks sem þær hitta á ferðum sínum en ýmislegt er líka skráð í kirkjubækur. „Oft tengjast kærleikur og virðing gerð altarisdúka, í mörgum tilfellum eru þeir minningargjafir. Við vitum dæmi um að fleiri en einn ættliður hefur sameinast um að gera dúk, jafnvel heilt kvenfélag þannig að dúkur hafi gengið á milli kvenna þar til saumaskap var lokið. Til er líka að kona hafi séð fyrir sér rúmlegu eða rólegheit í einhvern tíma og þá notað tímann í að gera altarisdúk. Svo hafa nokkrar konur gert marga altarisdúka. Ein þeirra var Anna frá Moldnúpi undir Eyjafjöllum, við höfum víða rekist á dúka eftir hana."

Altarisdúkarnir eru eftir konur í langflestum tilfellum, að sögn Jennýjar. „Á öllu Norðurlandi vitum við bara um einn dúk sem karlmaður tók þátt í að gera með því að teikna munstur fyrir konu sína. Á sumum

Við sérhæfum okkur í
Háræðaslitsmeðferðum
Góður árangur – Gott verð







Bjóðum einnig árangursríka húðslípimeðferð







Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com



**Gamall dúkur með hekluðri blúndu sem geymir sjaldgæft munstur.**
MYND/JENNÝ

öðrum svæðum koma karlmenn örlítið meira við sögu.“ Dúkarnir hafa varðveist misjafnlega. Jenný segir þá einkum eiga þrjá óvini. Þvottavélar og þurrkarar eru þar algerlega í fyrsta sæti. Sólin er óvinur númer tvö og svo eru það mýsnar. „Eina gamla konu hitti ég sem hafði jafnan tólgarmola eða kerti einhvers staðar undir kirkjubekk, svo mýsnar gæddu sér síður á dúknum.“

Jenný segir alltaf gaman að sjá ný munstur og dúk sem fer vel á altari kirkjunnar. „Það þarf öðru vísi munstur í stórar kirkjur en litlar og verður að huga að því að hönnun dúks falli vel að hverri kirkju fyrir sig. Spurð hvort hún telji um listaverk að ræða þar sem altarisdúkar séu segir Jenný að minnsta kosti listahandverk á sumum þeirra.

**VIÐ VITUM DÆMI UM AÐ FLEIRI EN EINN ÆTTLIÐUR HEFUR SAMEINAST UM AÐ GERA DÚK, JAFNVEL HEILT KVENFÉLAG ÞANNIG AÐ DÚKUR HAFI GENGIÐ Á MILLI KVENNA ÞAR TIL SAUMASKAP VAR LOKIÐ.**

„Svo hafa listakonur líka hannað og unnið dúka sem eru þá einstakir,“ segir hún og getur þess að áhugi virðist á margs konar handverki í dag og vonandi verði svo áfram.

En sitja íslenskar konur enn við að bródera eða hekla altarisdúka? „Já, já, það er víða verið að gera dúka. Til dæmis er kominn nýr og fallegur dúkur í Reykholtskirkju í Borgarfirði sem Helga Magnúsdóttir saumaði og líka kom sérhannaður dúkur eftir Bryndísi Símonardóttur í Saurbæjarkirkju í Eyjafirði á þessu ári. Mjög merkilegt framtak,“ segir Jenný sem næst er spurð hvað þær stöllur ætli að gera við upplýsingarnar sem þær eru að safna um altarisdúka landsins. Er þetta doktorsverkefni? „Ja, ekki er það beint á dagskrá. Áður en farið er að skoða svoleiðis þarf rannsóknin að ná yfir allt landið. Við eigum Breiðafjörð, Snæfellsnes, Vestfirði, höfuðborgarsvæðið, Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslur og Austfirði eftir.

Stundum finnst okkur við vera í kapphlaupi við tímann við að afla upplýsinga um gamla altarisdúka. Við settum okkur markmið í upphafi. Það fyrsta var að skoða munstur á altarisdúkum, annað var að hafa gaman af því og þriðja var að gera okkur þetta að kostnaðarlausu. Í upphafi sóttum við um styrk til Kristnihátíðarsjóðs og kom hann okkur vel af stað. Ýmsir fleiri menningarsjóðir hafa styrkt verkefnið og erum við þakklátar fyrir. Við lifum mjög spart á ferðalögum okkar, en bensínkostnaður er óhjákvæmilegur. Auðvitað dreymir okkur um fjármagn til að halda áfram þessari vinnu.


# Jól2016

**Hjá okkur færðu þýsk gæðatæki frá Siemens, Bosch og Gaggenau. Fyrir jólin bjóðum við fjölda glæsilegra tækja á sérstöku jólaverði. Komdu til okkar og gerðu frábær kaup þér og öðrum til ánægju.**



**Bosch Handryksuga**
BKS 4043

Öflug, 14,4 V. Sýgur upp þurr óhreinindi, agnir og vökva.

Jólaverð:
**6.900 kr.**
Fullt verð: 8.900 kr.



**Rommelsbacher Vöfflujárn**
WA 1000/E

Glæsilegt 1000 W vöfflujárn úr burstuðu stáli frá þýska framleiðandanum Rommelsbacher. Viðloðunarfrítt yfirborð.

Jólaverð:
**10.900 kr.**
Fullt verð: 13.900 kr.



**Pralin Hangandi ljós**
65641-16

Jólaverð:
**16.900 kr.**
Fullt verð: 21.900 kr.



**Bosch Töfrasproti**
MSM 67170

Kraftmikill, 750 W. Hljóðlátur og laus við titring. Losanlegur neðri hluti sem má þvo í uppþvottavél. Skál með loki, stór hakkari, ísbrjótur og þeytari fylgja með.

Jólaverð:
**8.900 kr.**
Fullt verð: 11.900 kr.



**Bosch Matvinnsluvél**
MCM 3110W

800 W. Tvær hraðastillingar og ein púlsstilling. Tætir, sneiðir, rífur og sker. 2,3 lítra skál. Örugg í notkun: Fer aðeins í gang þegar lok er í læstri stöðu.

Jólaverð:
**9.500 kr.**
Fullt verð: 11.900 kr.



**SIEMENS Espressó-kaffivél**
TE 515209RW

Alsjálfvirk kaffivél sem býr til helstu kaffidrykki með einum hnappi. 15 bara þrýstingur. Kaffikvörn úr keramík sem gerir vélina hljóðláta.

Jólaverð:
**109.900 kr.**
Fullt verð: 139.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Opið alla

# JÓLAGJAFIR Á H




acer

## 13,3" OG FJÓRIR KJARNAR

Traust Acer Aspire fartölva með fjögurra kjarna Intel örgjörva. Hentar vel í alla hefðbundna tölvuvinnslu heimilisins.

ACE-NXMZUED028

**59.995**
ÁÐUR 69.995




## STÓR 32" MEÐ IPS

FullHD háskerpuskjár útbúinn með Flicker-Free tækninni og IPS skjátækni. Mikið vinnupláss og glæsileg hönnun.

PHS-323E7QDAB

**49.995**
ÁÐUR 59.995




## HLJÓÐLÁTT LEIKJALYKLABORÐ

Mekanískir Cherry MX Silent Red takkar sem heyrist mun minna í og RGB LED baklýsing.

COR-CH9000121ND

**24.995**
ÁÐUR 29.995




## 6GB GEFORCE GTX 1060

VR ready GTX 1060 í Strix línunni sem tryggir öfluga grafíska vinnslu og hljóðláta spilun. 3 ára ábyrgð.

ASU-STRIXGTX106006G

**52.995**
ÁÐUR 59.995




## ÞRÁÐLAUS BLUETOOTH STÝRIPINNI

Steelseries Bluetooth stýripinni sem virkar með Apple TV og er með stuðningi fyrir fleiri hundruð leiki í App store.

STE-69070

**9.995**
ÁÐUR 12.995




## WI-FI OG SNJALLPRENTUN

Fjölnotaprentari sem prentar, skannar og ljósritar. Einfalt og notendavænt stjórnborð.

EPS-XP235

**9.995**
ÁÐUR 11.995




## STREYMDU Á YOUTUBE Í BEINNI!

Razer Ripsaw upptöku- og streymiskort fyrir PC og Console með HDMI tengi sem styður 1080p 60Hz upptöku.

RAZ-RZ2001780100R3G1

**24.995**
ÁÐUR 29.995




## HOPPANDI MYNDAVÉLADRÓNI

Stórskemmtilegur hraðskreiður dróni sem getur hoppað allt að 80cm og kemst upp í 2m/s

PAR-JUMPINGSUMOBLACK

**12.995**
ÁÐUR 16.995

Birt með fyrirvara um myndbrengl og vitleysur.

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI

TÖLVU

helgina

# ELGARTILBOÐI




ÓTRÚLEGT JÓLATILBOÐ

nextbook

## 8" SPJALDTÖLVA Í LEIKINA

Vinsæl jólagjöf fyrir börnin á ótrúlegu tilboði. Fjögurra kjarna örgjörvi og Android Kit Kat 4.4.2. sem gefur aðgang að þúsundum ókeypis leikja og smáforrita.

NEX-NX785QC8G

**12.995**
ÁÐUR 14.995




-15.000

## INTEL i3 OG SSD

Glæsilega hönnuð 13,3" Intel i3 fartölva með hraðvirkum 128GB SSD diski og Intel HD Graphics 5500 grafíkkjarna.

ACE-NXMPGED058

**84.995**
ÁÐUR 99.995




-18%

## 2TB VASAFLAKKARI

Ótrúlega nettur og meðfærilegur 2TB Toshiba Canvio flakkari fyrir gögnin með USB 3.0 hraðafritun.

TOS-HDTB320EK3CA

**13.995**
ÁÐUR 16.995

-22%




## 128GB ULTRA FIT MINNISLYKILL

Þessi smávaxni minnislykill geymir heil 128GB af gögnum og því tilvalin leið til að auka geymslupláss fartölvunnar.

SDI-SDCZ43128G

**6.995**
ÁÐUR 8.995

-30%




## FERÐAHLEÐSLA Í KREDITKORTASTÆRÐ

Risastór 10.000mAh USB hleðslurafhlaða með allt að 2.4A hraðhleiðslu. Hægt að hlaða flest tæki 2-3 sinnum.

ASU-ZENPOWERSI

**6.995**
ÁÐUR 9.995




-7.000

## 10" ZENPAD SPJALDTÖLVA

Virkilega öflug og stór spjaldtölva með fjögurra kjarna Cortex A53 örgjörva, hágæða IPS skjátækni og 2GB DDR3.

ASU-Z300M6A053A

**32.995**
ÁÐUR 39.995

-5.000



## STEELSERIES SIBERIA 650

Einstök heyrnartól bæði fyrir tónlist og leiki. Dolby 7.1 surround og svo stillanlegur LED hringur.

STE-51192

**24.995**
ÁÐUR 29.995




-20.000

## VIVO MINI SMÁTÖLVA

Ótrúlega smávaxin tölva með Intel i3 örgjörva og 500GB hörðum diski. Tekur mjög lítið borðpláss og sómir sér vel hvar sem er.

ASU-UN65HM015Z

**69.995**
ÁÐUR 89.995

LISTINN

B Jólareikningur EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR

0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.

# HELGAR

## OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-18 og SUN. 13-18 Á SUÐURLANDSBRAUT




**LG 32LH510U**
32" LED sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn. 300Hz PMI. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. 6W Virtual Surround hljóðkerfi.

**TILBOÐ**
**39.995**
VERÐ ÁÐUR 49.995




**LG 49LH510V**
49" LED sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn. Dynamic Color Correction. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. 10W Surround Plus hljóðkerfi. HDMI tengi, Scart, Component og CI rauf.

**TILBOÐ**
**69.995**
VERÐ ÁÐUR 99.995

MELISSA



**Melissa 16670069**
Nefháraklippur fyrir nef, eyru, augabrúnir og barta. Ryðfríir stálhnífar. Tveir hausar fylgja. Notar 1 x AA rafhlöðu.

**TILBOÐ**
**995**
VERÐ ÁÐUR 1.995

PRINCESS



**Princess 212062**
Smoothie blandari með stiglausum hraðastilli og Turbo Boost. 3 glös fylgja með /0.48L / 0.28L / 0.15L). Lok fylgir.

**TILBOÐ**
**3.995**
VERÐ ÁÐUR 7.995

wilfa



*Karafla og glös fylgja!*

**Wilfa BL1200B**
1200w KNUS S blandari með 1.8L glerkönnu. Stiglaus hraðastillir og púls. Losa má hnífa og hreinsa.Gúmmítappar.

**TILBOÐ**
**12.995**
VERÐ ÁÐUR 17.995



**ÖRBYLGJUOFNAR**
**20% AFSLÁTTUR**



**TECHNOLINE VEÐURSTÖÐVAR**
**20% AFSLÁTTUR**



techno line MIKIÐ ÚRVAL

**STRAUJÁRN OG STRAUBRETTI**
**20% AFSLÁTTUR**



**MIO HEILSUÚRIN**
**30% AFSLÁTTUR**



MIO




**Jólareikningur**
**EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR**

*0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.*

# TILBOÐ

**OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI**




**Panasonic TX55DX603E**
55" Ultra HD Smart VIERA LED sjónvarp með 3840x2169 punkta upplausn Quad Core Pro örgjörva. Netflix í 4K og Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. Sjónvarpið má tengja við app og nota með snjalltækjum.

4K ULTRA HD TV · my Home Screen 2.0 · QUAD-CORE PRO

**TILBOÐ 129.995**
VERÐ ÁÐUR 189.995

## ÖLL HEYRNARTÓL
## 15-50% AFSLÁTTUR



## DOLCE GUSTO KYNNING

**TVÆR 480 GR DÓSIR AF QUALITY STREET FYLGJA**

Fallegar, sjálfvirkar kaffivélar sem nota Dolce Gusto kaffihylki. Stillanlegt vatnsmagn og slökkva á sér sjálfkrafa ef þú gleymir því.



**TILBOÐ 22.995**
VERÐ ÁÐUR 34.995

NESCAFÉ Dolce Gusto

**TILBOÐ 24.995**
VERÐ ÁÐUR 34.995

**PHILIPS**

### PHILIPS GOURMET KAFFIVÉLAR SEM SJÓÐA VATNIÐ

**15% AFSLÁTTUR** og ilmandi kaupauki fylgir meðan birgðir endast.

**1 KÍLÓ** af dýrindis **Gevalia** kaffi og Göteburg piparkökur.



**TILBOÐ 19.995**
VERÐ ÁÐUR 23.995

**TILBOÐ 24.995**
VERÐ ÁÐUR 29.995

**PHILIPS Senseo**



**KAUPAUKI**

**2 Senseo kaffiglös og 5 pakkar af unaðslegu Senseo kaffi**

**Philips HD781760**
Original Senseo kaffivél sem hellir upp á 1 eða 2 bolla í einu. Hver bolli er ferskur og með froðu. Tekur aðeins 30 sekúndur að laga. Slekkur á sér eftir 30 mín.

**VERÐ 13.995**
FRÁBÆRT VERÐ

*OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA*

**Heimilistæki** ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## LEIKVANGURINN

# Barátta þeirra bestu

**Stærsti knattspyrnuleikur hvers árs fer fram í dag þegar Real Madrid, sem hefur ekki tapað í 32 leikjum, og Barcelona sem hefur ekki verið að spila vel að undanförnu, mætast. Þar etja kappi Cristiano Ronaldo og Lionel Messi, tveir af bestu knattspyrnumönnum allra tíma.**





Hvort sem fólk segir að Messi sé betri en Ronaldo eða að Ronaldo sé betri en Messi þá hafa allir rétt fyrir sér. Þeir eru tveir langbestu leikmenn nútímans. Og það er engin samkeppni. Þegar þessir leikmenn kveðja stóra knattspyrnusviðið þá er enginn að koma í staðinn. Það er enginn nýr Ronaldo á leiðinni og það er sannarlega enginn Messi á leiðinni. Ekki næstu tíu ár allavega.

Þeir félagar hafa verið kosnir bestu leikmenn heims síðan 2008. Sá síðasti sem vann Baloon d'Or verðlaunin á undan þeim var Kaka þegar hann var á hátindi ferils síns. Messi og Ronaldo voru í öðru og þriðja sæti.

Rígurinn á milli þeirra hefur að miklu leyti verið búinn til af fjölmiðlum. En rígurinn hefur einnig gert þá betri. Alveg eins og Ayrton Senna gerði Alain Prost betri ökumann og Joe Frazier gerði Muhammad Ali að betri boxara og Detroit Pistons bjó til Michael Jordan. Keppnin þeirra á milli hefur verið svo mögnuð undanfarin ár að á tímabili virtist Messi skora fjögur mörk á sunnudegi ef Ronaldo skoraði þrjú á laugardegi. Það hefur verið svo mikil unun að horfa á þá sparka tuðru í netið undanfarin ár að lýsingarorð hreinlega skortir.

Það var mikið skrifað um hversu mikið hatur væri á milli þeirra hér áður fyrr, en Ronaldo sagði nýverið í viðtali við tímaritið Coach að þó þeir væru engir sérstakir vinir utan vallar þá væri virðingin innan vallar gríðarleg. „Fjölmiðlar vilja búa til að það sé rígur á milli okkar en svo er ekki. Það ríkir gagnkvæm virðing okkar á milli.

Við erum engir perluvinir en berum virðingu hvor fyrir öðrum.“

Messi sagði fyrir Ballon d'Or-hátíðina 2008 að hann myndi gjarna vilja spila í sama liði og Ronaldo. „Auðvitað myndi ég vilja það. Ég hef verið heppinn að spila með mörgum frábærum leikmönnum en auðvitað væri gaman að spila með honum einn daginn.“

Þeir félagar hafa mæst 30 sinnum á ferlinum. Messi hefur unnið 14 þessara leikja, Ronaldo níu og sjö sinnum hefur verið jafntefli. Báðir hafa skorað 17 mörk í þessum leikjum. Þeir mættust í fyrsta sinn árið 2008 þegar Ronaldo var enn hjá Manchester United. Hann klikkaði þá á víti en United fór áfram með marki Pauls Scholes. Fjölmiðlar byjuðu þá að skrifa um þá tvo sem þá bestu og að leikurinn yrði einvígi þeirra á milli. Í úrslitaleiknum í Meistaradeildinni ári síðar mættust liðin í Róm þar sem stjarna Messi skein á meðan ský voru yfir Ronaldo og pirringur hans augljós.

Tölfræði þessara langbestu leikmanna heims er stjarnfræðilega geggjuð. Hún er það. Hvert sem litið er eru þeir á toppnum. Og stundum er Messi fyrir ofan Ronaldo og stundum er Ronaldo fyrir ofan Messi. Þeir eru langbestu leikmenn nútímans og ef þér finnst Messi vera betri en Ronaldo þá er það bara allt í lagi. Það er líka allt í lagi finnist þér Ronaldo vera betri en Messi. Það er ekkert rétt svar við spurningunni hvor sé betri. Það hafa allir rétt fyrir sér.

### Gullskór Evrópu

| ÁR | NAFN | MÖRK |
|---|---|---|
| 2007–08 | **Cristiano Ronaldo** | 31 |
| 2008–09 | Diego Forlán | 32 |
| 2009–10 | **Lionel Messi** | 34 |
| 2010–11 | Cristiano Ronaldo | 40 |
| 2011–12 | **Lionel Messi** | 50 |
| 2012–13 | **Lionel Messi** | 46 |
| 2013–14 | **Cristiano Ronaldo** og Luis Suárez | 31 |
| 2014–15 | **Cristiano Ronaldo** | 48 |
| 2015–16 | Luis Suárez | 40 |

### Ballon d'Or

| ÁR | SIGURVEGARI | ANNAÐ SÆTI |
|---|---|---|
| 2008 | **Ronaldo** | **Messi** |
| 2009 | **Messi** | **Ronaldo** |
| 2010 | **Messi** | Iniesta |
| 2011 | **Messi** | **Ronaldo** |
| 2012 | **Messi** | **Ronaldo** |
| 2013 | **Ronaldo** | **Messi** |
| 2014 | **Ronaldo** | **Messi** |
| **2015** | **Messi** | **Ronaldo** |

### Markahæstu leikmenn Meistaradeildarinnar

| NAFN | LIÐ | MÖRK |
|---|---|---|
| **1. Cristiano Ronaldo** | Manchester United, Real Madrid | **95** |
| **2. Lionel Messi** | Barcelona | **92** |
| **3. Raúl** | Real Madrid, Schalke | **71** |
| **4. Ruud van Nistelrooy** | PSV, Manchester United, Real Madrid | **56** |
| **5. Thierry Henry** | Monaco, Juventus, Arsenal, Barcelona | **50** |

### Tölfræðin á tímabilinu

| | LEIKIR | STOÐS. | MÖRK |
|---|---|---|---|
| **Messi** | 16 | 7 | 19 |
| **Ronaldo** | 15 | 6 | 12 |

### Tölfræðin á árinu

| | LEIKIR | STOÐS. | MÖRK |
|---|---|---|---|
| **Messi** | 58 | 32 | 55 |
| **Ronaldo** | 53 | 17 | 51 |

### Tölfræði ferilsins

| | LEIKIR | STOÐS. | MÖRK |
|---|---|---|---|
| **Messi** | 663 | 223 | 529 |
| **Ronaldo** | 822 | 189 | 567 |

### Cristiano Ronaldo

**05.02. '85** Lið: **Real Madrid**
Númer; **7** Spilar í: **Nike**

**7** bikartitlar
**4** deildartitlar
**1** titill með landsliði
**5** Evróputitlar
**10** milljarðar í árslaun

### Lionel Messi

**24.06. '87** Lið: **Barcelona**
Númer: **10** Spilar í: **Adidas**

**11** bikartitlar
**8** deildartitlar
**0** titlar með landsliði
**7** Evróputitlar
**9,2** milljarðar í árslaun

# BIO-KULT CANDÉA BREYTTI LÍFINU

**Icecare kynnir** Bio-Kult er frábært til að styrkja þarmaflóruna og halda meltingunni í góðu lagi. Í desember renna 100 krónur af hverjum seldum Bio-Kult pakka til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa. Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“

> Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig.
>
> Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir

**MÆLIR MEÐ BIO-KULT**

Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfi og fíkniráðgjafi, mælir með Bio-Kult fyrir skjólstæðinga sína sem glíma gjarnan við ójafnvægi í lífi sínu. Að hennar sögn hefur varan reynst þeim vel. „Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitingu í lífi og starfi. Eitt af því sem ég tel skipta miklu máli í því samhengi er jafnvægi í líkamanum og góð magaflóra. Í gegnum tíðina hef ég því lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvæginu og orkunni og hef prófað þá allra bestu hér á markaðnum hverju sinni. Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað hingað til og mæli því með Bio Kult fyrir mína skjólstæðinga.“



Kolbrúnu Hlín líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Candéa.



Sigríður mælir með Bio-Kult fyrir skjólstæðinga sína.




Af hverjum seldum Bio-Kult pakka í desember renna hundrað krónur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

SKB

- Bio-Kult reynist vel til að bæta meltinguna.
- Mikilvægt er að viðhalda réttri bakteríuflóru líkamans.
- Hægt er að fá bakteríur úr fæðu en þeir sem borða ekki slíkan mat geta tekið bakteríur í hylkjum.
- Bio-Kult Candéa er góð vörn gegn sveppasýkingum.
- Bio-Kult hentar fyrir alla.

## AMÍNÓ LIÐIR

Liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr sæbjúgu úr hafinu við Ísland.

**Inniheldur**
sæbjúgu, vatnsrofin þorskprótín, túrmerik, D vítamín , C vítamín og mangan.






*Snorri Snorra*
*„Virkar vel á mína liði“*

## AMÍNÓ LÉTT

Seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun vegna glúkómannan.

**Inniheldur**
vatnsrofin þorskprótín, glúkómannan og króm-pikkólínat.






*Guðrún Lilja*
*„Finn góðan mun á mér“*

## AMÍNÓ 100%

Fyrir fólk sem vill auka neyslu á hreinu fiskpróteini.

**Inniheldur**
einungis vatnsrofin þorskprótín úr villtum íslenskum þorski.






*Guðjón Ágúst*
*„Mun kraftmeiri í ræktinni“*

# ÁREYNSLULAUST OG SKEMMTILEGA KÆRULAUST

Útgáfutónleikar Kroniku verða í kvöld á Húrra. Meðlimir sveitarinnar koma úr ólíkum áttum og er tónlistin skemmtilegur bræðingur af rappi og þyngra rokki. Tinna Sverrisdóttir, söngkona sveitarinnar, var stödd í Víetnam þegar hún frétti að hún væri orðin söngkona í nýju íslensku rokkbandi. Hún býst við trylltri stemningu og temmilega miklu af svita í kvöld.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is





**„Aldrei í lífinu hefði ég ímyndað mér að enda í rokkhljómsveit með tveimur jötnum og einum álfi,“ segir Tinna Sverrisdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Kroniku.** MYND/STEFÁN



**Meðlimir Kroniku eru f.v.: Birgir Jónsson, Guðmundur Stefán Þorvaldsson, Tinna Sverrisdóttir og Snæbjörn Ragnarsson.**

Hljómsveitin Kronika heldur útgáfutónleika í kvöld á Húrra í Reykjavík en fyrsta plata sveitarinnar, Tinnitus Forte, kom út fyrir stuttu. Meðlimir Kroniku koma úr ólíkum áttum sem setur svo sannarlega svip á lög sveitarinnar sem er skemmtilegur bræðingur þyngra rokks og rapps. Söngkona Kroniku er Tinna Sverrisdóttir, einn meðlima Reykjavíkurdætra, og með henni eru þrír fullvaxta karlmenn eins og hún orðar það sjálf, þeir Snæbjörn Ragnarsson, bassaleikari Skálmaldar, Birgir Jónsson, trommuleikari Dimmu, og Guðmundur Stefán Þorvaldsson, gítarleikari Sunnyside Road.

Snæbjörn, eða Bibbi eins og hann er kallaður, á heiðurinn af hugmyndinni bak við bandið að sögn Tinnu og sópaði meðlimum saman úr ólíkum áttum. „Ég var t.d. stödd í Víetnam þegar ég frétti að ég væri orðin aðalsöngkonan í nýju íslensku rokkbandi. Lífið hefur líklega aldrei verið jafn fyndið og óvænt eins og á því augnabliki. Ég hugsaði mig ekki tvisvar um enda segir maður ekkert annað en já þegar Snæbjörn kemur með hugmyndir sem slíkar, meistarasnillingurinn sem hann er.“




Hópurinn hittist fyrst á æfingu í ágúst með það eina markmið að gera það sem þau elska mest og gera það vel segir Tinna. „Upp frá því fóru hjólin að snúast á ógnarhraða og tveimur mánuðum síðar var fyrsta platan okkar, Tinnitus Forte, tilbúin.“

## GOTT PARTÍ

Flest laganna urðu til á æfingum að sögn Tinnu, þar sem strákarnir mættu með riff en hún bætti ofan á textum og melódíum. „Flestir textarnir fæddust í æfingahúsnæðinu okkar þar sem þeir lágu yfir lögunum á meðan ég dritaði orðum og tilfinningum á blað. Svo var bara talið í og lögin fengu að finna sína eigin leið þar til við vorum öll sátt. Ferlið í heild sinni var allt mjög áreynslulaust og skemmtilega kærulaust. Þegar sex lög voru tilbúin kom upp sú hugmynd að skella í plötu. Viku síðar vorum við komin með plötusamning hjá Smekkleysu og mætt upp í Hljóðverk til Einars Vilbergs í upptökur á átta laga plötu.“

Þrátt fyrir ólíkan bakgrunn meðlima sveitarinnar gengu upptökurnar alveg fáránlega vel að hennar sögn. „Platan var tekin upp á viku og við vorum yfirleitt öll saman í stúdíóinu. Fyrir mér var þetta miklu meira eins og gott partí með góðum vinum heldur en nokkurn tíma vinna.“

## SPENNANDI SAMSTARF

Sem fyrr segir koma meðlimir úr ólíkum áttum hvað tónlistina varðar, en Tinna segir það einmitt gera samstarfið svo skemmtilegt og spennandi. „Aldrei í lífinu hefði ég ímyndað mér að enda í rokkhljómsveit með tveimur jötnum og einum álfi. Við sækjum mest af innblæstri okkar í hvert annað þar sem við komum úr mjög ólíkum áttum og reynsluheimi. Ég kem úr rappheiminum, Biggi og Bibbi úr rokkinu og svo Gummi úr ögn krúttaðri átt. Auðvitað sprettur svo innblástur líka alltaf frá þeim stað sem við erum á í lífinu hverju sinni. Ég var t.d. í ástarsorg við gerð plötunnar og það hefur auðvitað sitt að segja. Ég er ekki frá því að ástarsorg sé besta olían á eld skáldskapargyðjunnar.

Sveitin kom fyrst fram á tónleikum um miðjan október, daginn eftir útgáfu plötunnar Tinnitus Forte auk þess sem samnefnt lag fór í spilun um svipað leyti. „Við spiluðum á fimm tónleikum á þremur dögum fyrir u.þ.b. 1.000 manns. Við hituðum upp fyrir Skálmöld, bæði á Græna hattinum fyrir norðan og svo á Gauknum í Reykjavík. Viðtökurnar hafa verið vonum framar, bæði myndaðist ofboðslega góð stemning á öllum tónleikunum og svo fengum við frábæra plötudóma frá Arnari Eggerti og Andreu Jóns á Rás 2. Við erum ekkert nema stútfull af þakklæti fyrir þann meðbyr sem við höfum fengið hingað til.“

## TRYLLT STEMNING

Og hún er svo sannarlega spennt fyrir útgáfutónleikunum í kvöld. „Það má búast við trylltri stemningu, töfrum og temmilega miklu af svita. Ef hægt væri að virkja svitann sem kemur út úr kroppnum á Bibba á einu giggi gætum við borgað rafmagnsreikning Húrra á einu bretti. Fleiri tónleikar eru fram undan hjá okkur og svo erum við ótrúlega spennt að semja meira efni saman fyrir komandi gigg. Það er ekkert eðlilega gaman að standa á sviði með þessum sjarmatröllum.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 21 á Húrra og hljómsveitin Himbrimi hitar upp.

Hlusta má á nýju plötuna, Tinnitus Forte, á Spotify og fylgjast með nýjustu fréttum og tónleikum á Facebook.

# GAMALDAGS KRYDDKAKA



Þessa köku gerðu húsmæður gjarnan í gamla daga og hefur hún alltaf verið vinsæl þegar boðið er upp á hana. Hún er einföld og hægt að skreyta hana með súkkulaði- eða karamellusósu.

**½ bolli hvítur sykur**
**½ bolli smjör**
**1 egg**
**1 bolli Golden-síróp**
**2½ bolli hveiti**
**1½ tsk. lyftiduft**
**1 tsk. kanill**
**1 tsk. engifer**
**½ tsk. negull**
**½ tsk. salt**
**1 bolli heitt vatn**

Hitið ofninn í 175°C. Smyrjið ferkantað form, líkt og fyrir skúffuköku.

Hrærið saman sykur og smjör þar til blandan verður létt og ljós. Bætið egginu við ásamt sírópi.

Í annarri skál er öllum þurrefnum blandað vel saman. Síðan er henni bætt við smjörblönduna og heitt vatn að auki.

Setjið blönduna í vel smurt mót og bakið í eina klukkustund. Kælið kökuna og setjið á hana krem eftir smekk. Það þarf ekki að vera krem en kakan er góð með ís. Einnig má benda á að piparkökur eru mjög góðar með ís.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


CAT S60
Innbyggð
FLIR hitamyndavél
109.900,-
Pixel XL
139.900,-
Pixel
119.900,-
SAMSUNG
Galaxy S7 edge
109.900,-
SAMSUNG
Galaxy S7
89.900,-
Krókhálsi 5c
Sími 546-9000
emobi.is
bara gott verð




ÞITT ANNAÐ HEIMILI Í SÓLINNI
*Kynntu þér úrvalið í skoðunarferð með Masa International*
MASA INTERNATIONAL



**MASA International** býður upp á mikið úrval fasteigna á Spáni.

Masa International - masaiceland@gmail.com - Sími 842 1520 / 896 1067

*Skatan er komin á Sjávarbarinn!*



Erum byrjuð að framreiða ilmandi skötu með öllu tilheyrandi.
Alla daga fram að jólum.

Afsláttur fyrir hópa.
Pantanir í síma 517 3131 og 696 5900.

2 FYRIR 1
Skötuveisla 3.600 kr. fyrir tvo til og með 16.des.
Klipptu flipann út og taktu með þér.

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is




Kórinn mun meðal annars undirgangast þá áskorun að dreifa sér um kirkjuna og búa til hlóðskúlptúra úr þekktum jólalögum.

# NORRÆNAR PERLUR

Jólatónleikar **Mótettukórs Hallgrímskirkju** verða með norrænu sniði í ár en sérstakir heiðursgestir eru organistinn Mattias Wager og sópransöngkonan Maria Keohane. Á efniskránni er hátíðleg aðventu- og jólatónlist af norrænum uppruna sungin á sænsku og íslensku.

Meðal verka á efnisskrá jólatónleika Móttettukórsins í ár eru Jul, jul strålande jul eftir Gustav Nordqvist og O helga natt eftir Adolphe Adam, sem tenórsöngvarinn Jussi Björling söng svo eftirminnilega um árið. Sömuleiðis nokkrar af uppáhaldsjólaperlum Mótettukórsins eins og Mig huldi dimm og döpur nótt og Betlehemsstjarna Áskels Jónssonar. Eins nýlegt verk eftir Halldór Hauksson svo eitthvað sé nefnt.“

En hvers vegna var ákveðið að hafa tónleikana með norrænu ívafi í ár? „Við höfum nokkrum sinnum reynt að fá sænska orgelsnillinginn Mattias Wager til að spila með okkur á jólunum og nú tókst loks að finna tíma. Mattias er höfuðorganisti við Stórkirkjuna í Stokkhólmi og einn virtasti organisti Svíþjóðar. Hann stakk upp á því að María Keohane, sem er ein dáðasta barokk- og þjóðlagasöngkona Svía, yrði með í för,“ útskýrir Hörður Áskelsson, stjórnandi Mótettukórsins. „Það lá svo beint við að þau flyttu með sér þá unaðslegu sænsku jólastemningu sem margir þekkja af eigin raun eða kannast við úr sænskum kvikmyndum.“ Að sögn Harðar hefur það aðeins gerst einu sinni áður að erlendur einsöngvari hafi komið fram með kórnum á jólatónleikum en þá var það finnska söngkonan Monica Groop sem steig á svið.

Hörður segir þau Mattias og Maríu tónlistarfólk í fremstu röð. „Mattias er snillingur í að leika af fingrum fram og fá gestir að heyra hvernig hann spinnur við söng Maríu og kórsins. María er mikið náttúrubarn og hestakona. Hún býr í sveitasælu í Dölunum og hefur einstaklega náttúrulega og fallega sópranrödd. Hún mun meðal annars flytja aríuna „Rejoice greatly“ úr Messíasi eftir Händel,“ upplýsir Hörður.



María syngur tónlist frá ólíkum skeiðum tónlistarsögunnar, allt frá barokki til samtímans.



Mattias er einn þekktasti organisti Norðurlandanna. Hann mun sýna snilli sína við orgelspuna.

Hann segir kórinn hafa lagt mikið á sig til að ná sænska framburðinum sem best og að hljómurinn í kórnum breytist mikið við það. „Hann verður hreint ómótstæðilegur,“ segir hann og hlær. Hörður segir flytjendur jafnframt koma til með að undirgangast þá áskorun að dreifa sér um kirkjuna og búa til hljóðskúlptúra úr þekktum jólalögum sem er eitthvað sem að hans sögn heyrist ekki oft.

En til hvers vísar yfirskrift tónleikanna Ó, sól míns lífs? „Þetta er tilvitnun í uppáhaldsjólalag Mótettukórsins, Mig huldi dimm og döpur nótt, sem er sungið á hverjum jólatónleikum. Það er eftir endurreisnartónskáldið Johann Eckard og kórfélögum finnst engin jól nema það sé sungið. Það sama á við um marga dygga áheyrendur kórsins.“

Hörður segir ekkert jafnast á við jólastemninguna sem skapast í Hallgrímskirkju á jólatónleikum Mótettukórsins ár hvert og að hún bræði hvert einasta hjarta. „Þar fer saman yndisleg tónlist og fallega skreytt kirkja með greni og ljósum. Það lætur engan ósnortinn.“ Hann segir Mótettukórinn enda leggja mikla vinnu í að búa til umgjörð sem höfðar til hjartans. „Sænski blærinn á tónleikunum mun eflaust bæta um betur og ég hvet þá sem hafa upplifað sænsk jól af eigin raun og hina, sem hafa ekki enn átt þess kost, til að koma og njóta með okkur.

Tónleikarnir eru venju samkvæmt haldnir í Hallgrímskirkju. Haldnir verða tvennir tónleikar, sunnudaginn 4. desember klukkan 17 og þriðjudaginn 6. desember klukkan 20. Miðasala er á Tix.is og við innganginn.


511
SLIM
frá kr. 13.990
LIVE IN LEVI'S®
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind - Levi´s Glerártorgi


GLÆSILEGT JÓLA-
HAPPDRÆTTI HEFST Í DAG!
Drögum út á hverri aðventu fram að jólum og svo
aðalvinninginn á Þorláksmessu - meðal vinninga eru:
- Flug fyrir 2 með WOW air
- Gjafabréf frá Fosshótel
- Veglegur gjafapoki frá Laugar Spa og World Class
- Kökupinnavél og súkkulaðibrunnur frá Húsasmiðjunni
- Gjafabréf frá Hamborgarafabrikkunni
- LED snyrtispeglar og djúphreinsiburstar frá Eirberg
- Konfektkassi frá Nóa Síríus
- Hálsmen frá Vera Design
- Gjafabréf frá Trimform Berglindar
- Lady Million ilmvatn
Helga Braga, Brynja Valdís og fleiri skvísur sýna glæænýju jólalínuna okkar í tískusýningu kl 15.00 í dag.
20-70% afsláttur
af völdum vörum!
LITLU JÓLIN Í ZIKZAK!
Glæsilegar nýjar vörur og frábær tilboð til og með 6.des
PEYSA 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
TÚNIKA 6.990kr st. 38-54
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. 36-50
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 4.990 st. S-XXXL
TÚNIKA 7.990kr st. 42-56
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL



Stærðir
36-56
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
TÚNIKA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
TÚNIKA
6.990kr
st. 38-54
TÚNIKA
ÁÐUR 4.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
Pleður
BUXUR
8.990kr
st. S-XXXL
SKYRTA
ÁÐUR 6.990
NÚ 1.990
st. S-XXXL
KJÓLL
7.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314












Place de la Bourse er eitt af aðalsmerkjum Bordeaux í Frakklandi.



Los Angeles er orðin mun aðgengilegri fyrir ferðamenn eftir að almenningssamgöngur bötnuðu.



Lúxushverfið við Llandudno-flóann er úthverfi Höfðaborgar.



Falleg hús í Mérida í Mexíkó.



Í Ohrid voru eitt sinn 365 kirkjur og hefur stundum verið talað um hana sem Jerúsalem Balkanskagans. Borgin er á heimsminjaskrá UNESCO.

# BORGIR ÁRSINS 2017

Á hverju ári velur Lonely Planet tíu áhugaverðustu borgirnar til að heimsækja. Hér eru þær borgir sem urðu fyrir valinu árið 2017.

### 1. BORDEAUX, FRAKKLAND

Bordeaux við suðvesturströnd Frakklands er Íslendingum líklega kunnust fyrir vínin, sem kennd eru við borgina og unnin í héruðunum umhverfis hana. En hún hefur upp á margt fleira að bjóða og er nú að orðin mun aðgengilegri en áður. Nýja LGV-lestarlínan sem kláruð verður um mitt næsta ár mun tengja borgina við háhraðalestakerfi Evrópu. Þannig mun aðeins taka tvo tíma að ferðast þangað frá París. Hið nýlega opnaða safnasvæði Cité du Vin eykur einnig á aðdráttarafl borgarinnar líkt og áframhaldandi uppbyggingin við bakka Garonne-árinnar. Þá er veitingahúsamenning borgarinnar margrómuð.

### 2. HÖFÐABORG, SUÐUR-AFRÍKA

Borgin er sú þriðja stærsta í landinu en þykir sú fegursta. Sérstaða borgarinnar er að hún er sannarlega afrísk en með alheimsyfirbragð. Íbúar hafa unnið hörðum höndum við að bæta menningar- og veitingahúsalíf borgarinnar. Matargerðarlist í borginni er tilkomumikil. Vínekrur er víða að finna, hipp og kúl markaðir selja ávexti úr sveitunum í kring og hugvitsamleg veitingahúsin hafa hlotið alþjóðlegt lof. Lista- og hönnunarsenan mun fá upplyftingu í september þegar opnað verður nútímalistasafnið Zeitz Museum of Contemporary Art Africa (MOCAA) en það verður stærsta safn afrískra nýlistaverka.

### 3. LOS ANGELES, BANDARÍKIN

Þrátt fyrir orðstír borgarinnar sem svæði fræga fólksins, heilsuöfga og yfirborðsmennsku hefur Los Angeles unnið sér æ veglegri sess sem menningarlegur áfangastaður. Þá er nú orðið mun auðveldara að komast um í borginni sem hefur verið þekkt fyrir bílamenningu sína og lélegar almenningssamgöngur. Stækkun metro-kerfisins í ár hefur auðveldað fólki mjög að komast úr miðbænum og til Santa Monica þar sem er að finna fallegar strendur. Átakið Car Free LA hjálpar ferðamönnum að komast um án bíls.

### 4. MÉRIDA, MEXÍKÓ

Framboð menningar og lista er mun meira í Mérida en annars staðar á Júkatanskaganum. Þar má finna ótrúlegt úrval lifandi tónlistar, listasýninga og danssýninga auk þess sem þar er að finna líflega matarmenningu. Mérida var valin menningarborg Ameríku árið 2017 og af því tilefni verða risastórir menningarviðburðir allt árið. Þá þykir þessi svokallaða Hvíta borg ein af öruggustu borgum Mexíkó.

### 5. OHRID, MAKEDÓNÍA

Ohrid stendur á mögnuðum stað við fallegt vatn með sama nafni. Fagurt er að horfa yfir borgina af vatninu en efst trónir forn kastali, Car Samoil, sem talinn er vera frá tíundu öld. Í Ohrid voru eitt sinn 365 kirkjur og hefur stundum verið talað um hana sem Jerúsalem Balkanskagans. Borgin er á heimsminjaskrá UNESCO. Borgin er vinsæll ferðamannastaður og þykja strendurnar þær bestu í landinu. Fyrirhugaðar eru miklar framkvæmdir og hótelbyggingar sem líklega munu breyta útliti og menningu borgarinnar til frambúðar. Því er tilvalið að skoða þessa sögulegu borg áður en það gerist.

### 6. PISTOIA, ÍTALÍA

### 7. SEÚL, SUÐUR-KÓREA

### 8. LISSABON, PORTÚGAL

### 9. MOSKVA, RÚSSLAND

### 10. PORTLAND, OREGON

BESTSELLER®

BESTSELLER er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var í Danmörku árið 1975. BESTSELLER starfrækir í dag yfir 3.000 verslanir í 38 löndum víðsvegar um heiminn. Eigendur BESTSELLER á Íslandi opnuðu fyrstu verslun sína á Laugaveginum árið 1993 en þá opnaði fyrsta VERO MODA verslunin hér á landi. Í dag má finna 10 BESTSELLER verslanir á Íslandi allar staðsettar í Kringlunni og Smáralind. Hjá fyrirtækinu starfa um 150 starfsmenn.

SELECTED FEMME / HOMME · JACK & JONES® · VERO MODA® · name it® · VILA CLOTHES

# Mannauðsstjóri

Leitað er að öflugum og reyndum aðila sem fær það hlutverk að móta og þróa nýja mannauðsstefnu og stuðla að góðri fyrirtækjamenningu. Starfið er nýtt og gefur því nýjum aðila tækifæri til að móta starfið og þróa. Reynsla af sambærilegum störfum er skilyrði sem og metnaður og brennandi áhugi fyrir faginu.

**Helstu verkefni:**

- Mótun og framkvæmd mannauðsstefnu
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn
- Skipulag og umsjón með ráðningum og nýliðamóttöku
- Umsjón starfsþróunar- og fræðslumála
- Viðhald starfsmannahandbókar
- Samantekt upplýsinga og framsetning tölulegra gagna
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála kostur
- Lágmark 5 ára reynsla af mannauðsmálum
- Þekking og/eða reynsla af úrvinnslu tölfræðilegra gagna
- Mikil samstarfshæfni og færni í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi

**Upplýsingar veitir:**

**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 13. des.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Starfsmennt FRÆÐSLUSETUR

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stéttarfélaga innan BSRB um símenntun, ráðgjöf og starfsþróun opinberra starfsmanna. Setrið þróar og heldur utan um starfstengt nám um allt land og veitir mannauðsráðgjöf til stofnana. Upplýsingar um starfsemi og hlutverk Starfsmenntar má finna á www.smennt.is.

# Framkvæmdastjóri

Fræðslusetrið Starfsmennt óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir rekstri og hefur yfirumsjón með öllum þáttum starfseminnar. Hann mun starfa í umboði stjórnar.

**Helstu verkefni eru:**

- Mótun starfs Fræðslusetursins
- Þarfagreining fræðslu og þjálfunar meðal starfsmannahópa og stofnana ríkisins
- Ráðgjöf til stofnana ríkisins á sviði starfsþróunar, endur- og símenntunar
- Skipulagning námstilboða, þjálfunar og annarra verkefna
- Námsefnisgerð
- Samskipti og samningar við verktaka, samstarfsaðila og kennara á vegum setursins
- Stjórnun viðskiptasambanda
- Kynningarmál og markaðssetning
- Starfsmannahald
- Umsýsla, almennur rekstur og áætlanagerð

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Háskólamenntun eða haldgóð reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun/ mannauðsstjórnun
- Þekking og reynsla af upplýsinga- tækni og rafrænni stjórnun
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Samskiptahæfni og lipurð
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

**Upplýsingar veita:**

**Sveina Berglind Jónsdóttir**
sveina@hagvangur.is

**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 18. des.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

## RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

---

# Þjónustufulltrúi

strætó.is

**Strætó bs. óskar eftir framúrskarandi fólki til að ganga til liðs við öflugan starfsmannahóp í þjónustuveri. Um er að ræða framtíðarstarf.**

**Helstu verkefni:**

- Þjónusta við viðskiptavini og starfsfólk Strætó bs.
- Talstöðva- og símasamskipti
- Úrvinnsla ábendinga og vinna í upplýsingakerfum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg
- Góð tölvuþekking
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð skipulagshæfni og geta til að starfa undir álagi
- Rík þjónustulund og góð samskiptafærni
- Sjálfstæð vinnubrögð og jákvæðni
- Reynsla af þjónustustörfum er mikill kostur

**Ráðið verður í starfið sem fyrst. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Strætó bs. og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Um er að ræða vaktavinnu.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erlendur Pálsson sviðsstjóri farþegaþjónustu, erlendur@straeto.is

Vinsamlegast sækið um starfið á www.strætó.is
Umsóknarfrestur er til og með 10. desember 2016

---

# Verkefnastjóri

## Fab Lab á Sauðárkróki

Nýsköpunarmiðstöð Íslands auglýsir eftir verkefnastjóra Fab Lab smiðju á Sauðárkróki. Verkefni á sviði frumgerðasmíði, kennslu, þjálfunar, þróunar og ýmiss konar nýsköpunarverkefna í samstarfi við skóla, fyrirtæki, nemendur og frumkvöðla.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með rekstri, aðstöðu, tækjum og innra starfi Fab Lab
- Fræðsla og þjálfun kennara grunnskóla og framhaldsskóla
- Viðhald búnaðar og lagers, innkaup og endursala
- Móttaka gesta í Fab Lab, kynningarmál og þróunarstarf

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð, frumkvæði, dugnaður og sköpunargleði
- Reynsla af verkefnastjórnun/forritun æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Færni og geta til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi

Frekari upplýsingar veita Frosti Gíslason *frosti@nmi.is* og Hildur Sif Arnardóttir *hildur@nmi.is*. Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Allar umsóknir þurfa að berast á netfangið hildur@nmi.is

**Umsóknarfrestur til og með 12. desember 2016**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hvetur til nýsköpunar og eflir framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi með virkri þátttöku í rannsóknum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki.
Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • www.nmi.is

---

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Upplýsingafulltrúi

GILDI

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir að ráða upplýsingafulltrúa í nýtt og fjölbreytt starf hjá sjóðnum.

Umsóknarfrestur
**11. desember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4203**

Starfssvið
- Umsjón með kynningar- og fræðslumálum m.a. útgáfumálum, ritstjórn ytri og innri vefs og fréttaskrif á heimasíðu.
- Umsjón með innleiðingu stefnu í samskiptamálum.
- Ritstjórn ársskýrslu.
- Skipulag funda og ráðstefna.
- Fjölmiðlatengsl.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af samskiptamálum og vefumsjón, blaða- eða fréttamennsku.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til tjáningar í ræðu og riti.
- Þekking á starfsemi lífeyrissjóða er kostur.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Þekking og áhugi á samskiptamiðlum.

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins og nema eignir hans rúmlega 450 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingar- og séreignardeild. Á árinu 2015 greiddu um 5.000 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins fyrir 46.000 sjóðfélaga og rúmlega 20.000 einstaklingar fengu greiddan lífeyri frá sjóðnum. Samtals eiga um 200.000 einstaklingar réttindi hjá Gildi.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is



# STARFSMAÐUR VIÐ GUFUVEITUR

Orka náttúrunnar óskar eftir að ráða starfsmann í öflugt teymi sem hefur umsjón með viðhaldi og rekstri á gufuveitum í virkjunum á Hellisheiði og Nesjavöllum. Við leitum að vinnusömum einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og er sjálfstæður í vinnubrögðum.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Daglegur rekstur, eftirlit og viðhald með gufuborholum og gufuveitum Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjana
- Vinna markvisst að auknu rekstraröryggi gufuveitna og hagkvæmni í rekstri veitumannvirkja í samvinnu við tæknistjóra gufuveitna
- Umhirða og viðhald á vélum, tækjum og búnaði er tilheyra gufuveitum ásamt ýmsum tilfallandi verkefnum
- Reglubundnar mælingar á borholum

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Sveinspróf í málmiðnaði
- Reynsla úr málmiðnaði
- Vinnuvélaréttindi æskileg

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Tekið er á móti umsóknum á ráðningarvef Orku náttúrunnar, **starf.on.is**, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur - **starf@on.is**. Hjá ON er jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri liðsheild, uppbyggilegum skoðanaskiptum og virðingu í samskiptum.

Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um starfið.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is

Jafnlaunaúttekt

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

2015 Umhverfisverðlaun atvinnulífsins FRAMTAK ÁRSINS

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur:**
Til og með 13. desember 2016

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

## 365 óskar eftir góðu fólki

# YFIRHÖNNUÐUR FRÉTTABLAÐSINS

**Grafískur hönnuður óskast til að leiða hönnunardeild Fréttablaðsins.**

**Yfirhönnuður vinnur náið með ritstjórn Fréttablaðsins og mótar útlit þess.**

**Viðkomandi þarf að getað hafið störf sem fyrst. Unnið er í dagvinnu.**

Hæfniskröfur:
- Gott vald á InDesign, Illustrator og Photoshop.
- Skipulagshæfileikar.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Reynsla af dagblaða- eða tímaritahönnun er kostur.

**Umsóknarfrestur er til 23. desember nk.**

**Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 miðla – www.365.is.**

**Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Freyr Árnason, framleiðslustjóri Fréttablaðsins, sfa@frettabladid.is.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



VIÐ LEITUM AÐ FLEIRI

# FRAMÚRSKARANDI SMIÐUM Í MÓTAUPPSLÁTT

Hópar koma sterklega til greina

GG VERK er 10 ára gamalt byggingafyrirtæki með tryggða verkefnastöðu næstu 3 árin. Starfsánægja hjá fyrirtækinu mælist mjög há en fyrirtækið hlaut ISO9001 gæðavottun árið 2015.

Við leggjum ríka áherslu á vandaða mannauðsstjórnun sem byggir á samræmi, þátttöku, aðild, starfsgleði og starfsþróun. Jafnframt leggjum við áherslu á að starfsfólk uppskeri í samræmi við framlag sitt og því bjóðum við upp á mælingarkerfi í uppslætti.

Sæktu um hjá okkur á **ggverk.is** eða sendu okkur ferilskrána þína á **ggverk@ggverk.is** merkt „Starfsumsókn"

GG Verk · Askalind 3 · 201 Kópavogi · 517 1660 · ggverk.is

GG Verk
BYGGINGAVERKTAKI

FARVI.IS // 1216



**ARE YOU A PASSIONATE CREATIVE DESIGNER WITH AN EXCELLENT EYE FOR DETAILS?**

ORF Líftækni hf, the owner of BIOEFFECT, an expanding global brand in the premium skin care business, is seeking an ambitious **Creative Artworker/Graphic Designer** to join our creative team in Reykjavik. You will be working alongside a forward thinking group of marketing and design professionals on various projects and transforming briefs into fantastic products!

**THE IDEAL CANDIDATE HAS:**

- 3+ Years professional working experience and a degree in design
- Advanced knowledge of Illustrator, InDesign and Photoshop
- Excellent communication skills in Icelandic and English, both verbal and written, and ability to work in teams
- Work with templates, style sheets, and follow and implement styles guidelines correctly across the brand
- Able to take ownership, manage and follow up on independent projects
- Capable of working effectively under pressure within tight deadlines

If you believe you have the relevant skills and experience please send your CV and cover letter with examples of work to **careers@bioeffect.com** before **December 11, 2016**.

For more information on BIOEFFECT, please visit www.bioeffect.com




Made in Iceland
BIOEFFECT

ráðum
ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# Sérfræðingur og bókhaldsfulltrúi á fjármálasviði

Stórt og traust fyrirtæki á sviði sölu- og þjónustu auglýsir lausar tvær stöður á fjármálasviði. Leitað er annars vegar að sérfræðingi með þekkingu og reynslu af uppgjörsvinnu og ársreikningagerð og hins vegar að bókhaldsfulltrúa. Um er að ræða 100% stöðugildi.

## Sérfræðingur

### Helstu verkefni

- Bókhald og afstemmingar
- Mánaðarleg uppgjör
- Ársreikningagerð
- Skýrslugerð og greiningar fjárhagsupplýsinga
- Önnur tengd verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða viðurkenndur bókari
- Haldbær reynsla af bókhaldsstörfum
- Reynsla af uppgjörsvinnu og ársreikningagerð
- Góð Excel kunnátta
- Sjálfstæði í starfi og nákvæm vinnubrögð
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar

## Bókhaldsfulltrúi

### Helstu verkefni

- Bókun reikninga
- Skönnun og forskráning reikninga til samþykktar
- Afstemmingar
- Önnur tengd verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af bókhaldsstörfum
- Góð Excel kunnátta
- Sjálfstæði í starfi og nákvæm vinnubrögð
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar

*Nánari upplýsingar veita Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) og Bylgja Björk Pálsdóttir (**bylgja@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

## **KERFISSTJÓRI** ATM KERFA

Helstu verkefni eru rekstur og eftirlit með Unix/Linux kerfum, netkerfum og geymslulausnum. Uppsetning og viðhald tölvubúnaðar svo og þjónusta við notendur. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín í öflugu teymi sem þróar og rekur hugbúnað fyrir flugumferðarstjórn. Unnið er á dagvöktum og bakvöktum. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði eða sambærilegu
- Reynsla af Unix/Linux stýrikerfum er kostur
- Þekking á sjálfvirkum verkfærum, s.s. Nagios, Chef og Puppet, er kostur
- Reynsla af rekstri netkerfa og geymslulausna er kostur

Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar. Upplýsingar um starfið veitir Arnar Þórarinsson rekstrarstjóri ATM deildar, netfang arnar.thorarinsson@isavia.is.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



**Sif** er flugumferðarstjóri í flugturninum á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ: **REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **17. DESEMBER, 2016**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

PÓSTURINN

## PÓSTURINN ÓSKAR EFTIR SÖLUMANNI

Pósturinn leitar eftir söludrifnum einstaklingi sem hefur metnað til að ná árangri í starfi. Um er að ræða sölu á lausnum til netverslana og í vörudreifingu. Um fullt starf er að ræða, vinnutíminn er alla virka daga frá 09:00 – 17:00.

**Helstu verkefni**
- Sala á lausnum tengdum vörudreifingu Póstsins
- Samningar og tilboðsgerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða góð starfsreynsla í sölu til fyrirtækja
- Starfsreynsla á sviði vöruflutninga er kostur
- Söludrifni og lausnamiðuð hugsun
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og vilji til að starfa í teymi
- Góð tölvukunnátta skilyrði sem og excel kunnátta
- Reynsla og áhugi á sölumálum er mikill kostur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til 12.desember 2016**

Pósturinn er reyklaus vinnustaður.



GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA!

## Til sölu



Eitt virtasta parketþjónustufyrirtæki landsins frá 1984, er til sölu.

Upplýsingar gefur Þorsteinn Geirsson í síma 898 1107.

## Stál og Suða

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir vönum íslensku eða ensku mælandi stálsmiðum og rafsuðumönnum sem geta unnið sjálfstætt.

**Eingöngu vanir menn koma til greina.**

Stál og Suða ehf er framsækið fyrirtæki í Málmiðnaði sem sinnir fjölbreyttum verkefnum með stóran hóp viðskiptavina. Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið ***stalogsuda@stalogsuda.is***

## Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Garðyrkjufræðingar óskast



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir garðyrkjufræðingum til starfa hjá skrifstofu reksturs og umhirðu.
Um er að ræða störf á verkbækistöð I - skrúðgarðar á Klambratúni - og í Ræktunarstöð Reykjavíkur í Fossvogi. Ræktunarstöðin hefur umsjón með ræktun blóma, matjurta og trjágróðurs fyrir beð, ker, skrúðgarða og útivistarsvæði borgarinnar. Í Ræktunarstöðinni er unnið að því að viðhalda íslenskum kvæmum og ræktunaryrkjum og fjölga sem mest þeim efnivið sem hefur aðlagast íslenskum aðstæðum. Verkbækistöð I -skrúðgarðar Reykjavíkur - sér meðal annars um að sinna skrúðgörðum borgarinnar og gróðri á opnum svæðum og stofnanalóðum borgarinnar.

### Garðyrkjumenntaður verkstjóri óskast til starfa

Um er að ræða eitt stöðugildi á verkbækistöð I - skrúðgarðar á Klambratúni - og eitt stöðugildi í Ræktunarstöð Reykjavíkur í Fossvogi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Er staðgengill yfirverkstjóra og leysir yfirverkstjóra af í forföllum.
- Stjórnun og stýring verkefna og vinnuflokka í samvinnu við yfirverkstjóra.
- Verkstjórn garðyrkjufræðinga, sumarstarfsmanna, lausráðinna og sjálfboðaliða (á sumrin).
- Kortlagning verkefna í samráði við yfirverkstjóra og deildarstjóra.
- Þátttaka í áætlanagerð í samvinnu við yfirverkstjóra og deildarstjóra.
- Fylgjast með viðhaldi og öryggi véla og tækja.
- Skráning verkefna / tíma starfsmanna.
- Aðstoða við þjálfum og nýliðafræðslu starfsmanna.
- Fara yfir birgðahald og sjá um tilfallandi innkaup.
- Taka við ábendingum borgarbúa sem tengjast verksviði garðyrkju og vísa þeim í réttan farveg.

**Hæfniskröfur**
- Garðyrkjufræðingur úr Landbúnaðarháskóla Íslands eða sambærileg menntun (kostur að hafa útskrifast af skrúðgarðyrkjubraut ef sótt er um hjá verkbækistöð I Klambratúni).
- Reynsla af störfum í garðyrkju.
- Reynsla af verkstjórn.
- Almenn tölvukunnátta og færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum.
- Frumkvæði, áræðni og röggsemi til verka.
- Nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Lipurð í samskiptum og hæfni til að vinna í teymi.
- Almenn ökuréttindi.
- Reglusemi og stundvísi.
- Líkamlegt hreysti.

### Garðyrkjufræðingur óskast til starfa

Um er að ræða eitt stöðugildi á verkbækistöð I - skrúðgarðar á Klambratúni- og eitt stöðugildi í Ræktunarstöð Reykjavíkur í Fossvogi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Garðyrkjufræðingar á Klambratúni hafa umsjón með gróðri í ákveðnum borgarhluta og allt sem snýr að honum gróðurlega séð, t.d. klippingar, plantanir á trjám, runnum og sumarblómum, grasslætti, viðhaldi, endurnýjun á beðum, bekkjum, tunnum, ruslatínslu, og margt fleira.
Garðyrkjufræðingar á Ræktunarstöð hafa umsjón með og vinna að ræktun og uppeldi plantna bæði í gróðurhúsum og í útireitum.

**Hæfniskröfur**
- Garðyrkjufræðingur úr Landbúnaðarháskóla Íslands eða sambærileg menntun.
- Reynsla af störfum í garðyrkju æskileg.
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Lipurð í samskiptum og hæfni til að vinna í teymi.
- Almenn ökuréttindi.
- Reglusemi og stundvísi.
- Líkamlegt hreysti.

Nánari upplýsingar vegna starfs á verkbækistöð I Klambratúni veitir Atli Marel Vokes deildarstjóri **atli.marel.vokes@reykjavik.is** og Auður Jónsdóttir yfirverkstjóri veitir upplýsingar vegna starfa í Ræktunarstöð, **audur.jonsdottir2@reykjavik.is**, bæði í síma 411-1111.
Umsóknarfrestur fyrir öll störfin er til og með **16. desember 2016**. Í öllum tilfellum er um að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Samiðnar.

Sótt er um störfin á innri vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is** undir **„Laus störf“** og öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

## CIVIL ENGINEER
## ELECTRICAL ENGINEER
## MECHANICAL ENGINEER
**(TEMPORARY 3 YEARS PROJECT)**

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöður Civil; Electrical and Mechanical Engineers lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **9. desember 2016.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

---

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individuals for the positions of Civil; Electrical and Mechanical Engineers. The closing date for this postion is **December 9, 2016.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov

## Leikskólinn Barnabær,

**Blönduósi auglýsir eftir leikskólakennara í 100 % stöðu frá og með 2. janúar 2017.**

Barnabær er fjögurra deilda leikskóli með 60 nemendum og eru börnin frá 8 mánaða aldri til 6 ára aldurs. Deildirnar eru aldursskiptar og er elsti hópurinn staðsettur í öðru húsnæði. Mjög gott samstarf er við grunnskólann en elsti hópurinn fer í kennslustundir einu sinni í viku allan veturinn.

Skólinn er þátttakandi í þróunarverkefninu „ Málþroski- og læsi, færni til framtíðar“ sem er samstarfsverkefni leikskólanna á Hólmavík, Skagaströnd, Húnavöllum, Hvammstanga og Blönduósi. Í verkefninu er meðal annars lögð áhersla á að efla og styrkja málþroska og læsi barna og snemmtæka íhlutun.

**Hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum æskileg.
- Góð samskiptafærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og faglegur metnaður.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi FL og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Umsóknarfrestur er til og með 16. desember.
Áhugasamir hafi samband við Jóhönnu G. Jónasdóttir, leikskólastjóra í síma 452 4530 eða á netfangið
**johanna@blonduos.is**



## ÞG verk óskar eftir að ráða tæknimann til starfa á framkvæmdasviði

www.tgverk.is

### Helstu verkefni:

- Framkvæmd gæðaúttekta og öryggisúttekta á byggingarstað.
- Gerð skoðunarskýrslna og úttektarskýrslna.
- Magntökur og úttektir á framvindu á verkstað.
- Eftirfylgni með úrlausn gæða og öryggisúttekta.
- Ýmis sérverkefni sem tengjast gæða og öryggisstjórnun.
- Gerð skýrslna og gagna fyrir byggingayfirvöld.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Byggingafræði-, tæknifræði, verkfræðimenntun eða önnur sambærileg menntun.
- Góð tölvukunnátta.
- Reynsla í notkun autocad er mjög æskileg.
- Gott vald á íslensku og góðir samskiptahæfileikar.
- Reynsla af byggingarstarfsemi eða önnur reynsla sem nýtist í starfið.
- Stjórnunarhæfni ásamt öguðum og skipulögðum vinnubrögðum.

Vinsamlega sendið inn umsókn á www.tgverk.is - Fyrirtækið - Starfsumsókn

ÞG Verk - Lágmúla 7, 108 Reykjavík - S: 534 8400

# Ertu með bíladellu?





Bílaumboðið Askja er framsækið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Kia og Mercedes-Benz bifreiðum. Vegna aukinna umsvifa leitum við að framúrskarandi fólki í teymið okkar sem mun stýra Öskju með okkur inn í spennandi framtíð.

## Söluskoðanir notaðra bifreiða

Ábyrgð og verkefni:

- Framkvæmd söluskoðana
- Verðmat viðgerða
- Miðlun þekkingar til starfsfélaga
- Starfa eftir öryggisreglum Öskju og gæðakröfum framleiðanda

Hæfniskröfur:

- Haldbær reynsla af störfum bifvélavirkja
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð og fagleg framkoma, snyrtimennska og stundvísi
- Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Ökuréttindi eru skilyrði

## Ábyrgðarfulltrúi á þjónustusviði

Ábyrgð og verkefni:

- Móttaka ábyrgðabeiðna og úrvinnsla þeirra
- Samskipti við erlenda birgja
- Samskipti við innlenda samstarfsaðila
- Starfa eftir öryggisreglum Öskju og gæðakröfum framleiðanda
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Reynsla og/eða menntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Mjög góð tölvukunnátta
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð og fagleg framkoma, skipulag og nákvæmni
- Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð

## Þjónusturáðgjafi í verkstæðismóttöku

Ábyrgð og verkefni:

- Ráðgjöf og móttaka viðskiptavina
- Upplýsingagjöf um framgang verkefna og utanumhald verkbeiðna
- Undirbúningur ábyrgðabeiðna til framleiðanda
- Reikningagerð, verðtilboð og verkáætlanagerð

Hæfniskröfur:

- Reynsla og/eða menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Þekking og áhugi á atvinnubílum er skilyrði
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- Mikil skipulagshæfni, stundvísi og nákvæmni
- Ökuréttindi eru skilyrði

**Tekið er við umsóknum á vef Öskju, www.askja.is, en þar má einnig finna ítarlegri upplýsingar um störf í boði.**

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember. Nánari upplýsingar veitir Erla Sylvía Guðjónsdóttir, Gæða– og mannauðsstjóri Öskju, á netfanginu atvinna@askja.is

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og Kia á Íslandi.



# VILTU VINNA MEÐ OKKUR?

**Landspítali auglýsir m.a. eftirtalin störf laus til umsóknar:**

- Yfirlæknir – Hjartagátt Landspítala
- Hjúkrunarfræðingur – Speglunardeild
- Hjúkrunarfræðingur – Göngudeild geðsviðs 31E
- Hjúkrunarfræðingur – Svefnrannsóknir
- Hjúkrunarfræðingur – Göngudeild geðsviðs Kleppi
- Sjúkraliði – Landakot L-3 endurhæfingardeild fyrir aldraða
- Starfsmaður – Sjúkrahúsapótek Landspítala

**Landspítali hefur mótað sér stefnu til framtíðar þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi.**

**Nánari upplýsingar á heimasíðu Landspítala; www.landspitali.is/mannaudur og Starfatorgi; www.starfatorg.is**

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

LANDSPÍTALI

**UMHYGGJA • FAGMENNSKA • ÖRYGGI • FRAMÞRÓUN**

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

# Bifvélavirki

Óskum eftir bifvélavirkja á verkstæði okkar.
Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur frumkvæði, góða samstarfshæfileika og hæfni til að vinna sjálfstætt.

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið bilvogurmot@simnet.is

**Bílvogur ehf**
Auðbrekka 17, 200 Kópavogi
s. 564 1180

fagtækni

# Rafvirkjar/Tæknimenn/Verkstjóri

Fagtækni hf leitar eftir rafvirkjum/tæknimönnum til starfa sem og verkstjóra til að stýra 3-5 manna hópum rafvirkja. Góð verkefnastaða og mikil vinna framundan. Framtíðarstörf í boði fyrir rétt fólk. Laun samkvæmt samkomulagi. Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið fagtaekni@fagtaekni.is eða hafið samband í síma 6606904 (Eiríkur)

Fagtækni hf er framsækið fyrirtæki sem sinnir þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á breiðu sviði rafkerfa. Einnig sækir Fagtækni hf mikið á útboðsmarkað samhliða sterkum aðalverktökum sem ávallt hefur verið gott samstarf við. Starfsemi Fagtækni hf spannar allt frá flóknum tölvu-, smápsennu- og stýrikerfum yfir í lausnir fyrir stóriðju- og skiparafkerfi svo störfin eru fjölbreytt. Fagtækni hf leitast ávallt við að vera í fremstu röð þegar kemur að tækninýjungum sem koma starfsmönnum jafnt sem viðskiptavinum til góða.

# Öflugur sölu- og þjónustufulltrúi



Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf á spennandi þjónustumarkaði fyrir íslensk iðnfyrirtæki og athafnalíf.

Eingöngu drífandi og laghentir einstaklingar með mikla þjónustulipurð og vilja til að vaxa í starfi koma til greina. Æskilegt að umsækjandi hafi reynslu af vinnu með ýmsan vökva- og loftbúnað, lagnaefni og skyldar vörur.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist fyrir **11. desember** á **landvelar@landvelar.is**

LANDVÉLAR

Smiðjuvegi 66 • 200 Kópavogi • Sími 580 5800 • www.landvelar.is

Reykjavíkurborg

## Starfsfólk óskast á Borgarsögusafn Reykjavíkur

Borgarsögusafn Reykjavíkur auglýsir eftir starfsfólki í störf móttöku, afgreiðslu og þjónustu á eftirtöldum stöðum: **Landnámssýningu, Ljósmyndasafni og Sjóminjasafni.** Um er að ræða tvö 100% störf, ásamt helgar- og hlutavinnustörfum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknafrestur er til og með 20. desember.**

Umsækjendur sæki um á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vala Magnúsdóttir, deildarstjóri rekstrar og þjónustu á tölvupósti vala.magnusdottir@reykjavik.is og í síma 411-6300.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## Rafvirkjar

**Straumvirki ehf óskar að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema til starfa.**

Framtíðarvinna - næg verkefni framundan.
Vinsamlega sendið umsókn og upplýsingar á netfangið **straumvirki@simnet.is**

Fjölbrautaskóli Vesturlands

## Framhaldsskólakennarar í málm- og rafiðngreinum

**Við Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi eru lausar til umsóknar 100% staða framhaldsskólakennara í rafiðngreinum og 75-100% staða framhaldsskólakennara í málmiðngreinum.** Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra og stofnanasamningi skólans.

**Umsóknarfrestur er til 12. desember nk.** og skulu umsóknir hafa borist skólameistara fyrir þann tíma. Ekki þarf að sækja um á sérstökum eyðublöðum. Umsókn með upplýsingum um starfsferil, meðmæli og afritum af prófskírteinum skal senda til skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands,Vogabraut 5, 300 Akranes. Einnig er hægt að senda umsókn rafrænt á netfangið agusta@fva.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2017.

Upplýsingar um starfið og starfsaðstæður veitir Ágústa Elín Ingþórsdóttir skólameistari í síma 433 2500.

Á heimasíðu skólans, **www.fva.is**, er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

***Skólameistari***



## Vaktstjóri þerna

**101 hótel óskar eftir að ráða vaktstjóra þerna í framtíðarstarf.**
Unnið er kl. 8-16:30, eftir 2-2-3 vaktakerfi. Starfshlutfall er 100%

**Gerðar eru eftirfarandi kröfur:**
- Enskukunnátta.
- Jákvæð framkoma
- Þjónustulund
- Samstarfsgleði
- Góða samskiptahæfileika
- Viðkomandi þarf að vera reyklaus

Áhugasamir sendi umsókn á job@101hotel.is fyrir **12. desember n.k.** Vinsamlegast takið fram um hvaða starf er sótt.

## Shift manager for Housekeeping

**101 Hotel is looking for a houskeeping shift manager.**
The hours are 8-16:30, on 2-2-3 shifts. This is a 100% position.

**The applicant should have;**
- Both written and conversational English
- Positive attitude
- Good communication skills
- Organizational skills
- Ability to supervise staff and the over-all daily management of a designated shift
- non-smokers only

Those interested should send an application to job@101hotel.is **before December 12th.**
Please indicate which job you are applying for.

101 hotel reykjavik

# BÓKARI ÓSKAST

## Hópbílar hf. óska eftir reynslumiklum bókara í fullt starf á skrifstofu fyrirtækisins

HÓPBÍLAR

**Helstu verkefni:**
- Færsla bókhalds
- Almennar afstemmingar og frágangur á bókhaldi
- Uppgjör virðisaukaskatts
- Skýrslugerð í samvinnu við gjaldkera og stjórnendur
- Önnur verkefni sem honum kunna að vera falin

**Hæfniskröfur:**
- Góð reynsla og þekking á bókhaldi er skilyrði
- Góð færni í Exel og almenn tölvufærni
- Góð þekking og færni í DK bókhaldskerfi
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Guðjónsdóttir starfsmannastjóri í s. 599-6070 eða í gegnum netfangið atvinna@hopbilar.is*

***Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2016***

*Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@hopbilar.is*

***www.hopbilar.is***

# HVERAGERÐISBÆR

Blómstrandi bær

## Við leitum að góðu fólki

### Bygginga- og mannvirkjafulltrúi

Starfsvið:
* Bygginga- og mannvirkjafulltrúi hefur umsjón með framkvæmd byggingamála og eftirlit með mannvirkjagerð, sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
* Mælingar, úttektir, skráning fasteigna, yfirferð uppdrátta og afgreiðsla umsókna.
* Umsjón með fasteignum Hveragerðisbæjar. Ástandsskoðun, tillögur að viðhaldi ásamt umsjón og framkvæmd þess.
* Samstarf við ýmsa aðila á sviði byggingamála, yfirstjórn bæjarins og forstöðumenn stofnana.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur séu með menntun í samræmi við 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 þ.e. hafi löggildingu sem hönnuðir. Byggingafræðingar, tæknifræðingar eða verkfræðingar koma sterklega til greina. Leitað er að vel menntuðum og duglegum einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfni. Kostur er ef viðkomandi hefur að auki iðnmenntun sem bakgrunn, en þekking og reynsla af byggingamálum og opinberri stjórnsýslu er mikilvæg.

### Leikskólastjóri

**Hveragerðisbær** auglýsir jafnframt laust til umsóknar starf leikskólastjóra hjá leikskólanum Undralandi í Hveragerði, sem er þriggja deilda leikskóli, en árið 2017 mun leikskólinn flytja í nýtt húsnæði og verða 6 deilda leikskóli, sjá nánar www.undraland.hveragerdi.is

Starfsvið:
*Leikskólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans og veitir skólanum faglega forstöðu á sviði kennslu og þróunar. Vakin er athygli á að um tímabundna ráðningu er að ræða, vegna veikinda, til 1. maí 2018.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi leikskólakennaramenntun, en framhaldsnám sem nýtist í starfi er jafnframt æskilegt. Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum er skilyrði auk skipulagshæfni, frumkvæðis, sjálfstæðis og fagmennsku í vinnubrögðum. Áhersla er lögð á áhuga og metnað til árangurs í starfi. Reynsla af stjórnun leikskóla er æskileg.

**Í boði eru** áhugaverð störf í barnvænu umhverfi, en Hveragerði er ört vaxandi sveitarfélag með um 2.500 íbúa. Um er að ræða framúrskarandi góðar samgönguleiðir (aðeins 30 mín. akstur til Reykjavíkur), öll þjónusta í bæjarfélaginu er eins og best verður á kosið, leikskólar, grunn- og framhaldsskólar, sem og tónlistarskóli eru innan seilingar. Íþrótta- og menningarlíf er í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útvivist í fallegu umhverfi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 19. desember nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega. Launakjör vegna ofangreindra starfa verða skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir nánari upplýsingar um störfin í s: 588-3031 alla virka daga frá kl.13-15. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til **stra@stra.is**, sjá nánar **www.stra.is**.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

Sjá nánar heimasíðu www.hveragerdi.is

STRÁ

## VANTAR ÞIG VINNU?

**Nettó Granda leitar að öflugum starfskröftum í eftirtalin störf:**

- Starfsmann á næturvakt í 100% starf
- Starfsmann á dagvakt í 50-100% starf
- Starfsmenn á helgarvaktir

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

**Umsóknir sendist á grandi@netto.is**
**Umsóknarfrestur er til 4. desember nk.**

Allar nánari upplýsingar veitir:
**Ari Páll Samúelsson, verslunarstjóri**
**Í síma: 773 - 3007**

nettó

## Starfsmaður óskast í Kjötborð

Seljakjör, Seljabraut 54, 109 Reykjavík



Seljakjör óskar eftir kjötiðnaðarmanni til starfa í Kjötborði. Vinnutími er frá 09:00 - 17:00 og annan hvorn Laugardag.

Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á netfangið:
**seljakjor@seljakjor.is**

Umsóknarfrestur:
**10. desember n.k.**

SELJAKJÖR
– KAUPMAÐURINN Á HORNINU –

EIR

## Hjúkrunarheimilið Eir óskar eftir aðstoðarmanni í framleiðslueldhús heimilisins

**Vinnutími:** Dagvinna og önnur hver helgi

Upplýsingar veitir Ingvar Helgi Guðmundsson forstöðumaður eldhúss í síma 522 5700.

Umsóknir má senda á **edda@eir.is** merktar Eldhús16

*Eir hjúkrunarheimili*
*Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík*
*Sími 522 5700*

## Sjúkraliði óskast á Eirhamra Mosfellsbæ



Sjúkraliði óskast til starfa í öryggisíbúðum Eirhamra Mosfellsbæ frá 1. janúar 2017

**Starfshlutfall:** 50%

**Nánari upplýsingar veita:**
Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma 522 5700 og Helga Einarsdóttir deildarstjóri heimahjúkrunar í öryggis-íbúðum Eirhamra síma 897 7054

Umsóknir má senda rafrænt á ***edda@eir.is***
merkt Sjúkraliði17

EIR




# Viltu vinna með okkur?

Hrafnista getur bætt við hjúkrunarfræðingum í frábæran starfsmannahóp á fjölskylduvænum vinnustað. Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.

**Um er að ræða tvær stöður**

- **Hjúkrunarfræðing í 80-100% starfshlutfall** þar sem unnar eru morgun- og kvöldvaktir ásamt þriðju hverri helgi.
- **Hjúkrunarfræðing á næturvaktir.** Góð laun í boði.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Rík samskipta og samstarfshæfni
- Heiðarleik, dugnaður og góð framkoma
- Sjálfstæði og stundvísi

Nánari upplýsingar veitir Árdís Hulda Eiríksdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði í síma 693-9502.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. desember og skal skila umsóknum á ardishulda@hrafnista.is.**

Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum.

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Umsjónarkennari við Ölduselsskóla

**Við Ölduselsskóla er laus staða umsjónarkennara á miðstigi frá næstu áramótum.**
**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Annast kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur, aðra kennara og foreldra.
- Vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum.
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

**Hæfniskröfur**

- Leyfisbréf grunnskólakennara.
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Góð íslenskukunnátta

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitar-félaga og Kennarasambands Íslands Félags grunnskólakennara

**Umsóknarfrestur er til og með 5. desember nk.** og skal umsóknum skilað á vef Reykjavíkurborgar http://reykjavik.is/laus-storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Börkur Vígþórsson skólastjóri í tölvupósti borkurv@rvkskolar.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## Dagdeild Eirhömrum og félagsleg heimaþjónusta Mosfellsbæ



Starfsmaður óskast í 50% starf á dagdeild Eirhamra Mosfellsbæ frá 1. janúar 2017

Einnig er laus nú þegar 60 – 100% staða í félagslegri heimaþjónustu í Mosfellsbæ

**Nánari upplýsingar veita:**
Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma 522 5700 og Helga Einarsdóttir deildarstjóri heimahjúkrunar í öryggis-íbúðum Eirhamra síma 897 7054

Umsóknir má senda rafrænt á **edda@eir.is** merkt: Dagdeild eða félagsleg heimaþjónusta

*Hjúkrunarheimili og öryggisíbúðir*
*Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík*

EIR



# RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR FORD

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Ford að Bíldshöfða 6 í Reykjavík

### STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

### HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími 07.45-17.00 virka daga og einstaka laugardaga frá 11.30-16.15.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 12. desember næstkomandi.

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

VIÐ VITUM HVAÐ
**ÞJÓNUSTA VIÐ ATVINNULÍFIÐ**
SKIPTIR MIKLU MÁLI

# Deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu

Deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu leiðir hóp viðskiptastjóra á fyrirtækjasviði VÍS. Þeirra hlutverk er að veita trausta ráðgjöf og faglega þjónustu ásamt því að rækta og viðhalda langtíma viðskiptasamböndum. Við leitum að leiðtoga með stjórnunarreynslu, góða þekkingu á atvinnulífinu og metnað til að vinna að krefjandi markmiðum á þessu sviði. Deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu heyrir beint undir framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leiðtogahæfni, metnaður, frumkvæði og drifkraftur
- Reynsla af störfum á fyrirtækjamarkaði
- Þekking og reynsla af viðskiptastýringu
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Brennandi áhugi á atvinnulífinu og rekstri fyrirtækja
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

**Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. desember. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum, www.radum.is.**

ráðum
ráðningarstofa

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum ráðningarstofu agla@radum.is

VÍS er þjónustufyrirtæki með þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



# LAGERSTARFSMAÐUR HJÁ BRIMBORG

Brimborg leitar að traustum starfsmanni í framtíðarstarf á varahlutalager fyrirtækisins í Reykjavík. Lágmarksaldur 20 ár.
Gakktu í hóp góðra starfsmanna og sæktu um núna.

## STUTT LÝSING Á STARFI

- Móttaka og upptaka vörusendinga
- Lagerþjónusta við sölumenn varahluta
- Pökkun og útsending varahluta til viðskiptavina
- Útkeyrsla varahluta til viðskiptavina
- Vörutalningar
- Önnur almenn lagerstörf

## HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af lagerstörfum eða menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Heiðarleg og áreiðanleg vinnubrögð
- Almenn tölvuþekking
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Geta sýnt frumkvæði og unnið sjálfstætt
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Góð þjónustulund
- Gilt bílpróf

Vinnutími er alla virka daga frá 08.00 -17.10. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um núna á **brimborg.is.** Umsóknarfrestur er til 12. desember.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

# Stál og Suða

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir vönum íslensku eða ensku mælandi stálsmiðum og rafsuðumönnum sem geta unnið sjálfstætt.

**Eingöngu vanir menn koma til greina.**

Stál og Suða ehf er framsækið fyrirtæki í Málmiðnaði sem sinnir fjölbreyttum verkefnum með stóran hóp viðskiptavina. Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið
***stalogsuda@stalogsuda.is***

# TÆKI.IS
WWW.TAEKI.IS

## Óska Eftir Bílstjóra

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf, vinnuvélaréttindi getað bjargað sér í smáviðgerðum og hafa ríka þjónustulund, 25 ára eða eldri, hreint sakavottorð, reglusamur og stundvís skilyrði.

Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Umsókn skal send fyrir 10. Des
á netfangið taeki@taeki.is

# TÆKI.IS
WWW.TAEKI.IS

## Óska Eftir manni á verkstæði

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf, vinnuvélaréttindi, og hafa reynslu af vinnuvélaviðgerðum. hreint sakavottorð, reglusamur og stundvís skilyrði.

Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Umsókn skal send fyrir 10. Des
á netfangið taeki@taeki.is

STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennari í leikskólann Sólhvörf

**Grunnskólar**
- Skólaliði í Kópavogsskóla

**Velferðasvið**
- Starfsmaður á hæfingarstöð fyrir fatlaða

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

Fjallabyggð

## Deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála

**Fjallabyggð óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling til starfa.**

Megin viðfangsefnið er fræðslu- frístunda- og menningarmál, stefnumörkun í kynningar- og markaðsmálum, upplýsinga- og almannatengslum sem og á sviði ferða- og atvinnumála.

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun sem nýtist í starfi. Reynsla og góð kunnátta í stjórnsýslulegri meðferð mála er æskileg.

Lögð er áhersla á að viðkomandi búi yfir þekkingu og hæfni í stefnumótun og þróun, fjármálum og áætlanagerð, stjórnun starfsmanna og umsjón með verkefnum.

Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir kostir.
Næsti yfirmaður deildarstjóra er bæjarstjóri.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Starfshlutfall er 100%.

Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24, Siglufirði 580, eigi síðar en sunnudaginn 18. desember 2016.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri, netfang; gunnarb@fjallabyggd.is eða Ólafur Þór Ólafsson, deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármála, netfang; olafur@fjallabyggd.is sími 464 -9100.

Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa

## Verkefnastjóri mannréttindaskrifstofu

Laus er til umsóknar staða verkefnastjóra á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Mannréttindaskrifstofa ber ábyrgð á því að fylgja eftir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Hafa umsjón með rekstri mannréttindaskrifstofu og erinda sem henni berast.
- Undirbúningur funda mannréttindaráðs og annarra ráða og nefnda sem heyra undir mannréttindaskrifstofu. Afgreiðsla og eftirfylgni með erindum.
- Samþykkt reikninga og skjalavistun.
- Utanumhald styrkja mannréttindaráðs.
- Umsjón með vefsíðu mannréttindaskrifstofu, gerð kynningarefnis og fréttatilkynninga.
- Umsjón með ýmsum viðburðum á vegum skrifstofunnar í samvinnu við annað starfsfólk skrifstofunnar.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum.
- Reynsla af miðlun upplýsinga á íslensku í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta skilyrði og annað tungumál er kostur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Kristinsdóttir í tölvupósti anna.kristinsdottir@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til og með 19. desember. Umsækjendur sæki um á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



# CCP IS HIRING!

- » **Data Engineer**
- » **Director of Information Security**
- » **Distributed Systems Engineer**
- » **Tools Programmer**
- » **Sr. Software Engineer**
- » **Web Analyst**
- » **Russian Speaking Game Master**
- » **Marketing Manager**

CCP

Please apply at **ccpgames.com/jobs**

# HEFUR ÞÚ AUGA FYRIR SKIPULAGI?

## OKKUR VANTAR LIÐSAUKA



Landslag leitar að öflugum starfskrafti með reynslu af skipulagsmálum til að vinna að krefjandi og fjölbreytilegum viðfangsefnum á öllum stigum skipulags. Við getum boðið starf á skapandi og lifandi vinnustað í hjarta miðborgarinnar.

HÆFNISKRÖFUR:

- Meistaragráða í skipulagsfræðum, landslagsarkitektúr eða sambærileg menntun
- Reynsla af skipulagsvinnu og góð þekking á lagaumhverfi og ferlum skipulagsmála
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta til að leiða fundi og stýra vinnustofum í þverfaglegu samstarfi
- Hæfni í að kynna verkefni og skrifa góðan texta
- Gott skynbragð á myndræna framsetningu
- Þekking á hönnunarforritum og landupplýsingakerfum

Landslag er leiðandi fyrirtæki á sviði landslagsarkitektúrs og skipulags og byggir á rúmlega 50 ára óslitnum rekstri. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur með umfangsmikla og fjölbreytta reynslu og jafna kynja- og aldursdreifingu. Verkefnin eru margvísleg og krefjandi, meðal annars við samgöngumiðað skipulag og skipulag á ferðamannastöðum. Áhersla er lögð á faglegar lausnir og lipra þjónustu. Auk skrifstofunnar í Reykjavík er fyrirtækið með starfsstöð á Akureyri.

Umsóknir skulu berast á netfangið starf@landslag.is í síðasta lagi mánudaginn 12. desember. Umsóknum þurfa að fylgja greinagóðar upplýsingar um menntun og reynslu. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535 5300 eða á starf@landslag.is.

LANDSLAG Skólavörðustígur 11 · 101 Reykjavík · 535 5300 · www.landslag.is

---

## HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR Á UPPLÝSINGATÆKNIDEILD REYKJAVÍK

VEGAGERÐIN

**Starf hugbúnaðarsérfræðings á upplýsingatæknideild Vegagerðarinnar er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.**

Vegagerðin safnar upplýsingum frá hundruðum myndavéla, veðurstöðva, mælitækja og skynjara víðs vegar um landið til birtingar í landupplýsinga- og hugbúnaðarkerfum innanhúss og fyrir vegfarendur. Upplýsingatæknideild er ábyrg fyrir úrvinnslu, meðhöndlun og birtingu þeirra gagna sem er safnað. Á upplýsingatæknideild starfa tólf starfsmenn.

**Starfssvið**
Starfið felst í hugbúnaðarþróun, viðhaldi, innleiðingu og þjónustu við hugbúnaðarlausnir hjá Vegagerðinni. Starfsmaður mun taka þátt í verkefnum tengdum nýsmíði, endurskrift á eldri hugbúnaði, mótun framtíðarstefnu og tækniumhverfi stofnunarinnar, bætingu útgáfuferla, vinnuaðferða og högun kerfa.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- BSc gráða í tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Góð forritunarkunnátta (.Net)
- Reynsla af hugbúnaðargerð fyrir vef er kostur (HTML5, CSS, Javascript)
- Reynsla af hugbúnaðargerð fyrir öpp er kostur
- Reynsla af Oracle gagnagrunnsforritun kostur (PL/SQL)
- Þekking á Scrum og Agile aðferðafræði er kostur
- Þekking á git og Jira er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Góðir samstarfshæfileikar og rík þjónustulund

Starfið hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2016.**

Umsóknir berist mannauðsstjóra á netfang oth@vegagerdin.is.

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt menntunar- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Viktor Steinarsson upplýsingatæknistjóri í síma 522 1201.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

---

365 óskar eftir góðu fólki

# SÉRFRÆÐINGUR Í FJÁRSTÝRINGU 365

**Helstu þættir starfsins:**

- Umsjón með sjóðstreymi félagsins
- Samskipti við lánardrottna
- Utanumhald um stöður gagnvart lánardrottnum
- Greiningar og önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniviðmið:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð Excel kunnátta
- Metnaður og frumkvæði
- Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði

Fyrirspurnir um starfið sendist á **elmar@365.is**. Vinsamlegast sækið um starfið í gegnum vefinn okkar, 365.is, undir “Laus störf”

**Umsóknarfrestur er til og með 9. desember.**
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

## Seltjarnarnesbær

### Grunnskóli Seltjarnarness óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf frá áramótum:

- **Þroskaþjálfi,** 75% starf.
- **Starfsfólk vantar í Skólaskjól / frístund,** engda viðveru fyrir nemendur í 1.-4. bekk, og **stuðningsfulltrúa vantar í hlutastörf við skólann.**

### Leikskóli Seltjarnarness óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf frá febrúar nk.:

- **Þroskaþjálfi,** fullt starf.
- **Leikskólakennari,** fullt starf.
- **Leikskólaleiðbeinandi,** fullt starf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 11. desember næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

seltjarnarnes.is SELTJARNARNESBÆR

## Forstöðumaður Þekkingarsetursins Nýheima á Höfn í Hornafirði

Óskað er eftir öflugum aðila í starf forstöðumanns Þekkingarsetursins Nýheima. Þekkingarsetrið er samfélag fjölmargra stofnana sem starfa undir merki Nýheima. Starfið er fjölþætt og heyrir undir stjórn setursins.

Meginmarkmið Þekkingarsetursins Nýheima er að stuðla að auknu samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila með sérstaka áherslu á samþættingu menningar, menntunar, nýsköpunar og rannsókna.

**Helstu ábyrgðarsvið:**
- Að efla innra starf í Nýheimum og vera talsmaður setursins
- Að vinna að stefnumótun og útfærslu á starfsemi þess
- Að styrkja tengsl við atvinnulíf og samfélag
- Að þróa samstarfsverkefni og styrkja tengsl við innlenda og erlenda aðila
- Að afla styrkja úr samkeppnissjóðum, innlendum og erlendum
- Að annast fjármál og rekstur setursins

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Leiðtogahæfileika
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku

**Ennfremur er æskilegt að umsækjendur hafi:**
- Reynslu af rannsóknastarfi
- Reynslu af verkefnastjórnun
- Reynslu af umsóknarskrifum í samkeppnissjóði

Búseta í Sveitarfélaginu Hornafirði er skilyrði fyrir ráðningu

**Umsóknarfrestur er til og með 17. desember. n.k.**

Ráðning frá 1. febrúar 2017. Með umsókn skal fylgja kynnisbréf auk ferilskrár með yfirlit yfir námsferil og fyrri störf. Umsóknir skulu merktar **„Þekkingarsetur Nýheima"** og berast á rafrænu formi til formanns stjórnar Nýheima á netfangið: eyjo@fas.is Öllum umsóknum verður svarað.

NÝHEIMAR ÞEKKINGARSETUR



## PÓSTURINN ÓSKAR EFTIR DREIFINGARSTJÓRA

PÓSTURINN

Pósturinn leitar eftir dreifingarstjóra til að sjá um rekstur á einni af dreifingarstöðvum fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu.

**Helstu verkefni**
- Daglegur rekstur stöðvarinnar
- Starfsmannamál & áætlanagerð
- Skipulag og breytingar vinnsluferla

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnátta skilyrði sem og excel kunnátta
- Góð enskukunnátta, önnur tungumál kostur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2016**

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Karl í síma 5801000 eða í netfanginu gudmundurk@postur.is

Hægt er að sækja um starfið á umsóknarvef Póstsins **umsokn.postur.is**




# RAFVIRKJAR

**Marel leitar að metnaðarfullum einstaklingum í öflugt teymi í framleiðslu. Starfið er fjölbreytt og krefjandi í mjög líflegu og skemmtilegu umhverfi með afbragðs samstarfsfólki.**

**Starfssvið:**
Samsetning og prófun iðnaðartölva, aflgjafa, eininga, voga og varahluta.

**Hæfniskröfur:**
- Sveins- eða meistarapróf í rafvirkjun
- Samviskusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta
- Færni í samskiptum og teymisvinnu

Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2016. Sækja þarf um rafrænt á marel.is/störf. Nánari upplýsingar gefur Sara Valný Sigurjónsdóttir, framleiðslustjóri, í síma 563-8000 eða á netfanginu: sara.sigurjonsdottir@marel.com

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsueflingu starfsfólks m.a. með góðu mötuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.

marel

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

## Verkefnisstjóri miðborgarmála

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara auglýsir eftir umsóknum um starf verkefnisstjóra miðborgarmála. Um er að ræða nýtt starf sem felur í sér spennandi tækifæri til að útfæra, móta og þróa starfið. Verkefnisstjóri miðborgarmála vinnur í umboði verkefnisstjórnar að framgangi verkefna sem varða miðborgina.

Verkefnisstjóri miðborgarmála vinnur í samstarfi við verkefnisstjórn miðborgarmála að því að efla samtal og samvinnu um miðborgina. Hann vinnur náið með ólíkum fagsviðum Reykjavíkurborgar um leið og hann er í samstarfi við ólíka hagsmunahópa í miðborginni. Hann stuðlar að samtali ólíkra aðila við úrvinnslu verkefna og aðgerða sem byggja á samþykktri stefnu og aðgerðaráætlun um málefni miðborgar.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur yfirumsjón með miðlægri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Starfsfólk skrifstofunnar ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra, annast samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaðila innan- og utanlands, annast skipulagningu viðburða ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið. Undir skrifstofuna heyra mannauðsmál, upplýsingamál, tölfræðimál og Borgarskjalasafn.

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á framkvæmd verkefna í samstarfi við verkefnastjórn miðborgarmála.
- Gerð starfsáætlunar verkefnisstjórnar.
- Utanumhald um samráðsvettvang miðborgar.
- Utanumhald um Miðborgarsjóð.
- Umsjón með samstarfs- og þjónustusamningum við hagsmunaaðila miðborgar.
- Tengiliður við rekstrar- og hagsmunaðila, borgarstofnanir og stofnanir utan borgar um málefni miðborgar.
- Ráðgjöf til fagsviða og annarra um verkefni á vettvangi miðborgar.
- Vinna að eftirliti með stefnu um málefni miðborgarinnar.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi.
- Sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun.
- Leiðtogahæfileikar.
- Greiningarhæfni.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptun.
- Reynsla af verkefnisstjórnun.
- Þekking á rekstri og samningagerð.
- Hæfni í miðlun upplýsinga.
- Brennandi áhugi á þróun miðborgarinnar.
- Reynsla af samráði og samskiptum við hagsmunaaðila er kostur.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu kostur.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf til og með **19. desember nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í tölvupósti, netfang helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Verkefnastjóri
## Fab Lab á Sauðárkróki

Nýsköpunarmiðstöð Íslands auglýsir eftir verkefnastjóra Fab Lab smiðju á Sauðárkróki. Verkefni á sviði frumgerðasmíði, kennslu, þjálfunar, þróunar og ýmiss konar nýsköpunarverkefna í samstarfi við skóla, fyrirtæki, nemendur og frumkvöðla.

**Helstu verkefni**
- Umsjón með rekstri, aðstöðu, tækjum og innra starfi Fab Lab
- Fræðsla og þjálfun kennara grunnskóla og framhaldsskóla
- Viðhald búnaðar og lagers, innkaup og endursala
- Móttaka gesta í Fab Lab, kynningarmál og þróunarstarf

**Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð, frumkvæði, dugnaður og sköpunargleði
- Reynsla af verkefnastjórnun/forritun æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Færni og geta til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi

Frekari upplýsingar veita Frosti Gíslason *frosti@nmi.is* og Hildur Sif Arnardóttir *hildur@nmi.is.* Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Allar umsóknir þurfa að berast á netfangið hildur@nmi.is

**Umsóknarfrestur til og með 12. desember 2016**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hvetur til nýsköpunar og eflir framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi með virkri þátttöku í rannsóknum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • www.nmi.is



# LAGERSTARFSMAÐUR HJÁ BRIMBORG

Brimborg leitar að traustum starfsmanni í framtíðarstarf á varahlutalager fyrirtækisins í Reykjavík. Lágmarksaldur 20 ár.
Gakktu í hóp góðra starfsmanna og sæktu um núna.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Lindargata 57. Eldri borgarar
2ja herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 13.00 – 13.30




Góð 52,9 fm. íbúð á 5. hæð við Lindargötu 57. Útsýni er til norðurs út á sundin og að Esjunni. Svalir til austurs. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara hússins. Sameign er snyrtileg með rúmgóðum svölum til suðurs á hæðinni. Í húsinu er starfrækt félags- og tómstundastarf og hægt er að kaupa hádegismat alla daga og kaffiveitingar virka daga. Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega. **Verð 33,5 millj.**


EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Sérbýli í Fossvogi óskast
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi eða raðhúsi í Fossvogi.

## Sérbýli í Vesturbænum óskast
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi í Vesturbænum.

## Sérbýli á Seltjarnarnesi óskast
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi eða raðhúsi á Seltjarnarnesi.

## Sérbýli í Skerjafirði óskast
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi í Skerjafirði.

## 2ja- 3ja herb. íbúð óskast
Höfum kaupanda að 2ja-3ja herb. íbúð í miðbæ, vesturbæ eða hlíðum.
Æskileg stærð 55-75 fm.

Nánari upplýsingar veitir:
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali,
s: 861 8514, sverrir@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# DETTIFOSSI SÖKKT




„Frábærlega skrifuð bók. Satt að segja trufl-ar það svefn hvað hún kemur á óvart ...“
— ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

„Þetta er stórmerkileg saga og uppgötvun sem Davíð Logi gerir þar sætir tíðindum.“
— SKARPHÉÐINN GUÐMUNDSSON, DAGSKRÁRSTJÓRI RÚV

„Dramatísk saga, hrífandi, fróðleg og spennandi.“
— ILLUGI JÖKULSSON

sögur útgáfa

# NÚNA ER ALLT Á HVOLFI

# AVIS BÍLARNIR

## ERU KOMNIR Í SÖLU OG ERU Á FÁRANLEGA GÓÐU VERÐI

**1 ÁRS ÁBYRGÐ***

Dæmi um bílategundir í boði**



**HYUNDAI i20 COMFORT**
Árgerð 2015
**Tilboðsverð: 1.604.000**
Ásett verð: 1.990.000
Sjálfskiptur



**HYUNDAI i20 CLASSIC**
Árgerð 2014
**Tilboðsverð: 1.121.000**
Ásett verð: 1.320.000
Beinskiptur



**SUZUKI SWIFT**
Árgerð 2014
**Tilboðsverð: 1.282.000**
Ásett verð: 1.590.000
Sjálfskiptur



**VW POLO TRENDLINE**
Árgerð 2014
**Tilboðsverð: 1.121.000**
Ásett verð: 1.390.000
Beinskiptur



**FORD FOCUS**
Árgerð 2015
**Tilboðsverð: 2.088.000**
Ásett verð: 2.590.000
Sjálfskiptur



**HYUNDAI i30**
Árgerð 2014
**Tilboðsverð: 1.362.000**
Ásett verð: 1.690.000
Beinskiptur

Komdu við á
**Bílasölu Reykjavíkur**,
**Bílasölu Íslands** eða
**Toyota Selfossi** og
kannaðu fjölbreytt úrval **AVIS** bíla.
Þú getur gert ótrúlega góð kaup.

Allt að **100%** fjármögnun

**Allt að 1.500.000 kr.**
greiðsluseðlalán og
dreifing til 36 mánaða.
Kynntu þér kostina
á **Pei.is!**

pei

*1 árs ábyrgð gildir eingöngu um Avis bíla.
**Bílaframboð er mismunandi eftir bílasölum.

**AVIS**®
Bílaleiga

# SYRGIR ÁSTINA SÍNA UM ALLA TÍÐ

**Ása Dóra Finnbogadóttir** hefur nýlokið átta hundruð kílómetra göngu um Jakobsveginn þar sem hún reyndi að ná sátt við sjálfa sig og lífið. Hágrátandi í hellirigningu á toppi leiðarinnar yfir Pýreneafjöllin náði hún að sleppa takinu á manninum sínum og sætta sig við að hann getur ekki breytt því að hann er látinn. Hún fann fyrir návist hans alla leiðina.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Það kom fyrst til tals í septemberbyrjun að Ása Dóra Finnbogadóttir gengi Jakobsveginn. Það var vinur Ásu Dóru, stofnandi og driffjöður gönguhópsins Vesen og vergangur, Einar Skúlason, sem kom fyrstur með hugmyndina.

„Hann kom ásamt fólki sem var að ganga með honum og gisti hjá mér á gistiheimilinu. Í hópnum voru nokkrir sem höfðu líka komið á sama tíma í fyrra og þegar Einar sagði þeim að þetta væri í síðasta skiptið sem ég tæki á móti þeim á Bíldudal, fóru þau að spyrja mig hvað ég ætlaði að gera þegar ég væri búin að afhenda gistiheimilið og þegar ég sagðist ekki hafa hugmynd um það kom þessi hugmynd hjá Einari. Ég sagði þeim líka að helst myndi ég vilja koma mér í form til að geta tekið þátt í göngum með þeim, en Einar vildi meina að það væri upplagt að koma sér í form með því að ganga „veginn". Hann ráðlagði mér líka að ganga ein, því ein stærsta upplifunin væri að hitta allt fólkið sem væri að ganga líka," útskýrir Ása Dóra.

**MISSTI EKKI BARA ÁSTINA**

Gistiheimilið sem hún talar um var í hennar eigu en hún hafði á



Á þessum árstíma ganga mjög fáir Jakobsveginn miðað við á sumrin.




Ása Dóra gekk einsömul hinn átta hundruð kílómetra langa Jakobsveg eða „Camino de Santiago". NORDIC PHOTO/GETTY



Ása Dóra ánægð að lokinni göngu um Jakobsveginn.

NÝ SENDING MEÐ JÓLAKJÓLUM OG TOPPUM
Mikið úrval í stærðum14-28 eða 42-56
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

























Curvy.is Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Eins mjúkur og hann er góður.



Pappírinn okkar er ekki bara mjúkur. Hann er líka góður fyrir umhverfið. Við erum stolt af því að nær allar vörur Lambi bera umhverfismerkið Svaninn. Það að þýðir að ítarlegt mat hefur verið framkvæmt fyrir allan vistferil vörunnar, til að tryggja lágmörkun umhverfisáhrifa.

**Mjúkur eins og lamb**



þessum tíma nýlega tekið ákvörðun um að selja það. Ása Dóra hafði rekið gistiheimilið með manni sínum, Magnúsi Kristjáni Björnssyni, sem lést í fyrrasumar þegar Jón Hákon BA-60 fórst úti fyrir Aðalvík á Hornströndum. „Það var mikið áfall fyrir mig, því það má segja að ég hafi ekki bara misst ástina mína og maka, heldur líka samstarfsmann, besta vin og félaga. Við hlógum stundum mikið yfir því hvað við værum léttklikkuð, því við vorum samstíga í því sem okkur datt í hug að gera þrátt fyrir að flestum þætti það galið. Það gerðist margt gott og skemmtilegt á þeim tíma sem við áttum saman og eiginlega ótrúlegt að það hafi bara verið fjögur ár.“

Í kjölfarið á andláti Magnúsar rifjuðust upp önnur áföll og atburðir sem Ása Dóra hefur orðið fyrir í lífinu og aldrei unnið úr heldur bara haldið einhvern veginn áfram. Að þessu sinni fannst henni hún algjörlega buguð og var nánast búin að missa allan lífskraft. Ása Dóra fékk því mánaðardvöl í febrúar á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði sem gerði henni nokkuð gott. „Ég átti svo bókaðar tvær vikur í viðbót í Hveragerði sem ég ætlaði að taka í október. Ég afpantaði dvölina og ákvað að ganga átta hundruð kílómetra í staðinn,“ segir hún og skellir upp úr.



Ása Dóra var óvön göngum áður en hún lagði af stað. Henni tókst hins vegar að fara alla leið þrátt fyrir að hafa ekki mikla trú á því í upphafi. MYNDIR ÚR EINKASAFNI

### SKYNDIHUGDETTA FRAMKVÆMD

Ása Dóra tók vel í hugmynd Einars um að ganga Jakobsveginn en hafði litla hugmynd um hvað málið snerist um og hélt að þetta væru kannski tvö til þrjú hundruð kílómetrar sem gengnir væru á tveimur til þremur vikum. „Þegar ég fór að lesa mér til komst ég að því að þetta var heldur betur aðeins meira, eða um átta hundruð kílómetrar og mér leist fyrst ekkert á blikuna! Eftir smá spjall við Einar, ákvað ég að drífa mig og markmiðið var að ganga þangað til mig langaði ekki að ganga meira, hvort sem það yrðu tveir dagar eða tvö hundruð kílómetrar. Mér datt ekki í hug að ég myndi klára þetta en held samt að undir niðri hafi ég verið að vonast til þess, en ákveðið að slá þennan varnagla.“

Ferðin var að sögn Ásu Dóru lítið og seint skipulögð og eiginlega hægt að segja að hún hafi verið skyndihugdetta sem hún skellti sér í að framkvæma. Spurð hvort ferðin hafi verið eins og hún hafi búist við segist hún eiginlega ekki alveg hafa vitað út í hvað hvað hún var að fara. „Ég hlakkaði til að fara út, breyta um umhverfi og fá að einbeita mér að því sem ég þyrfti að gera til að komast áfram og að því leyti var ferðin eins og ég bjóst við. Mér fannst forréttindi að fá að lifa svona einföldu lífi þennan tíma sem það tók mig að ganga og kannski var það að einhverju leyti ástæðan fyrir því að ég hélt áfram, þarna var maður einhvern veginn verndaður frá því að takast á við „alvöru“ lífið,“ segir hún hugsi og bætir við: „Kannski hélt ég að ég fengi hugljómun og svör við öllum mínum spurningum á göngunni. Svörin eiga kannski eftir að koma til mín en ég held að ég sé ekki farin að sjá lengra inn í framtíðina en ég gerði áður en ég fór út. Ég hef þó þá trú að eitthvað gott og skemmtilegt komi til mín.“



Margt var um manninn á sumum gististaðanna sem Ása Dóra gisti á.

> Kannski hélt ég að ég fengi hugljómun og svör við öllum mínum spurningum á göngunni. Svörin eiga kannski eftir að koma til mín en ég held að ég sé ekki farin að sjá lengra inn í framtíðina en ég gerði áður en ég fór út.
>
> Ása Dóra Finnbogadóttir

### KOM SJÁLFRI SÉR Á ÓVART

Það kom Ásu Dóru virkilega á óvart í ferðinni hvað hún í raun er fær um að gera. „Ég gat gengið í um fjörutíu daga af þeim 45 sem ferðin tók mig, frá fimm kílómetrum upp í hátt í fjörutíu kílómetra þá daga sem ég gekk. Sætt mig við kulda og rigningu, svita og hita í sólinni sem þó oftast var notaleg. Að búa um mig í svefnskála með fullt af öðru fólki í kojum, stundum efri koju, oftast neðri samt. Þola hrotur, alls konar lykt úti og inni, misgóð þrif á vistarverum og alls konar umhverfi á leiðinni, sturtur sem stundum eru fyrir bæði kynin, oftast enga aðstöðu til að geyma fötin sín án þess að þau blotni og ömurlegt handklæði. Vakna svo fyrir allar aldir þegar fólk byrjaði að pakka og drífa sig út og fara út að ganga, með stöðuga verki í fótunum alla daga sem versnuðu bara eftir því sem lengra var gengið og voru verstir á nóttunni. Þetta get ég allt og meira til! Ég á líka örugglega eftir að segja við sjálfa mig þegar ég tekst á við erfið verkefni hér eftir: „Ég gekk átta hundruð kílómetra, ég hlýt að geta þetta!““ lýsir Ása Dóra stolt í bragði.

Ása Dóra segir að það sem erfiðast hafi verið fyrir utan gönguna sjálfa var hve hún saknaði oft fjölskyldu og vina. Stundum hafi komið upp hjá henni efasemdir um hvað hún væri eiginlega að þvælast þarna í staðinn fyrir að verja tímanum með þeim. „Ég missti til dæmis af brúðkaupi dóttur Magga sem mér fannst mjög erfitt og skírn hjá syni hans. Eftir á að hyggja er ég glöð yfir að ég kláraði gönguna og held að allir hafi sýnt því skilning.“

### VINIR TIL FRAMTÍÐAR

Hún nefnir að samskiptin við fólkið sem hún kynntist á leiðinni og vinskapurinn sem myndaðist á stuttum tíma hafi verið það eftirminnilegasta við ferðina. „Fólkið sem ég kynntist á leiðinni frá ýmsum löndum er eitt það besta við ferðina. Ég gekk með þeim og hitti á gististöðunum, spjallaði, dansaði, hló og grét með þeim, öskraði og söng! Ég er örugglega búin að eignast nokkra góða vini til framtíðar,“ segir Ása Dóra sem var einmitt stödd í Madrid hjá fólki sem hún gekk með fyrstu dagana þegar viðtalið var tekið, en þau buðu henni að koma í heimsókn til sín áður en hún færi heim aftur.

Auk þess lærði hún líka nokkur orð í spænsku, kynntist borgum og þorpum sem hún hefði tæplega heimsótt, sá vínakra og smakkaði vínberin. „Mér finnst líka frábært hvað ég hef styrkst og fengið meira þrek og ekki er verra að þegar ég fann loksins vigt til að stíga á, sýndi hún um ellefu kílóum minna en vigtin mín heima áður en ég lagði af stað,“ segir hún brosandi og bætir við að hún geti ekki hætt að hreyfa sig núna. „Ég hlakka virkilega til að ganga og jafnvel hlaupa – án bakpoka.“

### DÝRMÆT UPPLIFUN

Það allra dýrmætasta sem Ása Dóra upplifði á leiðinni var að hún náði að sleppa takinu á manninum sínum. „Ég sætti mig við að ég get ekki breytt því að hann er farinn, þó að ég eigi eftir að syrgja hann alla tíð. Hágrátandi í hellirigningu á toppi leiðarinnar yfir Pýreneafjöllin. Einhvern veginn fannst mér hann samt vera með mér alla leið, enda hefði þetta átt vel við hann. Ég sá hann oft fyrir mér og það var eins og hann hvetti mig áfram á erfiðu köflunum.“

Ása Dóra leyfði vinum og fjölskyldu að fylgjast með sér á samskiptamiðlum á leið sinni og segir hún það hafa hjálpað sér yfir erfiðustu hjallana. „Það hjálpaði mér svo sannarlega og ég er ofboðslega þakklát öllum sem fylgdust með mér og hvöttu mig áfram. Og ég þakka líka Einari enn og aftur fyrir að benda mér á að ganga Jakobsveginn. Ég kem úr þessari ferð með miklu meiri trú á sjálfa mig og vissu um hvað ég get.“





TACTIC
Krakka ALIAS
Myndaútskýringas
Vertu fljótur að segja hver þú ert!
PARTÝLEIKURINN
SEGÐU
Elvis Presley
Marilyn Monroe
Fánar Veraldar
Krakka-Alias
Segðu
Fánar veraldar
SKEMMTILEGU BORÐSPILIN
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
ERU KOMIN Í
netto
ALIAS
Frægir
Skáldskapar-persónur
Þjóðerni
Atvinnu-greinar
Pocahontas
Egypti
Harry Potter

**HÚSASMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM Í NÓVEMBER.**
Gips, viðgerðir, uppsetning á innréttingum, gluggum og hurða ísetning. Þakrennur og niðurföll. Lekavandamál í húsum. Sumarhús. Öllréttindi og mikil reinsla. Get tekið að mér Byggingarstjórn. Tilboð, tímavinna.

Upplýsingar í s 893-5374 eða nybyggd@gmail.com




**SMIÐSKRAFTUR EHF. NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**


**S: 77 200 40**
**Húseigendur – Verkefnastjórar**
**Fyrir jólin.**
Nýtt eldhús - Nýtt bað
Nýsmíði – Viðhald
Flísalagnir - Gipsvinna
Uppsláttur – Öll Smíði
**www.smidaland.is**

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- *MÚRVINNA*
- *SMÍÐAVINNA*
- *MÁLNINGARVINNA*
- *JARÐVINNA*

*TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !*
**Uppl. í s: 788 8870 eða murumogsmidum@murumogsmidum.is**
**Múrum og smíðum ehf**

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Slökurnudd, Heilsunudd á nuddstofunni á Grafarvogi. Tímapantanir í Síma 771 2117.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspá og tímapantanir í s. 844 1596

## Rafvirkjun

**Uppsetning og Þjónusta**
Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar
**Loftnetstaekni.is**
**S: 894 2460.**

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**HUMARSALAN**
SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

Svartur síður persianer pels nr. 46 með stórum kraga. Uppl. í s. 568 2544

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
**Vandaðir krossar á leiði!**

JS Ljósasmiðjan
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...

## til sölu

**GLUGGA GERÐIN**
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig


lind@talent.is


bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

# TILBOÐSBÍLAR DAGLEGA

Lykill fjármögnun
**ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN Í BOÐI**


**DACIA Duster 4x4.**
Árgerð 2016, ekinn 22 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.990.000.**
Rnr.260009.


**TOYOTA Hilux gx .**
Árgerð 2016, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 6.790.000.**
Rnr.197599.


**HYUNDAI Ix35 ponorama.**
Árgerð 2015, ekinn 67 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 3.990.000.**
Rnr.106868.


**RENAULT Kangoo express.**
Árgerð 2015, ekinn 17 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
**Verð 1.920.000.**
Rnr.107286.


**NISSAN Note visia.**
Árgerð 2011, ekinn 144 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 990.000.**
Rnr.260036.


**FORD Fiesta trend.**
Árgerð 2012, ekinn 99 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.090.000.**
Rnr.260060.


**NISSAN Pulsar tekna**
Nýr bíll. Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 2.990.000.**
Rnr.260006.


**HYUNDAI Tucson premium**
Nýr bíll. Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 6.390.000.**
Rnr.260029.


**SUZUKI S-cross .**
Árgerð 2015, ekinn 37 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.990.000.**
Rnr.260028.


**SUZUKI Swift gl.**
Árgerð 2015, ekinn 57 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.990.000.**
Rnr.106912.


**SUZUKI Grand vitara.**
Árgerð 2007, ekinn 223 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.190.000.**
Rnr.197597.


**SUBARU Forester.**
Árgerð 2016, ekinn 24 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.790.000.**
Rnr.106618.


**SUBARU Legacy outback.**
Árgerð 2016, ekinn 25 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 5.690.000.**
Rnr.270050.

**bíll.is**
bestir í bílum...

Opnunartímar: Mán – fös 9-18 • Lau. 12-16 • Sun. Lokað
Malarhöfði 2a, 110 Rvk. - www.bill.is – Sími 577 3777
**ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN Í BOÐI**

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

### Barnavörur



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Stúdíóíbúð í 105 til leigu. Reglusemi óskað. Trygging. Uppl: 8600360.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

115 SECURITY

**JÓLAGÆSLA**
Skilyrði:
-Hreint sakavottorð
-Íslenskukunnátta
-Góð þjónustulund
Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is

GINGER

**GINGER**
óskar eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga. Unnið er frá 9:00-17:00 og 11:00-15:00.

Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða hafðu samband í síma 780-1980

Starfsmaður ( 25-45 ára) óskast í 100 % starf við sandblástur á verkstæði okkar í Hafnarfirði. Umsóknir sendist á vel@simnet.is

Szukamy pracownika ná pelny etat do piaskowania w Hafnarfjörður. Wiek 24-45 lat. Email: vel@simnet.is

**MORGUNMATUR**
Starfsmaður óskast á hótel til að sjá um morgunmat. Vinnutími 06-10. Allar nánari uppl. í s. 899 7004

### Atvinna óskast

Trésmiður með mikla reynslu, af vinnu sem og stjórnun verklegra framkvæmda óskar eftir starfi ellegar verkefnum, hvort heldur sem launþegi ellegar verktaki. 8575000 eða hjarnland@gmail.com

43 ára iðnaðarmaður til 20 ára leitar eftir tilbreytingu í starfi. Leitar eftir framtíðarstarfi, skoða allt mögulegt. Uppl. sendist á krummi@live.com

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 1666**
Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

### til sölu

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA



**Til sölu**

Eitt virtasta parketþjónustufyrirtæki landsins frá 1984, er til sölu.

Upplýsingar gefur Þorsteinn Geirsson í síma 898 1107.

### skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardaginn 3. des**
12:30 Man. City - Chelsea
17:20 W.H. United - Arsenal

**Sunnudaginn 4. des**
13:20 Bournemouth - Liverpool
15:50 Everton - Man. United

**Hljómsveitin Klettar**



Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.

Allir velkomnir

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is




**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Frábær opnunartilboð í gangi hjá okkur núna!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 eða helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart




**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is



KitchenAid
HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT
KitchenAid
Sanseraðir litir
FULLT VERÐ... 107.990
( Hrærivél 92.995 + áhaldasett 14.995 )
TILBOÐSVERÐ.. 92.995
FULLT VERÐ.... 104.990
( Hrærivél 89.995 + áhaldasett 14.995 )
TILBOÐSVERÐ... 89.995
HVÍT
PHILIPS
TÖFRASPROTI
550W
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........7.995
ALDREI
VERIÐ
LÉTTARA
AÐ SLÉTTA
ÚR FLÍKUM
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........6.495
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
Kai PureKomachi2
3STK HNÍFASETT
Magnað jólatilboð
VERÐ ÁÐUR...11.985
TILBOÐ ...........7.995
Zassenhaus OSTAHNÍFAR
VERÐ... 2.995
Le Creuset
POTTUR 24sm
VERÐ...39.995
Le Creuset
PANNA 26sm
VERÐ...24.995
Fissler Paris
POTTASETT
5stk
VERÐ ÁÐUR....44.995
TILBOÐ ..........29.995
Le Creuset
Salt- og piparkvarnir
VERÐ... 8.245
TREBS
SMOOTIE TO
GO BLANDARI
2x 570ml
könnur fylgja
VERÐ... 5.995
Princess
SALT- OG
PIPARKVÖRN
Með
grófleikastilli
JÓLAVERÐ.....3.995
Fyrir nákvæmari
eldamennsku
SOUS
VIDE
TÆKI
VERÐ...17.995
ÍSLENSKA PÖNNNUKÖKU
PANNAN
„Eins og
amma á"
VERÐ...10.995
Le Creuset
ELDFAST MÓT
32sm
VERÐ.....8.995
EVA TRIO
SÓSUPOTTUR
1,1 LÍTER
VERÐ ÁÐUR....14.995
TILBOÐ ............9.995
Sodeastream
PLAY
VERÐ ÁÐUR...14.995
TILBOÐ .........10.995
ARIETE
HAMBORGARA
HEILSU
GRILL
Með brauðhitara
VERÐ...... 7.995
Eva Solo
KARÖFLUR
VERÐ... 7.995
illy
Francis Francis X7.1
KAFFIVÉL FYRIR HYLKI
MJÓLKURFLÓARI
AÐ ANDVIRÐI
15.995 FYLGIR
KAUPAUKI
FULLT VERÐ... 36.995
TILBOÐ ......... 29.995
ARIETE
VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR
VÖFFLUR
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........4.995
ROSENDAHL
KARAFLA
OG TVÖ GLÖS
VERÐ...... 4.995
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILL
FAMILY 5
51sm² grillflötur
Allt að
42%
minni fita
VERÐ ÁÐUR...11.995
TILBOÐ ...........9.995

# Grípa í skugga á sviðinu



Arnmundur Ernst Backman og Aldís Amah Hamilton æfa hlutverk sín í Óþelló og spegla sig í þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Harmleikurinn um Óþelló er jólasýning Þjóðleikhússins í ár. Þau **Arnmundur Backman** og **Aldís Hamilton** fara með hlutverk í sýningunni og ræða um leikverkið, íslenskt samfélag og arfleifð foreldra sinna.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Arnmundur Ernst Backman og Aldís Amah Hamilton fara með hlutverk Kassíós og Desdemónu í uppfærslu Vesturports á Óþelló.

Arnmundur útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands árið 2013 og Aldís vorið 2016. Þau eru á meðal þeirra ungu og upprennandi leikara sem taka þátt í uppfærslu Vesturports á Óþelló, jólasýningu Þjóðleikhússins í ár. Hlutverk Aldísar er hennar fyrsta í Þjóðleikhúsinu.

Aldís: „Við erum núna að æfa í leikmynd og fara í búninga, svo þetta er spennandi vika fram undan. Börkur Jónsson sér um leikmynd og hún er mögnuð.“

Arnmundur: „Börkur kemur einhvern veginn alltaf á óvart. Það er svo skemmtilegt þegar verkið er komið á þennan stað í ferlinu.“

Kynhlutverk eru ekki eftir hefðbundinni forskrift í uppfærslunni. Jagó er til að mynda kona leikin af Nínu Dögg Filippusdóttur.

Arnmundur: Þetta er sterkt í leikhússenunni í dag, að snúa kynjahlutverkum við. Hvað varðar Jagó, þá er það í fyrsta skipti í leikhússögunni sem það er gert sem kemur á óvart.“

Aldís: „Mér finnst þetta spennandi. Að máta konu í þetta hlutverk illmennis. Vesturport er þekkt fyrir að reyna á mörkin. Fjölbreytnin er mikilvæg, fyrir utan það að þessar dökku hliðar mannlegs eðlis, þær eru ekki bara karla. Heldur kvenna líka.“

Arnmundur: „Kassíó er að nokkru leyti fórnarlamb aðstæðna. En samt ekki. Hann er framapotari, kann að leika leikinn. Í upphafi er hann tekinn fram yfir Jagó og það hrindir atburðarásinni af stað. Pabbi lék þetta hlutverk fyrir 27 árum.“

Aldís: „Hefur þú horft á það?“

Arnmundur: „Nei, er það til á myndbandi? Úff. Nei, ég er ekki viss um að ég vilji gera það. Maður fer í ákveðið ferðalag gagnvart foreldrum sínum. Fólki sem vinnur með mér finnst alltaf vera að bregða fyrir skuggum í leikhúsinu. Annað hvort eru þeir frá mömmu eða pabba. Ég get ákveðið að fjarlægjast skuggana eða bara grípa þá. Ég held ég sé búinn að ákveða að grípa þá. Nota það besta.“

Faðir Arnmundar er Björn Ingi Hilmarsson leikari og móðir hans Edda Heiðrún Backman heitin. Móðir Aldísar er Alda Sigmundsdóttir rithöfundur og faðir hennar er Ricky Hamilton, búsettur í Bandaríkjunum. Leiðir foreldra Aldísar skildu þegar hún var um ársgömul. Hún hefur ekki séð hann síðan.

„Það er alltaf gaman að uppgötva að maður býr yfir góðum eiginleikum foreldra sinna því á uppvaxtarárum ætlar maður sér ekki að líkjast foreldrum sínum. Svo lærir maður að meta þau á fullorðinsaldri og það sem þau hafa gefið manni.

Ég finn að ég hef þörf fyrir að tengjast föður mínum og föðurfjölskyldunni betur. Ég sendi honum stundum tölvupóst og af og til hringjumst við á. Ég sker mig úr hér á landi. Ég er stolt af því og langar að tengjast uppruna mínum enn betur. Foreldrar okkar fylgja okkur. Stundum segir mamma þegar ég hlæ: Þú hlærð alveg eins og pabbi þinn. Þannig er þetta, foreldrum okkar bregður fyrir, þó að það séu bara gen, vöðvar, eitthvað líkamlegt.“

Harmleikur Williams Shakespeare um Óþelló er reglulegt viðfangsefni íslenskra leikhúsa. Hvernig hafa þau nálgast sín hlutverk?

Aldís: „Ég hef pælt heilmikið í verkinu og speglað í eigin reynslu. Myrkir eiginleikar mannsins eru undir smásjá, stórýktir. Hlutverkið býður í ferðalag. Desdemóna er í huga sumra hið hefðbundna kvenfórnarlamb. En í mínum huga er hún líka töffari því hún talar gegn föður sínum og hefðbundnum venjum um hjónaband. Velur sinn eigin veg sem endar með látum auðvitað. Stolt og barnsleg einlægni eru ef til vill hennar lestir því frekar en að gefast upp þá trúir hún á lausn. Hún sér ekki að hún er með veikum manni. Heilbrigð manneskja myndi láta staðar numið.“

Arnaldur: „Kassío er auðvitað algjör hálfviti. Hann er dónalegur, ruddi. En ég er að skoða mýkri hliðar hans. Hann er alltaf í einhverri rullu. Ef hann væri í Reykjavík á okkar tímum, þá væri hann mögulega hipster. Rekstrarstjóri á Gló Street Food, samt í viðskiptafræði líka í HR og svo er hann kannski tímabundið fasteignasali. Allt til skemmri tíma, því hann á von á því að verða hampað, því hann er svo stórkostlegur!“

> MAÐUR ER HÆTTULEGASTUR SJÁLFUM SÉR ÞEGAR ÞAÐ GENGUR VEL. ÞÁ FER HÉGÓMINN AF STAÐ.

Aldís: „Hann ráðskast líka með fólk.“

Arnmundur: „En mér þykir samt vænt um hann. Okkur verður að þykja vænt um karakterinn, þrátt fyrir að hann sé gallaður.“

Aldís: „Við verðum líka að hafa húmor, fyrir aðstæðum og fyrir okkur. Þótt undiraldan sé þung í harmleik eins og Óþelló þá er samt rými fyrir húmor og ást. Við nýtum það rými í þessari uppfærslu.“

Arnmundur: „En svo er líka stórkostlegt ferðalag að fylgjast með þessum reynsluboltum vinna og læra af þeim. Þetta er stórskotalið. Gói, Ingvar Sigurðsson, Björn Hlynur, Ólafur Egill og Nína.“

Arnmundur er svo til alinn upp í leikhúsi. Aldís þekkir líka Þjóðleikhúsið og fékk stundum að heimsækja afa sinn þangað í vinnuna.

Aldís: „Afi minn var verkefnastjóri í leikhúsinu, Sigmundur Örn Arngrímsson. Hér fékk ég stundum að hanga. Hann var vel liðinn og það fattar það enginn af sjálfsdáðum að ég er barnabarn hans. Ég horfði á sumar sýningarnar aftur og aftur, eins og til dæmis Kardimommubæinn sem var í uppáhaldi.“

Arnmundur: „Þetta er nú munurinn á okkur. Á meðan þú varst að horfa á Kardimommubæinn, þá var ég að horfa endurtekið á farsann Sex í sveit og var kominn með mikið óþol fyrir því verki.“

En hafa þau bæði verið ákveðin í að verða leikarar?

Aldís: „Já og nei. Ég gekk í Verslunarskólann og komst ekki inn í Nemó. Ég hafði kannski ekki sama kjark og þor og aðrir sem fengu þar inni. Ég var meira leitandi og var búin að skrá mig í kínverska viðskiptafræði í HÍ en endaði í Listaháskólanum. Ég hefði kannski ekki komist þangað ef mér hefði ekki verið hafnað, ég held það sé hollt. Þá horfist maður í augu við það sem maður vill og annaðhvort heldur áfram eða ekki.“

Arnmundur: „Það er alveg rétt. Baráttan er mikilvæg. En það þarf ekki síður sterkan skráp í það þegar vel gengur. Maður er hættulegastur sjálfum sér þegar það gengur vel. Þá fer hégóminn af stað. Ég var svo mikill unglingur. Í leiklistinni gekk mér vel, þegar boltinn fór að rúlla leið námsáhuginn fyrir það. Þannig að hér er ég nú. Kannski vil ég nú samt einhvern tíma læra frönsku? Eða bara eitthvað annað.“

Aldís: „Hafðu nú ekki áhyggjur af þessu. Ég lærði á Excel, ég hef ekkert að gera við það í dag. Þú getur lært frönsku seinna, Arnmundur.

Það er nefnilega málið, leiklistin er ein af þeim starfsgreinum þar sem þú verður að hamra járnið meðan heitt er, á meðan þú ert ungur. Hlutverkin eru mörg skrifuð fyrir ungt fólk, sérstaklega konur. Það er, held ég, ekki tekið inn í skólann eftir að þú verður 28 ára. Þetta eru hlutir sem maður þarf að uppgötva snemma og vita að þetta er það sem þú ætlar að gera. Þetta er fórn.“

netto

markhönnun ehf

# JÓLABÓKIN Á FRÁBÆRU VERÐI Í NETTÓ




PETSAMO
**4.199 KR**




VÍSINDABÓK VILLA
SKYNJUN OG SKYNVILLUR
**3.761 KR**




ELSKU DRAUMA MÍN
**4.499 KR**




HESTVÍK
**4.157 KR**




NETIÐ
**4.698 KR**




NÓTTIN SEM ÖLLU BREYTTI
**4.689 KR**




SVARTALOGN
**4.619 KR**




STJÖRNUSKOÐUN
**3.952 KR**




PASSÍUSÁLMARNIR
**4.549 KR**




PABBI PRÓFESSOR
**3.215 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 3. - 4. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# BÆKUR

**Úlfar Þormóðsson** á fimmtíu ára rithöfundarafmæli um þessar mundir og sendi einnig nýverið frá sér skáldsöguna Draumrof þar sem hann meðal annars kannar hvað er mögulegt á mörkum svefns og vöku, draums og veruleika.



Úlfar Þormóðsson fagnar fimmtíu ára rithöfundarafmæli um þessar mundir en er þó lítið fyrir að horfa um öxl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Maður er svo gríðarlega opinn á þessum andartökum

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Takk fyrir það. Mér finnst eiginlega hálf öld hljóma svakalegar. Þetta er náttúrulega asskoti langur tími," segir Úlfar Þormóðsson þegar honum er óskað til hamingju með fimmtíu ára rithöfundarafmælið sem hann á um þessar mundir. Það hefur nú gengið á ýmsu á þessum tíma en eins og Úlfar bendir á þá hefur hann nú líka fengist við sitthvað fleira á þessum tíma. „Ég var í margföldu brauðstriti með þessu alveg til 1993 en þetta hefur verið skemmtilegt."

Aðspurður hvort það sé eitthvað sem standi upp úr á þessum ferli í huga Úlfars, þá stendur ekki á svari: „Ég er bara ekki þeirrar gerðar að ég líti baka og skoði hvað var nú eiginlega að gerast. Var eitthvað gott í þessu? Ég veit það ekki. Ég horfi ekkert þannig á það," segir Úlfar og hlær sínum hrjúfa hlátri.

Úlfar hefur reyndar á stundum synt á móti straumi í veröld íslenskra bókmennta og hann þvertekur ekki fyrir það. „Nei, það er alveg rétt. Ég hef aldrei verið svona vinsældahöfundur, enda hvorki lagt mig fram við það eða sniðið mína texta að því að verða vinsæll og innundir. Reyndar ekki í neinu sem ég hef gert hvort sem það hefur verið tengt ritstörfum eða öðru."

## Fjórði maðurinn

Draumrof, nýjasta skáldsaga Úlfars kom út fyrir skömmu, en þar tekst höfundurinn meðal annars á við forvitnilegar spurningar um liðna tíð og hver á líf eða sögu. „Já, já, ég held að það sé nánast óhjákvæmilegt þegar maður er að fást við skriftir að velta þessu fyrir sér. Maður kíkir óhjákvæmilega á þessa línu, þessi mörk. Maður þekkir þau ekki alltaf endilega eða veit hvar þau liggja."

En skyldi til að mynda Draumrof innihalda margt sem Úlfar hefur sótt í sitt líf? „Í bókinni segi ég eitthvað á þá leið að höfundur skrifar aldrei um sjálfan sig nema allavega að gera sig að öðrum. Hann segir allt satt af sjálfum sér. Vegna þess að hann er eins og aðrir, hræddur við sannleikann, og þá býr hann til eitthvað. Einhvern annan sem hann klínir sannleikanum á. Og það er það sem höfundurinn í þessari bók er einmitt að reyna að gera en það er þarna hakkari sem sér við honum. Veit að hann ætlar að gera þetta. Veit að hann ætlar að nota hann sem blóraböggul. Og er það ekki líka þannig í daglegu lífi ef þú ætlar að ljúga þig út úr hlutum? Þá kemur fjórði maðurinn og bankar í þig? Eða hvað?"

En hvað er fjórði maðurinn? Því fæst best svarað með þessu broti úr skáldsögu Úlfars:

*Hérna verð ég bara að leggja lykkju vegna þess að núna, þegar ég skrifa þetta, eðlilega ekki þegar ég sagði það, fer um huga minn örsaga úr þínum fórum. Mér þykir hún skondin með tilliti til þess að fyrir allmörgum árum fór ég að nota orðin fjórði maðurinn í ákveðinni merkingu, gaf þeim hana, ef svo má að orði komast.*

*Og þetta skrifar þú:*

*Fjórði maðurinn*

*Það bar til um þessar mundir*

## Draumrof

Það var hlýr sumardagur, sólarglærur annað slagið og sunnanvindur eins og í ástarsögu. Konan var í bankanum en ég á vinnustofu, sem þá var í kjallara við Bergstaðastræti. Ég var að semja lesandabréf fyrir Viðskiptaráð. Það var ætlað til birtingar í dagblöðum og átti að fjalla um ágæti þess að verða sér úti um skattaafslátt með því að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum. Í bréfinu var ég sjómaður að vestan sem hafði ekki aðeins lækkað skattana verulega með þessum hætti, heldur aukið eigur mínar umtalsvert og tryggt mér áhyggjulaust ævikvöld. Þó svo að þetta væri ágætlega borgað gekk mér ekki vel með þetta, fann ekki ástríðuna og mig rak í vörðurnar hvað eftir annað. Þar kom að ég ákvað að fresta þessu og fór út í sumarið.

Ég var utan við mig, anaði yfir götuna og beint fyrir bíl. Hann snarbremsaði, stoppaði með stuðarann við legginn á mér, flautaði mig inn í samtímann með skerandi ofsa og bílstjórinn vatt niður rúðuna og jós yfir mig óbótaskömmum. Allt á sama andartaki fannst mér. Ég gekk í fáti aftur á bak upp á stéttina á meðan maðurinn lauk sér af.

Þá gerðist þetta:

Ég skynjaði návist konu sem var á hægri göngu handan götunnar. Ég fann fyrir henni en ég sá hana ekki greinilega. Samt vissi ég að hún kímdi. Í sama mund og ökumaðurinn tæmdi sitt ókvæðisorðasafn og rykkti af stað með steyttan hnefa út um bílgluggann, hvarf konan inn í hliðargötu.

Ég hafði orðið fyrir töfrum, var fullur af tilvist þessarar konu, bergnuminn. Og án þess að taka ákvörðun um það, hélt ég á eftir henni, fór í humátt fyrst en var farinn að hlaupa við fót þegar ég skynjaði návist hennar á nýjan leik. Það var áður en ég sá hana. Svo kom ég auga á hana; smávaxna konu sem fór á valhoppi í mannmergð sumardagsins. Samstundis hugkvæmdist mér að skálma yfir götuna, taka fram úr henni og snúa til baka á sömu stétt og hún fór eftir og ganga til móts við hana.

Ég lét verða af því og seiðurinn hvarf þegar ég mætti henni.

Andlitið var rammað inn í skollitt hár, stuttklippt. Ásjónan skæld; augun sátu mishátt, nefið lagðist út í annan vangann og munnurinn skakkur. Hún var ófríð þótti mér; hálsstutt, virkaði mittislaus og mjaðmabreið með digra kálfa. Hvernig ætli kýrnar séu, fyrst kálfarnir eru svona? kvað þingeyskur ljóðasmiður innan í mér þegar ég hafði kastað augum á hana, nam staðar og sneri mér undan í sama mund og hún gekk framhjá mér.

Þá tók ég eftir vörunum. Þær voru þrýstnar og rakar. Sólin speglaði sig í þeim. Það var laglegt. Og svo fann ég lykt, mannaþef.

Þá gerðist það aftur.

Ég heillaðist og fékk ekki við mig ráðið, gekk hana uppi, ávarpaði hana af yfirveguðu kæruleysi, sagði: „Fröken", en komst ekki lengra með kveðjuna því að hún sneri sér við í sporinu og staðhæfði með töfrandi raddblæ:

„Frú!" Svo brosti hún ertandi, rétti úr sér og reigði sig; hálsinn lengdist og andlit hennar færðist í allt aðrar skorður en það var í við fyrsta tillit, varð hrífandi.

„Gæti hugsað mér að bjóða þér í kaffi eða eitthvað," sagði ég af sama kæruleysi og áður, að viðbættum sölumannsbrosvotti.

„Ég er ekki hissa á því," svaraði hún án þess að bregða svip.

Og það varð úr.



*að þrír menn reru austur yfir fjörð í sólarlogni. Himinninn var undir og yfir og sjófuglar görguðu af hrifningu yfir spegilmynd sinni. Ferðin gekk áfallalaust. Þegar þeir lögðu að stóðu fjórir menn upp undan árum. Enginn þeirra kunni skýringu á þessu og aldrei vissu þeir hver þeirra var fjórði maðurinn.*

*„Og hver er hann, fjórði maðurinn?“ spurði lögreglukonan.*

*„Þetta er orðatiltæki,“ svaraði ég. „Notað þegar sá sem segir frá hefur ekki lyst á að nafngreina þann sem um er rætt, veit ekki hver hann er eða vill ekki vita það.“*

*Draumrof, bls. 55-56*

„Nei, ekki svo. Ég var blaðamaður á Þjóðviljanum í mörg ár og þegar ég hætti því þá kunni ég orðið utanbókar eitt þúsund símanúmer eða svo. En þegar ég hætti að nota þau þá týndi ég þeim og þá áttaði ég mig á því að gleymskan kemur að hluta til, þegar maður er ekki að tala um sjúkdóma eins og Alzheimer, vegna vanrækslu eða af því að maður æfir sig ekki. En ég hef ekki verið mjög hræddur við gleymskuna sjálfur.“

## Á milli draums og veruleika

Aðspurður hvort það séu skrifin sem halda huganum við í hans tilfelli þá segir Úlfar að eflaust sé það nú að einhverju leyti. „En þetta er líka ... ég segi ekki áþján. En þetta er eitthvað sem þú losar þig endilega við eða hættir. Þegar blaðamenn hætta að skrifa í blað þá þurfa þeir samt að halda áfram að skrifa, þetta er komið inn í þá og það er ekkert hægt að losna frá þessu. Það er þarna krafa, sem þú veist ekkert endilega hvaðan kemur eða af hverju hún beinist að þér, en þú verður fyrir henni og kemst ekki undan henni.“

Titill skáldsögunnar Draumrof er sóttur í þjóðsagnalegt fyrirbæri. Fyrirbæri sem kannar hvað er mögulegt á mörkum svefns og vöku, draums og veruleika. Úlfar segir að það sé til aðeins ein íslensk þjóðsaga um þetta fyrirbæri og hún kemur við sögu í bókinni. „Þetta er sem sagt raunveruleg þjóðsaga,“ segir Úlfar og hlær. „Þessi hugmynd er unnin út frá þessari sögu og kannski líka einhverri leyndri ósk að við kíkjum á og rannsökum betur hluti sem við höfum hent frá okkur hingað til og afskrifað sem bábilju. En hvers vegna ekki að skoða þessa hluti betur og vita hvort okkur opnast einhverjar nýjar víddir til þess að njóta lífsins í?“

En skyldi það vera þjóðsagan eða tilhugsunin um hið mögulega sem hafi dregið Úlfar að þessu forvitnilega efni? „Ég er nú enn þá þeirrar gæfu aðnjótandi að sofna á hverjum sólarhring og vakna aftur enn þá. Og oftar en ekki þá eru það nú dáldið magnaðar stundir á meðan maður er að sofna og meðan maður er að vakna. Þegar meðvitundin er í fyrra tilfellinu að skríða frá manni og í hinu tilvikinu að koma að manni. Ef maður nær einhverri örlítilli einbeitingu á þessum stundum þá er þetta alveg magnaður tími. Maður er svo gríðarlega opinn fyrir hverju sem er.“

Þegar Úlfar er spurður um það hvort hann ætli að halda ótrauður áfram að skrifa nú í framhaldi af hálfrar aldrar höfundarafmælinu þá segist hann einfaldlega ekki komast undan slíku. „Já, ég hef svo sem ætlað að hætta. En hvenær verður maður tréhestur? Fyrir bæði sjálfum sér og öðrum. Þegar að því kemur þá hefur maður auðvitað ekki vit til þess að skynja það og það eru hryllileg örlög. Þannig að ég held bara áfram en vona að ég hætti í tíma.“

## Gleymskan hræðir

En er þá ákveðin hagræðing fólgin í því að skrifa? „Já þetta er svona tiltekt.“ Í Draumrofi er Alzheimer-sjúkdómurinn nokkuð fyrirferðarmikil og það vekur upp spurningar um það hvort það sé skyldleiki á milli þessara hugmynda og hvort skrifin séu byggð á óttanum við að gleyma? „Já, eru ekki andskoti margir einmitt hræddir við að gleyma. Það kemur yfir fólk, sérstaklega þegar það er orðið eldra og hefur átt einhverja nána sér sem sjúkdómurinn hefur gleypt, að í hvert skipti sem maður man ekki nafn á manni eða eitthvað álíka þá kemur þessi ótti og það er skiljanlegt.

**EN HVERS VEGNA EKKI AÐ SKOÐA ÞESSA HLUTI BETUR OG VITA HVORT AÐ OKKUR OPNAST EINHVERJAR NÝJAR VÍDDIR TIL ÞESS AÐ NJÓTA LÍFSINS Í?**

Ég var staddur í bókabúð í síðustu viku og þar sat fyrir utan kunningi minn. Þegar ég gekk fram hjá þá sá ég að hann áttaði sig ekkert á þig hver ég var. Ég fór til hans, heilsaði honum og kynnti mig svona til öryggis. Þá ljómaði hann upp í smá stund. Síðan fór ég inn í búðina og hálfri mínútu síðar kom hann inn og sagði: „Ég er týndur, ég er týndur!“ Nei, nei, sagði búðarkonan og sagði honum hvar hann væri. Það hafði ekkert að segja. Hann vissi ekkert hvar hann var, hvar hann átti heima eða hver hann var. Hann svo sannarlega týndur. Þetta er maður sem var allt í lagi með þegar ég hitti hann hálfu ári fyrr. Fyrir tveimur árum var þessi maður virkandi í samfélaginu. Svo auðvitað eru fjandi margir smeykir við gleymskuna.“

En skyldi Úlfar óttast gleymskuna?

Ef ég hefði. Ef ég hefði ekki. Það væri hægt að fabúlera um þetta ef út í hið óendanlega. Það kunnum við báðir. En svona var það. Þannig hófst það sem var sturlun; ofsafengið kynlífskast. Sambandið fór leynt, það við töldum, og stóð í meira en ár áður en því lauk með óvæntum hætti.

Þegar það gerðist vorum við móð og nakin, heit og sveitt í rúminu hennar, hjónarúminu. Þá sló hún því fram, stakk ekki upp á því, bað ekki um það; hún krafðist þess að við tækjum saman. Ég vildi það ekki og það fór um mig við tilhugsunina. Í eyrunum lék reynslusaga sem þú sagðir mér þegar við hittumst í Alfaz del Pi. Þú varst á milli kvenna og hélst við gifta komu. Það var eldheitt samband, sagðirðu, og fullt af skemmtilegum uppátækjum. Fjörugt. Svo gerðist það einn morgun að þú vaknaðir örþunnur á köldum vetrarmorgni við það að hún dró heitt læri mjúklega yfir mjaðmirnar á þér og fékk þig til þess að samþykkja að hefja sambúð með sér. Með það fór hún og kom aftur fráskilin áður en þú hafðir náð fullri heilsu. Síðan liðu ekki nema tvær eða þrjár vikur áður en öryggi vanans hafði eyðilagt stemninguna.

***Draumrof, bls. 32-37***



**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um vísindaskáldskap

# Skotist til Tunglsins og jöklarnir bræddir



Ljósmyndatæknin kom fram í Frakklandi á þriðja áratug nítjándu aldar og fyrstu áratugina voru Frakkar í fararbroddi í þróun hennar. Áhugi almennings á ljósmyndum var mikill og gátu slyngustu ljósmyndarar öðlast mikla frægð. Fáir urðu þó jafn þekktir og Parísarbúinn Nadar.

Nadar hét réttu nafni Gaspard-Félix Tournachon og var vinsæll skopmyndateiknari og rithöfundur áður en hin nýja tækni vakti athygli hans. Hann var vel tengdur í menningar- og næturlífi Parísarborgar, þekkti frægðarfólk og gat fyrir vikið tekið myndir af fjölda heimskunnra stjórnmálamanna, rithöfunda og listafólks sem vandi komur sínar til stórborgarinnar. Fyrir vikið er erfitt að blaða í yfirlitsritum um sögu nítjándu aldar án þess að rekast á myndir úr smiðju Nadars.

En auk þess að vera slyngur myndasmiður hafði Nadar ástríðu fyrir flugi. Hann iðkaði loftbelgjaflug af kappi, tók fyrstu loftmyndir sögunnar og lét árið 1863 útbúa risaloftbelg, sextíu metra háan. Þegar nýja loftbelgnum hlekktist illa á í öðru flugi sínu komst Nadar á þá skoðun að framtíð flugsins fælist í smíði farartækja sem væru þyngri en andrúmsloftið. Þannig varð hann einn allra fyrsti hvatamaður þess að þróa flugvélar.

Loftbelgjaævintýri Nadars varð ungum landa hans og upprennandi rithöfundi innblástur. Fyrsta skáldsaga Jules Verne nefndist „Fimm vikur í loftbelg", kom út árið 1863 og fjallaði um ævintýralega ferð í risaloftbelg um lítt þekkt héruð í Afríku. Sagan sló í gegn og markaði upphafið á glæstum höfundarferli.

Áður hefur verið fjallað um Jules Verne í þessum pistlum og þá sérstaklega sögu hans um Leyndardóma Snæfellsjökuls. Líkt og í flestum bóka höfundarins er þar fléttað saman spennandi ævintýri og vísindaskáldskap, sem innifelur bæði nýlegar vísindauppgötvanir og -kenningar og vangaveltur um mögulega tækni framtíðarinnar. Furðu oft hefur Verne reynst sannspár á tækni- og vísindasviðinu og í öðrum tilvikum hafa sögur hans orðið vísindamönnum innblástur og kveikja hugmynda.

**Heimsins stærsta byssa**

Skemmtileg dæmi um þetta má finna í þríleik Vernes um Baltimore-byssuklúbbinn sem út kom á árunum 1865-89. Tvær fyrri bækurnar í sagnaflokknum ættu flestir lesendur að þekkja sem „Ferðina til Tunglsins" en fáir hafa heyrt þeirrar þriðju getið. Hún hefur þó öðlast nýtt líf á liðnum árum í tengslum við umræðuna um hlýnun Jarðar.

Fyrsta bókin í þríleiknum kom út sama ár og bandaríska borgarastríðinu lauk og segir frá hópi byssuáhugamanna í Baltimore sem þegar eru farnir að leita sér að nýjum viðfangsefnum. Byssur eru þeirra líf og yndi og fær einn í hópnum þá flugu í höfuðið að útbúa heimsins stærsta byssuhlaup og skjóta risavaxinni byssukúlu til Tunglsins.

Klúbbfélagar ákveða að láta slag standa og grafa narrí 300 metra djúpa og átján metra breiða holu á Flórídaskaga til að koma byssuhlaupinu fyrir í. Fer svo drjúgur hluti bókarinnar í að lýsa verkfræðilegri tilhögun byssugerðarinnar, ræða fjármögnun verkefnisins og svara því hversu hratt yrði að skjóta kúlunni til að hún næði að losna undan aðdráttarafli Jarðar.

Franskur fullhugi, sem augljóslega var byggður á fyrrnefndum Nadar, kemur að máli við skipuleggjendur og sannfærir þá um að hafa geimskotið mannað. Byssukúlunni er breytt í geimfar og sá franski sest um borð ásamt tveimur erkióvinum úr byssuklúbbnum. Sögunni um ferðina til Tunglsins lýkur þegar búið er að hleypa af og byssukúlan/geimfarið hendist í átt að mánanum.

Fimm ár liðu uns forvitnir lesendur fengu að fregna um afdrif þremenninganna í bókinni „Umhverfis Tunglið". Þar rekur höfundurinn samviskusamlega gang geimferðarinnar. Synd væri að segja að það sé allt skemmtilesning, því í stað þess að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og skapa furðuveröld með geimverum á mánanum, þylur Verne samviskusamlega helstu kenningar þess tíma um hvernig þar væri um að litast.

Ævintýramennirnir þrír höfðu búist við að lenda á Tunglinu í hálfgerðri sjálfsmorðsför, en áætluð braut geimfarsins sveigist til eftir að hafa óvænt farið nærri torkennilegum smáhnetti. Fyrir vikið svífa þeir hring umhverfis Tunglið og falla því næst aftur til Jarðar, þar sem bandarískt herskip kemur þeim til bjargar. Jafnvel þetta litla atriði, smáhnötturinn milli Jarðar og Tungls, byggðist á nýjum vísindatilgátum því nokkrum árum fyrr hafði franskur stjörnufræðingur, Frédéric Petit, sagst hafa uppgötvað fylgitungl sem gengi umhverfis Jörðina eftir sporöskjulaga braut.

> **ALÞJÓÐASAMFÉLAGIÐ ÁKVEÐUR AÐ EFNA TIL UPPBOÐS Á NORÐURPÓLNUM.**

Í dag líta flestir á þessar tvær bækur sem eina samhangandi sögu. Öðru máli gegnir um þriðju bók ritraðarinnar, sem kom út aldarfjórðungi síðar og var í talsvert öðrum dúr. „Kaupin á Norðurpólnum" segir að nokkru leyti frá sömu persónum og stórvirkar byssur koma við sögu, en þar lýkur samanburðinum.

Bókin var samin árið 1889 og látin gerast í nálægri framtíð.

Alþjóðasamfélagið ákveður að efna til uppboðs á norðurpólnum. Norðurlandabúar, Rússar og Hollendingar bjóða í svæðið en að lokum stendur slagurinn á milli bresku ríkisstjórnarinnar og dularfulls bandarísks huldufélags. Bandaríkjamennirnir bjóða hæst og greiða svimandi fjárhæð fyrir ógnarstórt landsvæði á heimskautssvæðinu.

Kaupin vekja furðu margra, enda óljóst eftir hverju sé að slægjast á þessum slóðum öðru en snjó og ís. Jarðvísindamenn benda á að líklega sé mikið af kolum að finna í jörðu undir Norðurpólnum (á ritunartíma sögunnar var talið líklegt að fast land væri undir stórum hluta ísbreiðunnar) en vandséð var hvernig þær mætti nýta, enda nær vonlaust að komast á svæðið, hvað þá að grafa sig í gegnum þykkan jökulinn.

**Árstíðunum útrýmt**

Í ljós kemur að hinir leynilegu kaupendur eru félagarnir úr Baltimore-byssuklúbbnum. Að þessu sinni hafa þeir í huga enn stórfenglegri byssusmíði en fyrr – í stað þess að skjóta geimfari í átt frá Jörðu, hyggjast þeir snúa byssuhlaupinu í hina áttina, að iðrum Jarðar. Hugmyndin er sú að framkalla slíkan hvell að hann dugi til að rétta af möndulhalla Jarðar, sem fyrir vikið yrði með hornréttan möndulsnúning líkt og reikistjarnan Júpíter.

Að mati hinna byssuglöðu Bandaríkjamanna hafði þessi róttæka hugmynd gríðarlega kosti í för með sér fyrir mannkynið. Með því móti yrðu dagur og nótt nákvæmlega jafn löng allan ársins hring. Þar með myndu árstíðir hverfa úr sögunni og veðráttan yrði ætíð sú sama. Hver maður gæti því valið sér það loftslag sem honum hentaði best og flutt á þá breiddargráðu. Kvefpestir myndu heyra sögunni til. Landbúnaðarframleiðsla hlyti að margfaldast þar sem rækta mætti óháð árstímum og svo mætti lengi telja. Aðstandendurnir myndu svo hagnast gríðarlega, því eftir umskiptin myndi ísinn á Norðurpólnum hverfa á fáeinum árum og hinar auðugu kolanámur verða auðvinnanlegar.

Ekki leið þó á löngu uns tvær grímur fóru að renna á ýmsa vegna möndulhallabreytingarinnar. Ljóst væri að sprengingin mikla hefði veruleg áhrif um heim allan. Heilu landsvæðin gætu sokkið í sæ en önnur myndu rísa úr hafi. Stórborgir á borð við Lundúnir yrðu ef til vill á fjallstindum og hafnarborgir inni í miðju landi. Byssuklúbbsmenn létu þó slíkar úrtöluraddir sem vind um eyru þjóta. Á laun tókst þeim að útbúa ógnarstóra byssu á Kilimanjaro-fjalli í Afríku og sönkuðu að sér óhemjumagni af sprengiefni.

Stóri dagurinn rann upp og fjárfestarnir ábyrgðarlausu létu til skarar skríða. Sprengingin varð geigvænleg og eyðileggingin í námunda við sprengjustæðið mikil, en Jörðin bifaðist ekki eitt hænufet. Talnameistari verkefnisins lagðist á ný yfir útreikninga sína og uppgötvaði skelfilega villu. Snemma í ferlinu hafði hann í ógáti máð þrjú núll aftan af tölu, sem aftur vatt upp á sig. Eðlisfræðin á bak við tilraunina var kórrétt, en allar tölur hefðu þurft að vera trilljón sinnum stærri til að ná tilætluðum árangri.

Stærðfræðingurinn verður að athlægi, þótt alþýða manna fagni raunar reikniskekkju hans eftir að fólki verður betur ljóst hversu alvarlegar afleiðingar verkefnið hefði haft í för með sér. Sá tölvísi getur þó huggað sig við að þótt orðstírinn sé farinn, tekst honum að finna ástina – í vellríku ekkjunni sem fjármagnað hafði verkefnið að mestu.

Kaupin á Norðurpólnum er óhefðbundin vísindaskáldsaga og að sumu leyti frekar hugarfltraun en eiginlegur vísindaskáldskapur – því í bókarlok er lesandanum kippt niður á jörðina með því að útskýra að öll áformin hafi í raun verið loftkastalar. Jafnframt felur verkið í sér beinskeytta gagnrýni á framferði ófyrirleitinna kaupsýslumanna sem hika ekki við að stofna afkomu milljóna manna í hættu til að tryggja eigin hag.

Þótt sagan sé um margt frumleg verður hún seint talin til öndvegisverka Jules Verne og er það sérviskuleg að henni er nánast alltaf sleppt þegar tunglferðarsögurnar eru endurútgefnar. Á síðustu árum hefur hún þó vakið áhuga á nýjan leik enda auðvelt að finna samsvaranir við samtímann í bók sem fjallar um menn sem hika ekki við að bræða ís heimskautanna til að komast í meira kolefnaeldsneyti og finnst lítið mál að breyta loftslagi Jarðar með varanlegum hætti. Alltaf skal Jules Verne takast að spá rétt um framtíðina.


ÆFINGIN SKAPAR...
NIKE Pro Tank
4.490 KR.
NIKE Pro bolur
4.990 KR.
NIKE Pro Short
FRÁ 5.990 KR.
ENDURANCE midlayer
8.990 KR.
ENDURANCE bolur
4.990 KR.
Yoga handklæði
4.490 KR.
ÆFINGAÚR
POLAR LOOP 2
TILBOÐSVERÐ
(ÁÐUR 19.990 KR.)
17.990 KR.
NIKE Tight fit
8.990 KR.
NIKE Skinny fit
8.990 KR.
BRÚSAR Í RÆKTINA
CAMELBAK - BPA fríir
FRÁ 3.990 KR.
ENDURANCE
7.990 KR.
ÍÞRÓTTATÖSKUR
í miklu úrvali
FRÁ 5.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is
Fatnaður á mynd: NIKE
ARNASYNIR



✝

Ástkæri bróðir minn, mágur,
frændi og vinur,

**Þórir Kristinn Kárason**

lést 30. nóvember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þórhallur Kárason Oi Sirijanthrakan**
**Alex Kári Þórhallsson**
**Sigrún Pétursdóttir**
**og frændsystkini.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Valgerður Jakobsdóttir**
Sundabúð, Vopnafirði,

verður jarðsungin frá Vopnafjarðar-
kirkju mánudaginn 5. desember kl. 13.30.

**Jakob Björnsson** **Linda Barbara Björnsson**
**Björn Björnsson** **Ragnheiður Guðrún Þórðard.**
**Helgi Jóhann Þórðarson**
**Jónína Björnsdóttir** **Sardar Ibrahem Davoody**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkæri eiginmaður minn, faðir,
fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ómar Ægisson**

sem lést þann 28. nóvember
á Landspítalanum við Hringbraut
verður jarðsunginn frá Langholtskirkju
þann 9. desember klukkan 13.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Vipada Gairach**
**Sólveig Dröfn Ómarsdóttir** **Jakob Þór Jakobsson**
**Elín Dögg Ómarsdóttir** **Egill Örn Sverrisson**
**Bragi Þór Ómarsson**
**Arnika Clausen Ómarsdóttir**
**Gunnhildur Guðnadóttir** **Pétur Hannesson**
**Haukur Gunnar Guðnason**
**Sivat Gairach**
**barnabörn og langafabarn.**



✝

Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Edda Ingibjörg Eggertsdóttir**
Barðastöðum 11,
áður Stigahlíð 91, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á
Landspítalanum þann 27. nóvember.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn
6. desember kl. 14.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðný Edda Gísladóttir** **Guðjón Kr. Guðjónsson**
**Eggert Árni Gíslason** **Petra Bragadóttir**
**Halldór Páll Gíslason** **Anna Helga Höskuldsdóttir**
**Gunnar Þór Gíslason** **Sólveig Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Gæti haft garðpartí og grill

**Hálfdán Steinþórsson, fyrrverandi sjónvarpsstjarna og sjómaður en nú framkvæmdastjóri GoMobil, er fertugur í dag og ætlar að bjóða sínu uppáhaldsfólki í mat og drykk.**

**Þetta var planað. Það var fyrir löngu búið að stilla himintunglin þannig að 3. desember 2016 dytti á laugardag. Ótrúlega þægilegt, líka þegar veðráttan er eins og hún er, ég gæti verið með garðpartí og grill. Kannski endar það þannig," segir Hálfdán Steinþórsson, framkvæmdastjóri í GoMobil, þegar haft er á orði að hann sé heppinn að fertugsafmælið hans hitti á helgi. Hann kveðst ætla að vera með þægilegan hitting heima fyrir og bjóða sínu uppáhaldsfólki í mat og drykk, og uppáhaldsfólkið hans Hálfdáns er um 60 til 70 manns.**

Hálfdán stofnaði fyrirtækið GoMobile árið 2012, það er rafrænt inneignarkerfi fyrir íslensk greiðslukort og snýst um tryggðarkerfi Símans. „Áður stofnuðum við Hringtorg og Bláa kortið með Arion banka," upplýsir hann. „Erum fimm saman að vinna hér á efstu hæð í Austurstrætinu og horfum niður á Alþingishúsið."

> **Þegar ég stíg um borð með stígvélin og gallann stendur þar fullorðinn maður og segir þessa gullfallegu setningu: „Hver andskotinn, Vala Matt?"**

Blaðamaður er illa að sér í svona tryggðarlausnum og leiðir talið að uppruna afmælisbarnsins. „Ég er fæddur austur í Neskaupstað og átti heima þar fyrstu 18 árin," segir Hálfdán og bætir við stoltur: „Það er eins og að eiga 1.500 manna fjölskyldu að hafa alist upp þar. Ég var með sama hópnum í skóla frá leikskóla og upp úr og er næstsíðastur til að halda upp á fertugsafmælið. Finnst frábært núna að hafa fæðst svona seint á árinu!"

Líkt og margir ungir menn í sjávarplássum byrjaði Hálfdán á sjó 15 ára. Fór á togara og fannst það merkileg lífsreynsla. „Í öllum skólafríum gat ég farið á sjó og náð mér í pening, jafnvel eftir að ég byrjaði í háskóla," segir hann. „Svo var þetta eins og víða á litlum stöðum, hljómsveitarstúss og stuð. Neskaupstaður hafði upp á ótrúlega gott menningar- og mannlíf að bjóða. Plötubúðin Tónspil var hjartað í bænum, með gríðarlegt úrval af tónlist."




**„Í öllum skólafríum gat ég farið á sjó og náð mér í pening, jafnvel eftir að ég byrjaði í háskóla," segir Hálfdán sem vinnur á efstu hæð við Austurstræti.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hálfdán var sjónvarpsstjarna í nokkur ár eftir að Skjár einn fór í loftið. „Það var ævintýri að fylgjast með því apparati frá fyrstu dögum," rifjar hann upp. „Ég var bæði í þáttargerð og auglýsingum, það fengu allir að gera allt. Þetta var stórkostlegt tímabil. Svo tók ég nokkra vetur með Völu Matt í sjónvarpinu. Mér er minnisstætt þegar ég hafði nýlokið einum slíkum vetri og réð mig á skipið Örfirisey um sumarið. Þegar ég stíg um borð með stígvélin og gallann stendur þar fullorðinn maður og segir þessa gullfallegu setningu: „Hver andskotinn, Vala Matt?" Lífsstílsþáttur og sjómennska blandaðist ekki sérlega vel saman!" **gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Hilmar R. Ólafsson**
skipstjóri og stýrimaður,
Gullteigi 12, Reykjavík,

lést föstudaginn 25. nóvember.
Útförin fer fram frá Laugarneskirkju
föstudaginn 9. desember kl. 13.00.

**Þorsteinn Gísli Hilmarsson**
**Halldóra Hilmarsdóttir**
**Hilmar Örn Hilmarsson**
**Laufey Katrín Hilmarsdóttir**
**systkini, tengdabörn og barnabörn.**



✝

Ástkær föðurbróðir okkar,

**Jón Ingimar Guðmundsson**
Hveragerði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Ási,
Hveragerði, þriðjudaginn 15. nóv. sl.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hins látna. Sérstakar þakkir færum við
starfsfólki Áss fyrir góða umönnun.

**F.h. aðstandenda,**

**Guðfinna Sigmundsdóttir**
**Karlinna Sigmundsdóttir**
**Ingibjörg Sigmundsdóttir**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
vegna fráfalls okkar ástkæru

**Ásdísar Alexandersdóttur**

sem lést þann 15. október
síðastliðinn.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristín Hauksdóttir**
**Brynjulv Hauksson**



✝

Móðir okkar,

**Halldóra Jóhannsdóttir**

lést 23. nóvember á
hjúkrunarheimilinu Mörk. Úförin hefur
farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gústaf Adolf Andrésson,**
**Jóhann Salómon Andrésson og fjölskyldur.**


JÓLATRÉ Á
ÓTRÚLEGU VERÐI!
Danskur normannsþinur – stór og falleg jólatré
Athugið eingöngu í Iceland Engihjalla
ÓTRÚLEGT VERÐ!
DANSKUR NORMANNSÞINUR
150–200 CM
3.990
Stk.
EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRÐIR.
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
Iceland
Jólareikningur Netgíró
Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017
Netgíró
Kynntu þér jólareikning Netgíró á www.netgiro.is
Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Hulda G. Sigurðardóttir**
kennari,
Hjallabraut 33,

lést þann 25. nóvember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 7. desember kl. 13.00.

**Hafsteinn F. Aðalsteinsson** — **Birna Þórhallsdóttir**
**Finnbogi Aðalsteinsson** — **Elsa Jónsdóttir**
**Sigurður Aðalsteinsson** — **Margrét H. Guðmundsd.**
**Guðrún H. Aðalsteinsdóttir** — **Karl Jónsson**
**Ólöf Aðalsteinsdóttir** — **Rafn A. Sigurðsson**
**og ömmubörnin öll.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Bergljótar Eiríksdóttur**
fyrrverandi skrifstofustjóra
Ríkissaksóknara.

**Auður Jóhannesdóttir** — **Þorsteinn Jóhannsson**
**Eiríkur Baldur Þorsteinsson** — **Telma Tryggvadóttir**
**Lóa Bergljót Þorsteinsdóttir**
**Jóhanna Margrét Þorsteinsdóttir**
**og langömmubörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**Önnu Jónsdóttur**
Skólavegi 24, Keflavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Hlévangs fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Sighvatur Svan Skúlason** — **Valorie Skúlason**
**Ása Skúladóttir** — **Karl Taylor**
**Guðfinna Sesselja Skúladóttir** — **Sigurður T. Garðarsson**
**Bryndís Skúladóttir** — **Magnús S. Björnsson**
**Svanhildur Skúladóttir** — **Hörður J. Geirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðni Þórður Sigurmundsson**
Gvendargeisla 166, Reykjavík,

lést 27. nóvember á líknardeildinni í Kópavogi. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 7. desember kl. 13.00.

**Edda Sveinbjörnsdóttir**
**Garðar Guðnason** — **Henrietta Fríða Árnadóttir**
**Karólína Þórunn Guðnadóttir**
**Brynjar Óli Garðarsson**



✝

Kær frænka okkar,

**Ragnhildur Friðriksdóttir**
frá Mörk á Síðu,
Barónsstíg 27, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 18. nóvember. Útför hennar fór fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 29. nóvember sl. Þökkum sýnda samúð.

Innilegar þakkir til starfsfólks Grundar fyrir kærleiksríka umönnun.

**Aðstandendur.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Aðalheiður M. Snorradóttir**

lést á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 29. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 5. desember kl. 15.00.

**Sigríður Bjarnadóttir**
**Sigrún Jóhannesdóttir** — **Jón Sigurðsson**
**Pálmi Jóhannesson** — **Soffía Kjaran**
**Sigurður Jóhannesson** — **Halla Hafdís Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



María Rut verður vígð til prests í byrjun nýs árs og heldur þá á ný mið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Mig hefur alltaf langað til að verða prestur

**María Rut Baldursdóttir guðfræðingur hefur verið skipuð í hálft starf prests á Höfn í Hornafirði og í nágrannasóknum. Hún lítur framtíðina björtum augum.**

María Rut Baldursdóttir guðfræðingur er að búa sig undir próf þegar ég hringi í hana og bið um viðtal. „Ég er í nokkrum áföngum í verkefnastjórnun í Háskóla Íslands en auðvitað í fullri vinnu með,“ segir hún og upplýsir að hún sé þjónustustjóri hjá Reykjavíkurborg í þjónustumiðstöðinni í Árbæ.

Tilefni viðtalsins er prestsembætti sem María Rut sótti um og fékk í Bjarnanesprestakalli í Austur-Skaftafellssýslu. Það nær yfir Lón, Höfn, Nes, Mýrar, Suðursveit og Öræfi. „Mig hefur alltaf langað til að verða prestur og þetta var kjörið tækifæri,“ segir hún. „Ég var líka búin að kynna mér aðeins prestakallið og fannst það heillandi.“ Hún kveðst hafa verið búin að sækja um nokkur embætti og því verið mjög ánægð þegar hún fékk símtalið frá biskupi í síðustu viku.

> **Maðurinn minn er í kennaranámi og tilbúinn að hoppa með mér hvert sem er. Hann heitir Eyþór Grétar Grétarsson og titlar sig íþróttamann á ja.is, það er bara húmor.**

María Rut er fædd 1985. Hún átti heima á Hólmavík sem krakki, bjó í Njarðvík um tíma og tvö ár í Svíþjóð. Hún á eiginmann og tvo drengi, sex ára og tveggja og hálfs árs. „Maðurinn minn er í kennaranámi og tilbúinn að hoppa með mér hvert sem er. Hann heitir Eyþór Grétar Grétarsson og titlar sig íþróttamann á ja.is, það er bara húmor!“ Hún segir hvorugt þeirra hjóna tengjast Hornafirði en vinnufélagar þeirra og ættingjar þekki til þar og gefi staðnum meðmæli.

María Rut verður vígð í byrjun nýs árs. Hún kveðst hafa lokið guðfræðináminu í febrúar 2015. „Ég skrifaði lokaritgerðina í fæðingarorlofi 2014,“ segir hún og kveðst hafa skrifað um staðgöngumæðrun út frá kristinni siðfræði. Hún er ekki bara guðfræðingur heldur líka menntuð í söng og fiðluleik og segir hvort tveggja geta komið sér vel fyrir austan. Hún fær embættisbústað fyrir fjölskylduna því nýi sóknarpresturinn, Stígur Reynisson, sem áður var í hálfa starfinu býr í eigin húsnæði. „Við Stígur þekkjumst lítillega úr náminu og mér líst vel á að vinna með honum. Finnst líka ágætt að byrja í hálfu starfi, það tekur tíma að komast inn í nýtt samfélag og þetta er stórt starf en ég er tilbúin í nýjar áskoranir, ný verkefni og að kynnast nýju fólki.“

**gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásdís Ingólfsdóttir**
Hraunvangi 7, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu 25. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 6. desember klukkan 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hrafnistu Hafnarfirði.

**Gunnlaugur Angantýsson**
**Guðný Gunnlaugsdóttir** — **Frímann Vilhjálmsson**
**Gréta Sólveig Gunnlaugsdóttir**
**Geir Gunnlaugsson** — **Guðlaug Magnúsdóttir**
**Jóhanna Gunnlaugsdóttir**
**Sif Gunnlaugsdóttir** — **Andrés Hinriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilega þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**Ragnheiðar Kjartansdóttur Busk**
Ási, Hveragerði,

sem lést 7. nóvember síðastliðinn. Sérstakar þakkir fær kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarkirkju og allt starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Ási fyrir góða umönnun.

**María Busk** — **Guðmundur Ingi Gunnlaugsson**
**Kjartan Rúnar Busk** — **Gunhild Windstad**
**Ragnheiður Elsa Busk** — **Steinar Logi Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**HRÆRIVÉL,** 600W, stál.

TRISTAR

**14.996kr.**

Almennt verð: 19.995 kr.
42358222

-25% AFSLÁTTUR





**MATARSTELL,** gyllt skraut, silfurrönd eða gyllt og blátt, 39 stk.

**11.246kr.**

Almennt verð: 14.995 kr.
41100142/5/6

*Fyrir veisluna*

-25% AFSLÁTTUR



-25% AFSLÁTTUR

**RYKSUGA,** 900 BS-900MT.

**8.246kr.**

Almennt verð: 10.995 kr.
65103270

*Gerum hreint fyrir jólin*

# JÓLAFJÖR

*Fallegar gjafir fyrir alla fjölskylduna*

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 5.desember.

GROHE



*Frábær jólagjöf!*

**AQUATUNES,** bluetooth hátalari fyrir sturtuna.

**13.995kr.**

15326268



## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM



*Gerum jólalegt*

## -25% AF ÖLLUM JÓLALJÓSUM

SERÍUR OG AÐVENTULJÓS



BREIDD OG AKUREYRI

## -25% AF ÖLLU LEMAX

*Helgardagskrá í Breidd*

**LAUGARDAGINN 3.DES**
JÓLASVEINAR 13-14
HEIÐA ÓLAFS 14-15

**TÓNLISTARATRIÐI**
**SUNNUDAGINN 4.DES**
SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓPAVOGS 13-14
VIGGA OG SJONNI 14-15
INGUNN OG ARNAR 15-16

BOSCH



-25% AFSLÁTTUR

**RAFHLÖÐUSKRÚFJÁRN IXO V,** barnaleikfang fylgir.

**5.995kr.**

Almennt verð: 7.995 kr.
74864006

-30% AFSLÁTTUR

**BORVÉL,** PSB, 500-RE.

**6.896kr.**

Almennt verð: 9.895 kr.
74860500

-25% AFSLÁTTUR

**MULTISÖG,** PMF 220 CF.

**14.995kr.**

Almennt verð: 19.995 kr.
74862194

-25% AFSLÁTTUR

**LASER KROSS,** QUIGO III.

**7.495kr.**

Almennt verð: 9.995 kr.
74869801

-25% AFSLÁTTUR

**LENGDARMÆLIR,** ZAMO III.

**7.495kr.**

Almennt verð: 9.995 kr.
74869811

*Harðir pakkar með notagildi!*

byko.is

VÖFFLUVEISLA Í BREIDD, GRANDA OG SUÐURNESJUM Á LAUGARDAG



BYKO
SKREYTUM SAMAN

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**1** Málningarskip fara hratt yfir á svona fáki (11)
**11** Leita linsu í miðju bjargs (10)
**12** Eymsli og æxlunarkorn, segir hylltur halur (11)
**13** Hér er sker, snúum þá aftur að votu varplandi gæsa (10)
**14** Það vantar ekki draugana í þessa fuglaparadís Trump (9)
**15** Finnum gullvægar tölur fyrir þá sem lítið á af gersemum (10)
**16** Afmynduð skelmistáin saknar súrkálsins (11)
**17** Af aðbúnaði þeirra sem endanum kjósa Trump (9)
**19** Finn ég þorskafrænku í íþróttaskálanum? (11)
**22** Tími Ödda minnir á allar hans árásir (9)
**26** Sýður hann móður á Suðurlandi, þar er þessi slétta á milli (12)
**30** Úr því urðu gögn um ofankomu (9)
**31** Fulltingi heitir þetta málgagn meðmælenda (12)
**32** Skapheit finnur geril í kvennatímariti (6)
**33** Óskiljanlegt mál! Bless, fer í fornhýsið! (9)
**35** Mun hið forna heimsveldi svara kalli ef sagnakvæði hljómar? (7)
**36** Notast jafnt við bryggju og bíl (6)
**37** Leg fyrir vana og þæga (9)
**38** Því elskar sál mín þann sem nær að hafa undan (7)
**39** Vil þú verðir kyrr, til að forðast áföll (6)
**40** Óheimilt fyrir Örn og austrænan húsbónda hans (7)

**LÓÐRÉTT**
**1** Kiðduftið skal í ker, og hæklar með (12)
**2** Segir þann volæðisstað tæmdan, en í nf. er hann með greini og allt (12)
**3** Í fyrsta, þriðja og fimmta, og svo af og til (10)
**4** Taumur þúsund stórra og æstra Rómverja (10)
**5** Algeng nikkel-skilin aðgreina 50-60 MHz og 60-70 MHz (10)
**6** Mega-snar-ruglaður borðar bara svona sætabrauð (8)
**7** Viltu þennan brúna sæta snafs úr kynfrumum? (11)
**8** Styður Mósu ef Mósuföt fást (9)
**9** Sýsla mun deyja vegna vinnudeilna (9)
**10** Steggir þrykkja fleiri eintök fyrir þau sem byggja 14 lárétt (11)
**18** Tel þá hlaunarétta vegna spaða og setbeina (11)
**20** Greinir gáfur einnar sem fer eigin leiðir og hvæsir (11)
**21** Nagdýr geiflar sig, enda óvenju loðið (11)
**22** Það sem karlsauðirnir segja, eða það sem sagt er um þá? (10)
**23** Set það sem á að verja krónuna í klakamulningsvélina (10)
**24** Kemst á þrep, gefið mér að borða! (6)
**25** Óminni að utan, hér er einhver spilltur í gegn (6)
**27** Snjókoma enn á ný og bíllinn ekki með framdrif! (9)
**28** Önd dregur úr þrótti segja sjúkir (9)
**29** Þeir eru ekki með kjaft þessir karlar, enda kvæntir (9)
**34** Tekin úr mátulega rugluðum munni (5)






Lausnarorð síðustu viku var
**DESEMBERUPPÓT**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi að þessu sinni eintak af **Ráðgátubók Villa eftir Vilhelm Anton Jónsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Þorbjörg Halldórsdóttir, Reykjavík**




**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist eitthvað sem gengur heldur erfiðlega þessa dagana
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 8. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „3. desember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.






# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### HAGSTÆÐ LEGA

Íslandsmót í parasveitakeppni fór fram um síðustu helgi. Sigurvegarar var sveit Séra Iceking sem fékk 149,32 stig í 11 leikjum sem gerir rúmlega 13,47 stig í leik að meðaltali. Spilarar í sveit Séra Iceking voru Helga Helena Sturlaugsdóttir, Magnús Eiður Magnússon, Anna Guðlaug Nielsen og Guðmundur Snorrason. Helga og Anna eru nýorðnir meðlimir í kvennalandsliði Íslands og sigurinn því eflaust kærkominn. Sveit Batik ehf varð í öðru sæti með 138,25 stig. Spilarar í þeirri sveit (Hrund Einarsdóttir, Hrólfur Hjaltason, Dröfn Guðmundsdóttir, Ásgeir Ásbjörnsson) voru Íslandsmeistarar ársins 2015. Sveit Pólitísks flóttamanns og vina hafnaði í þriðja sæti með 124,64 stig. Í þessu spili í lokaleiknum voru aðeins 2 pör sem sögðu sig alla leið í 4 hjörtu á AV spilin. Það voru bæði pörin í leik sveitar Séra Iceking í lokaumferðinni. Suður var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ D57
♥ 87
♦ D3
♣ ÁG10742

**Vestur**
♠ K64
♥ ÁK6532
♦ G72
♣ K

**Austur**
♠ Á83
♥ DG
♦ 1098654
♣ D6

**Suður**
♠ G1097
♥ 1094
♦ ÁK
♣ 9853

Flestöll pörin í AV létu hjartabút nægja og það gerðu bæði pörin í leik Batik ehf. Geimið stendur hins vegar vegna hagstæðrar legu í tiglinum. Þar voru einungis tveir gjafaslagir í legunni 2-2. Fyrir lokaumferðina var sveit Batik í forystu með rúmlega 133 stig en sveit Iceking með 131,64 stig. Í síðustu umferðinni tapaði sveit Batik illa um 5-15 gegn sveitinni í þriðja sæti en sveit Iceking vann örugglega með 17,68 stigum af 20 mögulegum og var með rúmlega 11 stiga forystu þegar upp var staðið.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Sergey Karjakin (2.772) átti leik gegn Magnusi Carlsen (2.853) í bráðabanaeinvígi þeirra.

**78...h5!** Tryggir jafntefli þar sem biskup og hornpeð duga ekki til sigurs ef uppkomureiturinn er mislitur upp biskupnum. **79. gxh5 f5! 80. Bxf5 Hxe7+! 81. Kxe7 Kg8 82. Bd3 Kh8 83. Kf8 g5 84. hxg6 patt!** Vel varist hjá áskorandum þótt það hafi ekki dugað.
**www.skak.is:** Bikarsyrpa TR í gangi.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

# ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

TILNEFNINGAR 2016

## BARNA- OG UNGMENNABÆKUR




### Ævar Þór Benediktsson

Fyrsta sagan um bernskubrek Ævars vísindamanns, *Risaeðlur í Reykjavík*, sló rækilega í gegn og hér halda ævintýrin áfram. *Vélmennaárásin* er með sérstöku letri fyrir lesblinda.

★★★★

„Ævari [tekst] að búa til skemmtilegan söguheim sem auðvelt er að tengja við þó atburðirnir í honum séu langt fyrir utan raunveruleikann … eða hvað?“

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

★★★★½

„Það er frábært að lesa bók sem fjallar um öðruvísi ævintýri og sem kennir krökkunum í leiðinni.“

ERLA JÓNASDÓTTIR
NÖRD NORÐURSINS




### Þórhallur Arnórsson
### Jón Páll Halldórsson

Í vægðarlausri veröld Óðins eru mönnum sköpuð örlög – og ekki alltaf blíð.

*Vargöld* er metnaðarfull myndasaga um goð og menn á heiðnum tíma sem teygir sig um heima alla, allt frá upphafi veraldarinnar til endaloka hennar.

*Vargöld – Fyrsta bók* geymir upphafskafla þessarar miklu sögu: Svikalogn og Blóðbragð. Bókin er einnig fáanleg á ensku.




### Margrét Tryggvadóttir
### Linda Ólafsdóttir

Í *Íslandsbók barnanna* fléttast saman aðgengilegur texti sem öll fjölskyldan getur lesið saman og blæbrigðaríkar myndir sem gera bókina að sannkölluðu listaverki.

„Það er gaman að sitja með barni sínu og skoða *Íslandsbók barnanna*, tala um eldfjöll, fugla og fossa og dást að myndheimi Lindu Ólafsdóttur.“

ANDRI SNÆR MAGNASON

★★★★★

„Bókin, sem ætti að vera til á öllum heimilum, er skemmtilegt uppflettirit sem hægt er að grípa í við ólíkar aðstæður og námsstig.“

KRISTÍN CLAUSEN / DV




### Hildur Knútsdóttir

*Vetrarhörkur* er seinni hluti sögunnar sem Hildur Knútsdóttir hóf í *Vetrarfríi*, æsispennandi bók sem hlaut Fjöruverðlaunin – bókmenntaverðlaun kvenna.

„Satt best að segja er frásögnin alveg nógu ógnvekjandi fyrir en um tæplega miðja bók þurfti bókarýnir, sem sat einn og las seint um kvöld, að sækja sér sofandi smábarn og hafa sér við hlið til að þora að halda áfram að lesa.“

HELGA BIRGISDÓTTIR / HUGRÁS

„Frábær hrollvekja! … Æsispennandi … Afar vel skrifuð bók og alveg hrikalega spennandi.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR
VIKAN

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

## Konráð og félagar á ferð og flugi 228

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur svo mikið á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“ „Eins og ævinlega,“ sagði Kata.

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?





## Jólabrandarar

**Dómarinn:** Hvað ert þú ákærður fyrir?
**Sakborningurinn:** Fyrir að gera jólainnkaupin snemma.
**Dómarinn:** Það er nú ekki refsivert. Hversu snemma gerðir þú þau?
**Sakborningurinn:** Áður en búðirnar opnuðu.

**Kennarinn:** Af hvaða þjóðerni er jólasveinninn?
**Dóra:** Norð-pólskur!!

**Baldur:** Mamma má ég fá hund á jólunum!!
**Mamma:** Nei, elskan mín, við ætlum að hafa hamborgarhrygg eins og allir aðrir.

**Alexandra:** Veistu það læknir að ég held alltaf að ég sé jólabjalla!
**Læknirinn:** Jæja, taktu þessar pillur og ef þær virka ekki, skaltu bara hringja.

**Siggi:** Við getum náð okkur í jólakúlur úti í garði í ár.
**Mamma:** Af hverju segir þú það?
**Siggi:** Af því að í fyrra gróðursetti ég fullt af þeim.






Ari Ævar, í gráu peysunni með munsturbekknum, hátíðlegur í skátavígslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Langar að verða bekkjartrúður

**Ari Ævar Eyþórsson**, átta ára, kveðst hafa verið mjög stoltur þegar hann vígðist sem skáti nýlega. Hann gerir alltaf eitthvað skemmtilegt á skátafundum og lærir líka margt.

**Í hvaða skóla ertu, Ari Ævar, og hver er uppáhaldsnámsgreinin þín?**

Ég er í Árbæjarskóla. Mér finnst skemmtilegast í stærðfræði.

**Hvað gerir þú helst í frístundum?**
Ég leik mér með dótið mitt, æfi frjálsar íþróttir, læri á píanó og er í skátunum.

**Hvenær vígðist þú skáti og hvernig var það?**
Ég vígðist fyrir nokkrum vikum, það var skemmtilegt og ég var mjög stoltur.

**Í hvaða skátafélagi ertu?**
Í Árbúum.

**Hvað varð til þess að þú fórst í skátana?**
Ég hélt að skátarnir væru skemmtilegir og þeir voru það.

**Hvað er skemmtilegast við að vera í skátunum?**
Við grillum oft og alltaf þegar við komum á fundi gerum við eitthvað skemmtilegt, spilum, leikum okkur og lærum margt eins og til dæmis að hnýta hnúta.

**Hefur þú einhvern tíma farið í útilegu?**
Ekki með skátunum enn þá en með mömmu og pabba.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur gert eða lent í um ævina?**
Að vera í þessu viðtali og svara spurningunum!

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?**
Mig langar til að verða bekkjartrúður og svo langar mig líka að verða ljósmyndari. Og að verða píanósnillingur.

## Jólamyndin




**Jólakötturinn**
Listamaðurinn er Hekla Guðrún M. Pálsdóttir, sjö ára.

nettó

# JÓLALEIKUR
## NETTÓ OG PEPSI MAX

**KAUPTU KIPPU AF 4X2 L**
**PEPSI EÐA PEPSI MAX**
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFABRÉF Í NETTÓ FYRIR
SÖMU UPPHÆÐ OG ÞÚ VERSLAÐIR Í ÞEIRRI FERÐ




**75 HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR FÁ VINNING**

**DREGIÐ 23. DESEMBER**

Þú kaupir kippu af 4x2 l Pepsi eða Pepsi Max, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Pepsikassann í Nettó.

Á Þorláksmessu fá 5 heppnir viðskiptavinir í hverri Nettó verslun gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og er á kassakvittuninni þinni.

pepsi MAX ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR




Verð gildir til og með **4. desember** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Verð áður 3.798 kr. kg

TAKMARKAÐ MAGN

2.959 kr. kg

**Nautalundir**
Þýskaland, frosnar
Verð áður 3.798 kr. kg

# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina

### ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á nautakjötskvóta til innflutnings.

## GOTT VERÐ Í BÓNUS



1.895 kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingabringur**
Ferskar



698 kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingur**
Ferskur, heill



100% kjöt

2.198 kr. kg

**Bónus 100% Kjúklingabringur**
Ferskar, ekkert viðbætt vatn



1.159 kr. kg

**Stjörnugrís Reykt Grísakinka**
Bayonnesteik, úrbeinuð

## SAMA VERÐ UM LAND ALLT



1.398 kr. kg

**Stjörnugrís Rifjasteik**
Fersk, úrbeinuð



1.498 kr. kg

**Bónus Grísahryggur**
Ferskur, úrbeinaður



1.259 kr. kg

**KEA Hangiframpartur**
Sagaður, með beini, frosinn



2.998 kr. kg

**Kjarnafæði Hangikjöt**
Kofareykt, úrbeinað

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Ákveðin sunnanátt á landinu, hvassast á annesjum norðvestan og vestan til. Rigning sunnan og vestan til á landinu, en sums staðar talsverð rigning vestan til og allra syðst. Skýjað og þurrt að mestu norðaustan- og austanlands. Hlýtt í veðri.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 5° | Oslo -1° | Stokkhólmur -1° | Gautaborg 3° | Helsinki -3° | Þórshöfn 8° | Nuuk -14° |
| London 3° | Amsterdam 3° | Paris 2° | Berlin -1° | Madríd 10° | Brussel 4° | Róm 13° |
| Boston 2° | New York 4° | Orlando 14° | Moskva -6° | Singapúr 28° | Tókýó 8° | Sydney 19° |







## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **8.26** | **2.13** |
| 3,81m | 0,68m |
| **8.44** | **2.45** |
| 3,46m | 0,72m |
| **Akureyri** | |
| **12.39** | **6.29** |
| 1,29m | 0,43m |
| **12.38** | **7.01** |
| 1,41m | 0,31m |
| **Ísafjörður** | |
| **10.16** | **4.08** |
| 2,16m | 0,48m |
| **10.36** | **4.51** |
| 1,86m | 0,48m |

Tunglstaða:

Vaxandi
9%

Sólarupprás:
10.52

Sólarlag:
3.43

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↑5 | 7° ↑8 | 5° ↖14 | 7° ←13 | 5° ↑5 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 0° ←8 | 5° ↑9 | 3° ↑5 | 3° ↖4 | 1° ↖3 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° ↓1 | 2° ↑5 | 1° →2 | 3° ↙2 | 3° →8 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° →4 | 4° ↑1 | -0° ↑5 | 3° ↖4 | 2° ↗8 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↗3 | 5° ↙3 | 4° ←4 | 7° ←12 | 3° →5 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




nettó
Jólasveinn
dansandi 15 cm.
2.398 KR STK
100x
Jólasveinahúfa
Álfur.
898 KR STK
Allt jólaskrautið
fæst í NETTÓ
Kökudiskur
23 cm.
1.898 KR STK
Kertastjakar
22 cm.
898 KR STK
Kertastjakar og kerti
Ilmkerti í úrvali
GREEN APPLE MELON
BLUEBERRY
FRESH LINEN
MULBERRY
PEACH MANGO
ROSE GARDEN
APPLE CINNAMON
STRAWBERRY & CREAM
Leiðisljós
kross 28 cm.
1.498 KR STK
RTC
Ilmkerti.
Verð frá:
349 KR STK
www.netto.is
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Keltneskt þema og sérsamið jólalag

**Söngfjelagið heldur tvenna aðventutónleika sína í Langholtskirkju á sunnudaginn ásamt listamönnum sem eru komnir víða að. Hilmar Örn Agnarsson stjórnandi lofar hátíðlegri stemningu.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Aðventutónleikar Söngfjelagsins hafa notið mikilla vinsælda á síðustu árum enda einstaklega létt og skemmtileg jólastemning á tónleikunum. Það er kannski ekki að undra að það sé gaman hjá tónleikagestum enda er eflaust ákaflega gaman að syngja undir stjórn kórstjórans Hilmars Arnar Agnarssonar sem virðist strax við fyrstu kynni vera ákaflega léttur og skemmtilegur maður.

Hilmar Örn segir að Söngfjelagið sé merkilegur hópur sem var stofnaður fyrir fimm árum. „Uppistaðan í Söngfjelaginu er úr gamla Dómkórnum, fólk sem var svona aðeins í lausu lofti og á milli kóra á sínum tíma, og í framhaldinu varð þessi kór til. Við köllum hann Söngfjelagið með joði til þess að höfða til gamla tímans því við viljum vera bæði módern og gamaldags í senn. Og við viljum líka vera frjáls og óháð. Það fannst okkur ægilega flott, að vera ekki kirkjukór,“ segir Hilmar Örn og hlær glaðlega. „En við erum frjáls í verkefnavali og getum tekist á við áskoranir sem við sækjumst eftir hverju sinni. Við höfum til að mynda verið að syngja klezmer-tónlist og þá hef ég getað nýtt mín sambönd, ég þekki ansi marga erlendis og gott listamannateymi sem hefur verið tilbúið til þess að koma til Íslands og vinna með okkur. Vinna með kórnum og kenna honum.“



Hilmar Örn Agnarsson, kórstjóri Söngfjelagsins, ásamt erlendu listamönnunum sem taka þátt í aðventutónleikunum á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**TIL ÞESS AÐ LÍMA ÞETTA SAMAN ÞÁ FENGUM VIÐ HINGAÐ MIKINN SNILLING SEM HEITIR GERRY DIVER.**

Það er engin undantekning á þessu í ár en hingað til lands eru komnir ákaflega flottir listamenn á vegum kórsins sem Hilmar Örn segist vera alveg sérstaklega kátur með. „Við erum með alveg rosalega flott lið í ár. Fyrst skal telja sönghóp frá Írlandi sem heitir Anúna sem er alveg æðislegur acapella hópur og ég kynntist stjórnenda þeirra og hann sendi okkur hingað norður sína flottustu sópran-skvísu sem heitir Bláth Conroy Murphy. Og við ætlum að vera soldið í þeirra anda með henni. En svo göngum við enn lengra því það er önnur vinkona okkar frá Glastonbury, Heloise Pilkington, en hún er með þessa dásamlegu gömlu keltnesku tónlist.

Til þess að líma þetta saman þá fengum við hingað mikinn snilling sem heitir Gerry Diver. Hann er sérfræðingur í írskri og keltneskri tónlist og getur hreinlega spilað á hvaða hljóðfæri sem er.“

Keltneska þemað leynir sér ekki og Hilmar Örn segir að það sé alltaf ákaflega skemmtilegt en svo séu nú líka fleiri hefðir hjá Söngfjelaginu. „Við höfum nefnilega alltaf látið semja fyrir okkur. Á síðasta ári var það hann Hjörleifur Hjartarson úr tvíeykinu Hundur í óskilum sem átti jólalagið. Í ár er það Olga Guðrún Árnadóttir sem á lagið og hún semur það í ákaflega fallegum ballöðustíl.“ Þess má einnig geta að lag Olgu Guðrúnar er tileinkað minningu Ingibjargar Haraldsdóttur, ljóðskálds og þýðanda, sem lést fyrir skömmu, en Hilmar Örn segir líka að kórinn hiki ekki við að lofa fallegri stemningu í kirkjunni. Tónleikarnir verða í Langholtskirkju á sunnudag kl. 16 og svo aftur kl. 20.




## Englaher úr himnaríki

**TÓNLIST**

★★★☆☆

**Verk eftir Bach, Händel og Mozart. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék undir stjórn Eivind Aadland. Einleikari: Elfa Rún Kristinsdóttir. Fram komu Hamrahlíðarkórarnir undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.**

**Eldborg í Hörpu fimmtudaginn 1. desember**



Þorgerður Ingólfsdóttir kórstjóri hefur unnið frábært starf með Hamrahlíðarkórana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Efnisskrá Sinfóníutónleikanna á fimmtudagskvöldið var samloka. Mozart var brauðið, þ.e. fyrstur og síðastur, en Händel og Bach áleggið. Samlokan smakkaðist nokkuð misjafnlega.

Forleikurinn að óperunni Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart var prýðilegur. Hljómsveitin var samtaka og hröð nótnahlaup skýr undir stjórn Eivind Aadland. Túlkunin var lífleg og snörp, akkúrat eins og hún átti að vera.

Til allrar óhamingju var fiðlukonsert í E-dúr BWV 1042 eftir Bach mun síðri. Þar var einleikari Elfa Rún Kristinsdóttur, sem ég hef hingað til heyrt gott eitt frá. Fiðlan var fremur hjáróma, tónninn var mjór og ófullnægjandi. Alltof miklar áherslur voru á fyrsta slag í hverjum takti (taktur samanstendur yfirleitt af þremur eða fjórum slögum) og þær voru oftast teygðar í þokkabót. Þetta gerði tónlistina afkáralega, það var eins og að hlusta á grínútgáfu af konsertinum, sem þó var ekkert fyndin. Eins og áður segir hef ég áður heyrt Elfu Rún spila ákaflega vel; ljóst er að hún getur gert betur en þetta.

Meira var varið í Händel. Þetta var My Heart is Inditing, krýningarsöngur HWV 261. Upp á svið stigu Hamrahlíðarkórarnir, afar fjölmennur hópur. Unaður var að hlusta á hann syngja. Það var eitthvað dásamlega blátt áfram og heiðarlegt við söngstílinn. Ekki aðeins voru tæknileg atriði á borð við samsöng og hreina tónmyndun eins og best verður á kosið; túlkunin var bara svo falleg. Hún var full af æskufjöri, sem þó var gríðarlega agað. Þessar andstæður sköpuðu mikla spennu, sem hafði það sterkan áhrifamátt að maður gleymdi stund og stað.

Líkt og nafnið ber með sér er tónlistin samin fyrir krýningu. Georg 2. varð Bretakonungur 1727 en Händel var þá orðinn breskur ríkisborgari. Textinn er úr Biblíunni, aðallega Davíðssálmunum. Tónlistin er tignarleg, en líka þrungin gleði. Kórinn kom gleðinni fullkomlega til skila. Ekki sakaði að hópurinn var augnayndi; hvítt var áberandi í klæðaburðinum. Það var eins og englaher hefði stigið niður úr himnaríki!

Lokaverkið á efnisskránni var Sinfónía nr. 39 eftir Mozart. Venjulega eru sinfóníurnar hans númeraðar upp í 41, en þær eru þó fleiri. Sú 39. er margslungin og djúp, skreytt fögrum laglínum og hugmyndaríkri úrvinnslu. En túlkun Aadlands var býsna yfirborðsleg, hún var keyrð áfram á kraftinum einum. Það var eins og að vera í lest á ofsahraða um hrífandi landslag; erfitt var að njóta fegurðarinnar í öllum asanum. Hljómsveitin spilaði þó af fagmennsku og öryggi, en það dugði ekki til. Útkoman var meðalmennskuleg og skildi lítið eftir sig.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Bach var slæmur, Mozart misjafn og Händel snilld.


Fegurðin býr í bókum
www.crymogea.is
Barónsstígur 27/101 Reykjavík
(354) 511 0910
Crymogea
Svart og hvítt
KALDAL
Allar þekktustu ljósmyndir
Jóns Kaldal í einni bók.
„Jón er Kaldal er einn merkasti og mikilvægasti
portrettljósmyndari íslenskrar ljósmyndasögu.
Hér er verkum hans loksins búinn sá rammi
sem þeim hæfir.“
–Einar Falur Ingólfsson







# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Laugardagur

hvar@frettabladid.is

### 3. DESEMBER

### Tónleikar

**Hvað?** Leppalúðar og létt jólatónlist
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Hafnarstræti 96, 600 Akureyri.
Leppalúðar og Létt jólatónlist er stórskemmtilegt jólaskemmtikvöld þar sem þjóðþekktir grínistar og tónlistarmenn láta móðan mása í tali og tónum. Um er að ræða Rögnvald gáfaða, Val og Sumarliða úr Hvanndalsbræðrum sem hafa aldrei verði jólalegri og sjaldan skemmtilegri, ber svo að nefna Sólmund Hólm grínista, útvarpsstjörnu, eftirhermu og Snapchat-meistara og síðast en ekki síst hið víðförla kyntákn landsbyggðarinnar Gísla Einarsson. Bræðurnir frá Hvanndal munu flytja nokkur af sínum þekktari jólalögum í bland við annað efni og fjölmiðlafríkin Sólmundur og Gísli munu reyta af sér brandara eins og fiður af nýskotinni gæs og ólíklegt er að Rögnvaldur gáfaði geti þagað heila kvöldstund. Ekki er ósennilegt að hópurinn muni svo blandast saman í eitt stórt jólabrandaraband þegar líður á kvöldið. Stórskemmtileg skemmtun fyrir alla á Græna hattinum.

**Hvað?** Skúli mennski heiðrar Skúla Mennska í Gym & Tonic
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 28
Jóladagskrá Kex er hafin og prógrammið er glæsilegt. Skúli mennski heiðrar Skúla Mennska í Gym & Tonic í þetta sinn. Segið skilið við vanlíðan og stress og njótið aðdraganda jóla með okkur í rólegheitunum á Kexi í desember. Eggjapúns, Irish coffee, jólamatseðill Sæmundar í sparifötunum, jóladjass, möndlur, tónleikahald, barnaskemmtun, upplestur og tölgarkertaljós.

### Leiksýningar

**Hvað?** Jólasýning – Ævintýrið um Augastein
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Menningarhús, Gerðubergi
Leikhópurinn á Senunni sýnir farandútgáfu af dásamlega fallegu barna- og fjölskyldusýningunni Ævintýrið um Augastein í A-sal í Gerðubergi á aðventunni. Leikritið er jólaævintýri fyrir börn á aldrinum 2-12 ára og tekur um 40 mínútur í flutningi.

### Uppistand

**Hvað?** Ha ha voða fyndið
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Aðeins of fyndin grínkvöld sem slegið hafa í gegn undanfarið í borg óttans. Hér segja skemmtilegustu spéfuglar skersins skondnar skrýtlur í skammdeginu. Þar á meðal Hugleikur Dagsson, Saga Garðarsdóttir, Bylgja Babýlons, Andri Ívars, Snjólaug Lúðvíks, Jóhannes Ingi og fleiri góðir. Hvert kvöld er einstakt og allt getur gerst. Þú þarft ekki að mæta með góða skapið því það er nóg af því á staðnum.

## Sunnudagur

### 4. DESEMBER

### Uppákomur

**Hvað?** Jóladagskrá Árbæjarsafns
**Hvænær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn, Kistuhyl 4, 110 Reykjavík
Dagskráin er á öllu safnsvæðinu og geta ungir sem aldnir rölt á milli húsanna og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. Hrekkjóttir jólasveinar gægjast á glugga og kíkja í potta. Börn og fullorðnir dansa í kringum jólatréð og syngja vinsæl jólalög.

### Tónleikar

**Hvað?** Mozart á miðnætti
**Hvenær?** 00.30
**Hvar?** Langholtskirkja
Óperukórinn í Reykjavík, ásamt einsöngvurum og sinfóníuhljómsveit undir stjórn Garðars Cortes, flytur Requiem Mozarts á dánarstundu tónskáldsins „upp úr miðnætti aðfaranætur 5. des.“ Einsöngvarar eru: Þóra Einarsdóttir sópran, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzó-sópran, Garðar Thór Cortes tenór og Kristinn Sigmundsson bassi.

**Hvað?** Páll Óskar og Monika – Jólatónleikar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Háteigskirkja, Háteigsvegi 27-29
Þeir sem hafa farið á tónleika með Palla og Moniku, vita að hlustandinn kemur út betri maður á eftir. Á efnisskránni eru jólalög sem Palli og Monika hafa spilað mikið undanfarinn áratug, auk þekktustu popplaga Palla í sérstökum útsetningum fyrir hörpu, strengjasveit og kór.

**Hvað?** Ó, sól míns lífs
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju en sá kór hefur um árabil glatt Íslendinga á jólum og skipa jólatónleikar kórsins veglegan sess í tónleikahaldi Reykjavíkur á aðventunni. Í ár verður norrænn blær á tónleikum kórsins og verða sérstakir heiðursgestir frá Svíþjóð en það eru Mattias Wager, höfuðorganisti við Stórkirkjuna í Stokkhólmi og einn virtasti organisti Svíþjóðar, og sópransöngkonan Maria Keohane, ein af stjörnum sænska söngheimsins en hún sérhæfir sig í barokk- og þjóðlagasöng. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

**Hvað?** Söngvar um hljóða vetrarnótt
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Harpa
Barokkbandið Brák mun halda sína sjöundu tónleika, Söngva um hljóða vetrarnótt. Bandið er skipað hópi ungs fólks sem hefur sérhæft sig að hluta til í upprunaspilamennsku í námi erlendis og vill nýta þessa þekkingu sína til tónleikahalds og verkefna á Íslandi. Með upprunaflutningi er átt við það þegar spilað er á hljóðfæri eins og þau voru á endurreisnar- og barokktímanum, t.d. eru strengir barokkfiðlunnar úr görnum en ekki stáli eins og tíðkast nú. Að þessu sinni hefur Brákin fengið til liðs við sig miðalda- og endurreisnarsöngvarana Mathias Spoerry og Jóhönnu Halldórsdóttur og verða ensk sönglög frá endurreisnar- og snemmbarokktímanum í aðalhlutverki.

### Uppákomur

**Hvað?** Jól í Norræna húsinu
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu 5
Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Það verða umhverfisvæn jól í Norræna húsinu með námskeiðum og vinnustofum á sunnudögum og þriðjudögum í desember. Þar verður hægt að endurhanna, endurnýta og læra um sjálfbærar lausnir með hjálp þekktra hönnuða og listamanna. Föndursmiðjur verða fyrir börn allan mánuðinn og anddyri hússins verður breytt í huggulega jólastofu með ekta norrænu hygge. Við sýnum jólamyndir á stórum skjá, skipuleggjum piparkökusýningu og Pollapönk heldur jólaball fyrir alla fjölskylduna. Hægt að fylgjast með dagskránni á Facebook-síðu Norræna hússins.










GEFÐU SKEMMTILEGAN JÓLAPAKKA Í ÁR.
VINSÆLASTA TEIKNIMYND ÁRSINS
Disney · PIXAR
LEITIN AÐ
DÓRU
LEITIN AÐ DÓRU
The Biggest Animated Movie Of All Time
Blu-ray 3D
FINDING DORY
KOMIN Í VERSLANIR Á DVD OG BLU-RAY







# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Afa
**07.05** Strumparnir
**07.30** Waybuloo
**07.50** Doddi litli og Eyrnastór
**08.05** Elías
**08.15** Með afa
**08.25** Mæja býfluga
**08.35** Tindur
**08.45** Blíða og Blær
**09.10** K3
**09.20** Stóri og litli
**09.30** Ævintýraferðin
**09.45** Grettir
**10.00** Pingu
**10.10** Víkingurinn Viggó
**10.25** Ævintýri Tinna
**10.50** Beware the Batman
**11.15** Ellen
**11.55** Kalli kanína og félagar
**12.20** Víglínan
**13.05** Bold and the Beautiful
**13.25** Bold and the Beautiful
**13.45** Bold and the Beautiful
**14.05** Bold and the Beautiful
**14.30** The X-Factor UK
**15.55** The X-Factor UK
**16.45** Borgarstjórinn
**17.15** Leitin að upprunanum
**17.50** Jóladagatal Afa
**18.00** **Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** **Sportpakkinn** Íþróttamenn Stöðvar 2 Sport fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna í liðinni viku, taka viðtöl við sérfræðingana og sýna brot frá því helsta sem gerðist.
**19.05** Lottó
**19.10** **Friends** Joey á erfitt með að horfast í augu við Rachel eftir játningarnar. Phoebe sem er farin að lesa í telauf spáir því að hún muni bráðlega hitta mann drauma sinna. Ross reynir að ná uppáhaldsskyrtunni sinni úr íbúð fyrrverandi kærustu sinnar, Monu.
**19.35** Spilakvöld
**20.30** Lost Christmas
**22.10** For Those in Peril
**23.45** Cold in July
**01.35** Concussion
**03.35** Pressure
**05.05** Louie

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Domino's deild karla
**08.45** Körfuboltakvöld
**10.30** La Liga Report
**11.00** PL Match
**11.30** Premier
**12.00** Premier
**14.30** Spænski boltinn
**17.20** Premier
**19.30** Premier
**21.10** UFC Now 2016
**22.00** NBA
**23.55** Spænski boltinn

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.30** NBA - Regular Season
**09.25** Domino's deild karla
**11.05** Þýski boltinn
**12.45** Enska 1. deildin
**14.25** Þýski boltinn
**16.45** NFL Gameday
**17.15** Premier League
**19.00** Premier League
**20.40** Domino's deild kvenna
**22.20** Premier League
**00.00** Premier League
**01.40** Premier League

## STÖÐ 3

**15.20** Vicious
**15.45** Who Do You Think You Are?
**16.45** Hell's Kitchen USA
**17.30** Mike & Molly
**17.50** The Big Bang Theory
**18.15** Baby Daddy
**18.40** New Girl
**19.05** Modern Family
**19.30** Fóstbræður
**20.00** The Great Christmas Light Fight
**20.45** Suburgatory (5.13)
**21.10** Fresh off the Boat
**21.35** Band of Brothers
**22.45** Homeland
**23.45** Bob's Burgers
**00.05** American Dad
**00.30** Fóstbræður
**00.55** The Great Christmas Light Fight
**01.40** Homeland

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Kalli á þakinu
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Stóri og Litli
**08.49** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.13** Kormákur
**09.25** Brunabílarnir
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Kalli á þakinu
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Stóri og Litli
**12.49** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.13** Kormákur Lengd.
**13.25** Brunabílarnir
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Kalli á þakinu
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Stóri og Litli
**16.49** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.13** Kormákur
**17.25** Brunabílarnir
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Dino Mom

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Hero World Challenge
**11.40** PGA Tour - Highlights
**12.35** Hero World Challenge
**16.05** PGA Special. Gary Player. Picture This
**17.00** Hero World Challenge
**22.00** US Open

## BÍÓSTÖÐIN

**07.50** How To Train Your Dragon Sequel
**09.35** Julie & Julia
**11.35** Phantom of the Opera
**13.55** Inside Llewyn Davis
**15.45** How To Train Your Dragon Sequel
**17.30** Julie & Julia
**19.35** **Phantom of the Opera** Rómantískur söngleikur með Gerard Butler og Emmy Rossum í aðalhlutverkum. Bitur maður sem hefur verið vanskapaður frá fæðingu og þekktur einungis sem the Phantom, eða Óperudraugurinn, býr í ræsinu undir óperuhúsinu í París í Frakklandi. Hann verður ástfanginn af sópransöngkonunni Christine, og kennir henni í einkatímum, á milli þess sem hann hrellir aðra starfsmenn óperuhússins.
**22.00** **The Perfect Guy** Spennumynd frá 2015. Við kynnumst hér almannatenglinum Leuh Vaughn sem eftir að hafa hætt með unnusta sínum vegna ágreinings um framtíð þeirra hellir sér út í nýtt samband við heillandi mann að nafni Carter.
**23.40** The Interview
**01.35** From Paris With Love
**03.05** The Perfect Guy

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.10** Bækur og staðir
**10.15** Vikan með Gísla Marteini
**11.00** Útsvar
**12.10** Edda – engum lík
**12.45** Atómstöðin
**14.25** Stundin okkar
**14.50** Krakkafréttir vikunnar
**15.05** Skömm
**15.45** KrakkaRÚV
**15.46** Jóladagatalið – Sáttmálinn
**16.10** Jóladagatalið – Leyndarmál Absalons
**16.40** Táknmálsfréttir
**16.50** Færeyjar – Ísland
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Edda – engum lík
**20.25** Mrs. Doubtfire
**22.30** Grace is Gone
**23.55** Fanboys
**01.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn og Spotify
**08.00** The McCarthys
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** Benched
**10.15** Trophy Wife
**10.35** Younger
**11.00** Dr. Phil
**11.40** Dr. Phil
**12.20** The Tonight Show
**13.00** The Tonight Show
**13.40** The Tonight Show
**14.20** The Voice Ísland
**15.50** Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking
**16.15** Emily Owens M.D
**17.00** Parks & Recreation
**17.25** Growing Up Fisher
**17.50** Difficult People
**18.15** Everybody Loves Raymond
**18.40** King of Queens
**19.05** How I Met Your Mother
**19.30** The Voice USA
**21.00** Mystery, Alaska
**23.00** We Are Your Friends
**00.40** Out Of Sight
**02.45** Inside Man
**04.55** The Late Late Show
**05.35** Síminn og Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LAGER SALA

Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

## Frábærar jólagjafir!

NÝTT Haust 2016



DÚNJAKKAR *DÖMU & HERRA*
15.000 KR *100% ANDARDÚNN*



PARKA ÚLPA *DÖMU & HERRA*
18.000 KR *EKTA SKINN Á HETTU*



KULDAÚLPUR 9.000 KR
BARNAÚLPUR 7.000 KR
*einnig til í rauðu*



KULDAÚLPUR Á BÖRN
10.000 KR



100% DÚNJAKKAR Á BÖRN
7.000 KR



GRI-SPORT LEÐURGÖNGUSKÓR
10.000 KR



HLÝJIR OG LIPRIR KULDAGALLAR
10.000 KR



POLLAGALLAR Á BÖRN
5.000 KR

OPNUNAR TÍMI

3. DES **LAUGARDAGUR** KL. 12-16
4. DES **SUNNUDAGUR** KL. 12-16

NORTH ROCK
- heldur á þér hita í vetur!

# DAGSKRÁ

## Sunnudagur

### STÖÐ 2

07.00 Jóladagatal Afa
07.05 Strumparnir
07.30 Waybuloo
07.50 Elías
08.00 Doddi litli og Eyrnastór
08.15 Doddi litli og Eyrnastór
08.25 Kormákur
08.40 Ævintýraferðin
08.55 Zigby
09.10 Heiða
09.35 Tommi og Jenni
10.00 Latibær
10.25 Óskastund með Skoppu og Skítlu
10.35 Teen Titans Go!
10.55 Ellen
11.35 Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga
12.00 Nágrannar
12.20 Nágrannar
12.40 Nágrannar
13.00 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 Logi
14.45 Ísskápastríð
15.20 Spilakvöld
16.15 Lóa Pind. Bara geðveik
16.50 Landnemarnir
17.30 Jóladagatal Afa
17.40 **60 Minutes** Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 The Simpsons
19.35 Kevin Can Wait
20.00 **Leitin að upprunanum** Vandaðir nýir þættir þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hjálpar þremur íslenskum stúlkum að leita að líffræðilegum foreldrum sínum víða um heim. Vísbendingarnar sem þær hafa til að leita eftir eru yfir þriggja áratuga gamlar, en leitin ber þær meðal annars í afskekkt fjallaþorp í Tyrklandi og fátækrahverfi í Sri Lanka.
20.30 Borgarstjórinn
21.00 Gåsmamman
21.50 The Young Pope
22.35 60 Minutes
23.20 **The Night Shift** Þriðja þáttaröð þessara spennandi læknaþátta sem gerist á bráðamóttökunni í San Antonio og fjallar um ástir og örlög læknanna.
00.05 Eyewitness
01.00 Westworld
02.30 Murder in the First
03.15 Homeland
04.05 Backstrom

### STÖÐ 2 SPORT

07.50 Spænski boltinn
09.30 Premier League
11.10 Premier League
12.50 Premier League World
13.20 Premier League
15.50 Premier League
18.00 Spænski boltinn
19.40 NBA
20.50 NFL Gameday
21.20 NFL

### STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Premier League
08.40 Premier League
10.20 Premier League
12.00 Premier League
13.40 Þýski boltinn
15.20 Domino's deild karla
17.00 Körfuboltakvöld
18.40 Premier League
20.20 Premier League
22.00 Domino's deild karla
23.40 Enska 1. deildin

### STÖÐ 3

15.30 Hátíðarstund með Rikku
16.00 Hollywood Hillbillies
16.25 Schitt's Creek
16.50 Comedians
17.15 League
17.40 Mike & Molly
18.00 The Big Bang Theory
18.25 New Girl
18.50 Modern Family
19.15 Fóstbræður
19.45 Cougar Town
20.10 Bob's Burgers
20.35 American Dad
21.00 South Park
21.25 Cold Case
22.10 The Sopranos
23.10 Grimm
23.55 Cold Case
00.40 Cougar Town
01.00 Bob's Burgers
01.25 American Dad
01.45 South Park
02.10 Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

07.00 Víkingurinn Viggó
07.13 Kormákur
07.25 Brunabílarnir
07.47 Mæja býfluga
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Kalli á þakinu
10.25 Hvellur keppnisbíll
10.37 Stóri og Litli
10.49 Óskastund með Skoppu og Skítlu
11.00 Víkingurinn Viggó
11.13 Kormákur
11.25 Brunabílarnir
11.47 Mæja býfluga
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Kalli á þakinu
14.25 Hvellur keppnisbíll
14.37 Stóri og Litli
14.49 Óskastund með Skoppu og Skítlu
15.00 Víkingurinn Viggó
15.13 Kormákur
15.25 Brunabílarnir
15.47 Mæja býfluga
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Kalli á þakinu
18.25 Hvellur keppnisbíll
18.37 Stóri og Litli
18.49 Óskastund með Skoppu og Skítlu
19.00 Vaski grísinn Baddi

### GOLFSTÖÐIN

08.30 Golfing World
09.20 Hero World Challenge
14.20 Golfing World
15.10 PGA TOUR Year in Review
16.00 Hero World Challenge
21.00 Nedbank Golf Challenge

### BÍÓSTÖÐIN

08.35 The Truth About Cats and Dogs
10.15 She's Funny That Way
11.50 Waitress
13.35 Journey to the Center of the Earth
15.10 The Truth About Cats and Dogs
16.50 She's Funny That Way
18.35 Waitress
20.25 **Journey to the Center of the Earth** Íslenska Hollywood-stjarnan Anita Briem leikur aðalhlutverkið í þessari bandarísku ævintýramynd.
22.00 **Changeling** Dramatísk og spennandi mynd með Angelinu Jolie í aðalhlutverki. Myndin gerist á þriðja áratug síðustu aldar og segir frá einstæðri móður sem verður fyrir því að syni hennar er rænt. Eftir mikla leit segjast yfirvöld hafa fundið strákinn og láta hann í hendur móðurinnar en hún sér strax að þetta er ekki sonur hennar.
00.25 Closer
02.10 Riddick
04.10 Changeling

### RÚV

07.00 KrakkaRÚV
10.15 Krakkafréttir vikunnar
10.30 Draumurinn um veginn
12.05 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
12.20 Á sama báti
13.15 Bandaríki Trumps
13.45 Bækur og staðir
13.55 Reimleikar
14.25 Menningin
14.50 Keflavík - Þór Þorlákshöfn
16.45 Á sömu torfu
16.55 Táknmálsfréttir
17.05 KrakkaRÚV
17.06 Jóladagatalið - Sáttmálinn
17.30 Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons
18.00 Stundin okkar
18.25 Innlit til arkitekta
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.20 Ferðastiklur
21.10 Svikamylla
22.15 Ástfangnir farþegar
23.45 Þýskaland '83
00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn og Spotify
08.00 The McCarthys
08.25 King of Queens
08.50 King of Queens
09.15 How I Met Your Mother
09.40 How I Met Your Mother
10.05 American Housewife
10.30 Speechless
10.55 Younger
11.20 Dr. Phil
12.50 The Tonight Show
13.35 The Tonight Show
14.20 The Voice USA
15.50 Superstore
16.10 No Tomorrow
16.55 Royal Pains
17.40 Psych
18.20 Everybody Loves Raymond
18.40 King of Queens
19.05 How I Met Your Mother
19.30 The Voice USA
20.15 Chasing Life
21.00 Law & Order. Special Victims Unit
21.45 Secrets and Lies
22.30 The Affair
23.15 Fargo
00.00 Hawaii Five-0
00.45 Shades of Blue
01.30 Law & Order. Special Victims Unit
02.15 Secrets and Lies
03.00 The Affair
03.45 The Walking Dead
05.15 The Walking Dead

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |




2

LEITIN AÐ UPPRUNANUM

Rósíka Gestsdóttir heldur áfram leitinni að móður sinni og eldri systur í Srí Lanka með aðstoð Sigrúnar Óskar en það reynist allt annað en einfalt og ýmis ljón eru í veginum.

SÚPER
SUNNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365




GAMANÞÁTTUR

2

BORGARSTJÓRINN

Stórskemmtileg gamanþáttasería um daglegt líf borgarstjórans í Reykjavík og starfsfólksins í ráðhúsinu sem er ekki alltaf sátt við störf borgarstjórans. Grátbroslegir og allt öðruvísi gamanþættir með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni í aðalhlutverkum.

2

GÅSMAMMAN

Hörkuspennandi lokaþáttur þar sem kemur í ljós hver var forsprakki allra þeirra hörmunga sem Sonja og fjölskylda hennar hafa gengið í gegnum.



LOKAÞÁTTUR

2

THE YOUNG POPE

Hörkugóðir þættir sem segja frá upphafi embættistíðar hins mótsagnakennda og umdeilda Lenny Belardo eða Píusar páfa 13. sem er jafnframt fyrsti ameríski páfinn.



3

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

AMERICAN DAD

Skemmtileg teiknimyndasería um Stan og fjölskyldu hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

NAUTALUNDIR OG HRYGGUR Á

# DÚNDURVERÐI

OG JÓLAVÖRUR Í ÚRVALI



NAUTALUNDIR ERLENDAR
Verð aðeins
3.499
Kr. kg.



GOÐA HRYGGUR FROSINN
Verð aðeins
1.499
Kr. kg.
Verð áður 1.999 kr. kg



Jólagottið er í Iceland

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Jólareikningur Netgíró

**Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017**

Netgíró
Kynntu þér jólareikning
Netgíró á www.netgiro.is

Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.

# Afsökun til að hanga meira saman

Vinirnir **Jón Páll Halldórsson** og **Þórhallur Arnórsson** ásamt Andra Sveinssyni gáfu nú á dögunum út myndasögubókina Vargöld sem er byggð á norrænni goðafræði. Markmið þeirra er að miðla þessum hluta sagnaarfsins til fólks á aðgengilegan hátt.

Fyrsta bókin í Vargaldarseríunni kom út nú á dögunum og inniheldur fyrstu tvo kaflana. Sagan fjallar um Vikar sem á myrka fortíð en verður ástfanginn, á von á barni áður en goðin ákveða að skerast í leikinn og Vikar leiðist aftur út á braut átaka og ofbeldis. Þeir eru nú í óðaönn að vinna að framhaldinu og stefna á að serían verði einar fimm eða sex bækur.

„Hugmyndin að þessu verkefni varð til fyrir einhverjum tíu árum, þá vorum við aðallega að velta þessu fyrir okkur en síðan koma börn og menn flytja til útlanda og hingað og þangað – þannig að það eru svona fjögur ár síðan við byrjuðum að tala saman fyrir alvöru og svona tvö ár síðan við fórum að vinna bókina á fullu,“ segir Þórhallur.

„Það er búinn að fara alveg rosalegur tími í þetta verkefni. Í næstum tvö ár erum við búnir að liggja þétt í þessu. Af því að þetta er fyrsta bók erum við búnir að rekast á ýmislegt og þurfa að fara til baka og breyta og annað,“ bætir Jón Páll við.

*Hvernig fer vinnan fram hjá ykkur?*

„Ég skrifaði þetta og ég letraði og Jón er teiknarinn, en við vinnum þetta í mikilli sameiningu. Ég skrifa söguna eða grindina og svo rýnir Jón hana til gagns – út úr því þéttist allt og verður að lokaniðurstöðunni. Ég kem með tillögur að uppbyggingu í römmum og hann vinnur út frá því og kemur með sína pælingu. Við vinnum mjög vel saman enda höfum við verið mjög góðir vinir í mörg ár og það er mjög eðlilegt fyrir okkur að vera í miklu sambandi. Ég get ekki teiknað til að bjarga lífi mínu en ég get gagnrýnt og komið þessu áfram þannig,“ svarar Þórhallur.

„Við höfum legið yfir minnstu smáatriðum. Við höfum stúderað byggingar, klæðnað, vopn og umhverfi – þetta er allt byggt á heimildum, við erum ekki að skálda mikið. Við viljum hafa þetta sögulega rétt miðað við tímabilið, það skiptir máli. Við höfum líka verið að spá mikið í til dæmis lýsinguna í bókinni – ef þú spáir í tímann sem er að líða þá þarf það allt að ganga upp. Það er kannski fimm tíma dagur og þá er húm um miðjan dag, síðan dimmir og svo er komin nótt.

Ég er einn dag að gera blýant – það er fyrsta teikningin. Ég er annan dag að mála blekið, það geri ég með penslum og fjaðurpenna. Síðan tekur liturinn alveg dag. Þannig að þetta eru minnst þrír dagar sem fara í eina síðu. Þetta er mikil þolinmæðisvinna.

Svo er það hann Andri sem er ástæðan fyrir því að þetta verkefni varð að því sem það er í dag. Fyrir þremur árum vorum við að vinna að kynningu á verkefninu sem hann sér í gegnum þriðja aðila og kemur sér í samband við okkur. Hann hafði mikinn áhuga á verkefninu og gerði okkur kleift að vinna að því af fullum krafti. Hann hjálpaði okkur við alls konar hluti í pródúksjóninni og hélt utan um vinnsluna – hann er pískurinn á bak við tjöldin,“ segir Jón Páll.

*Hvaðan kemur sagan?*

„Sagan sprettur raunverulega upp úr því að okkur langar mjög mikið til að gera þessum hluta sagnaarfsins góð skil. Okkur hefur fundist vanta bók þar sem reynt er að vinna eftir frumheimildum og reynt að gera þessu skil með fullorðinslegum hætti – ekki barnalegt grín, heldur erum við að reyna að gera þetta alvörugefið.

Við erum að reyna að segja í einu heildstæðu aðgengilegu riti eins mikið af goðafræðinni og hægt er – bókin byrjar á sköpun heimsins og endar á ragnarökum. Goðafræðin er margar sögur, dæmisögur og annað, sem er ekki endilega heildstæð mynd. Mikið af efninu kemur héðan og þaðan. Þessi bók er í raun og veru byggð á Sörlaþætti eða Héðins sögu og Högna – sú saga er raunverulega inntakið í Vargöld.“

Þeir nýta sér einnig fleira úr goðafræðinni við að koma sögunni á framfæri, til dæmis forna bragarhætti.

„Við erum að leitast við að nýta okkur þessa hluti til að segja söguna. Til dæmis er í bókinni völva sem segir frá sköpun heimsins, hún dettur í trans og talar í bundnu máli – þetta er svona „light“ útgáfa af fornyrðislagi og ljóðahætti, gert að aðgengilegu lesefni. Þannig að hugmyndin er í fyrsta lagi að gera efni goðafræðinnar aðgengilegt og í öðru lagi að koma með spennandi heilsteypta sögu sem keyrir í gegnum goðafræðina og dregur hana saman – náttúrulega með okkar túlkun á atburðum en maður reynir að halda trúnaði við upphaflegu textana. Og svo er þetta bara afsökun fyrir okkur Jón Pál að hanga smá saman – þegar maður verður eldri þá verður svolítið erfiðara að eiga tíma fyrir vinina og þá er fínt gera eitthvert svona föndur saman.“ **stefan@frettabladid.is**
















**SVO ER ÞETTA BARA AFSÖKUN FYRIR OKKUR JÓN PÁL AÐ HANGA SMÁ SAMAN – ÞEGAR MAÐUR VERÐUR ELDRI ÞÁ VERÐUR SVOLÍTIÐ ERFIÐARA AÐ EIGA TÍMA FYRIR VININA OG ÞÁ ER FÍNT GERA EITTHVERT SVONA FÖNDUR SAMAN.**


SPORTS DIRECT
NÝ SENDING Í HVERRI VIKU
EVERLAST HERRA ÚLPA
TIL Í FLEIRI TÝPUM
MEGA VALUE
6.790 KR.
FIRETRAP HERRA PEYSA
TIL Í FLEIRI TÝPUM
MEGA VALUE
5.990 KR.
ADIDAS ACE BARNA FÓTBOLTASKÓR
MEGA VALUE
9.590 KR.
SOULCAL DÖMU ÚLPA
TIL Í FLEIRI TÝPUM
MEGA VALUE
7.190 KR.
SIDEWALK BARNASKÓR MEÐ HJÓLUM
TIL Í FLEIRI LITUM
MEGA VALUE
9.190 KR.
EVERLAST ÞYKK BARNAPEYSA
FÆST EINNIG Í FULLORÐINSSTÆRÐUM
MEGA VALUE
4.790 KR.
DUNLOP HERRA VINNUPEYSA
MEGA VALUE
5.990 KR.
NO FEAR BARNAÚLPA
TIL Í FLEIRI TÝPUM
MEGA VALUE
5.990 KR.
LA GEAR DÖMU ÚLPA
TIL Í FLEIRI TÝPUM
MEGA VALUE
7.590 KR.
GIORGIO HERRA SPARISKÓR
MEGA VALUE
4.790 KR.
NIKE BARNA HETTUPEYSA
FÆST EINNIG Í FULLORÐINSSTÆRÐUM
MEGA VALUE
5.990 KR.
NIKE MERCURIAL VORTEX FÓTBOLTASKÓR
FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 40 - 47,5
MEGA VALUE
9.590 KR.
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.
SPORTS DIRECT
Skógarlind 2
Opnunartími
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18
SPORT DIRECT
2.000KR Í FORMI
TILBOÐ ER Í GANGI DAGANA 2.DES-5.DES
GJAFABRÉFIN GILDA FRAM TIL DES 2018
GJAFABRÉFS FYRIR HVERJAR 9.900 KR VERSLAÐAR
AUKA 2.000 KR Í FORMI GJAFABRÉFS
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM. GILDIR EKKI MEÐ KAUPUM Á GJAFAKORTUM, EÐA ÞEGAR GREITT ER MEÐ GJAFAKORTI EÐA INNEIGNARNÓTU.

Þorgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is






Jerry Buting og Dean Strang voru lögfræðingar Stevens Avery. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrrverandi lögfræðingar Stevens Avery munu spjalla við Íslendinga í mars. Í viðtali við Fréttablaðið segjast þeir hlakka mikið til komunnar. Ef réttarhöldin færu fram í dag myndu þeir breyta hundrað ákvörðunum. Frægðin hafi breytt lífi þeirra og starfi.

# Myndu breyta hundrað atriðum

Dean Strang og Jerry Buting voru lögfræðingar Bandaríkjamannsins Stevens Avery árið 2007 þegar hann var ákærður, og loks sakfelldur, fyrir morðið á Teresu Halbach.

Feikivinsæl heimildarþáttaröð, Making a Murderer, var gefin út á Netflix fyrr á árinu og velta því margir fyrir sér eftir áhorfið hvort Avery og frændi hans, Brendan Dassey sem einnig var sakfelldur, hafi í raun verið sekir. Í viðtali við Fréttablaðið segjast Strang og Buting vera á því að kerfið hafi brugðist Avery þar sem ekki hafi verið hægt að sanna sekt hans.

**Þættirnir voru sanngjarnir**

Saksóknarinn í málinu, Ken Kratz, hefur haldið því fram að þættirnir hafi verið ósanngjarnir og sýnt hlið Averys í mun jákvæðara ljósi. *Fannst ykkur þættirnir setja málið fram á nákvæman og sanngjarnan hátt?*

„Á sanngjarnan hátt, já, og að vissu leyti á nákvæman hátt. Þeir sýndu þó ekki hvert einasta smáatriði. Heimildarmyndargerðarmennirnir sýndu öll þau sönnunargögn og allar þær rökfærslur sem báðar hliðar héldu fram að væru mikilvægustu þættir málsins á meðan meðferð þess fór fram. Afraksturinn var rúmlega þrír klukkutímar af myndefni frá réttarhöldunum sjálfum. Auðvitað sýndu þeir ekki öll réttarhöldin en mér fannst afraksturinn vera sanngjörn og nákvæm samantekt,“ segir Strang.

Þeir segja einnig að þættirnir og vinsældir þeirra hafi haft umtalsverð áhrif á starf þeirra.

„Fjöldi staða sem við höfum ferðast til og talað á hefur auðvitað bitnað á tímanum sem við höfum á skrifstofunni. Ég myndi segja að ég sé bara að sinna helmingi skrifstofustarfanna sem ég gerði fyrir tíu mánuðum. En við erum ekki að ferðast allan tímann svo við getum enn mætt á skrifstofuna og í dómssal og gert það sem við þurfum að gera,“ segir Buting.

Hann segir almenning núna vera að sýna málum sem hann hafi einbeitt sér að allan sinn feril athygli. Þeir félagar hafi nýtt athyglina til að tala við almenning um það sem mætti betur fara í bandarísku réttarkerfi.

**Réttarhöldin merki um vankanta kerfisins**

„Mjög fáir eru á því að kerfið sé í lagi eftir að hafa horft á þættina. Burtséð frá því hvað þeim finnst um sekt eða sakleysi Stevens Avery,“ segir Buting og bætir við: „Ég held að stærsta lexían sem megi læra af þáttunum sé sú að maður þurfi að fylgjast með dómstólum til að tryggja að ferlið sé réttlátt. Þrátt fyrir að lögin eigi að tryggja réttlæti dugar það ekki alltaf til.“

Málflutningur ykkar gekk út á að lögregla hefði vísvitandi reynt að koma sök á Avery og Dassey með því að koma fyrir sönnunargögnum. *Var það rétt ákvörðun?*

„Sönnunargögnin leiddu okkur að þeirri taktík en auðvitað var megininntak málflutnings okkar það að talsverður vafi lék á um sekt Averys. Vafinn var meðal annars vegna vafasamrar rannsóknar og aðstæðna þar sem lykilsönnunargögn í málinu fundust. Lögreglan í Manitowoc-sýslu átti ekki að vera viðriðin rannsóknina vegna hagsmunaágreinings sem myndaðist vegna lögsóknar Averys gegn henni,“ segir Buting. Sú lögsókn var vegna þess að Avery hafði áður verið ranglega sakfelldur fyrir nauðgun og sat inni fyrir hana í átján ár.

*En mynduð þið breyta einhverju ef þið gætuð flutt málið aftur?*

„Örugglega hundrað hlutum. Við erum níu árum eldri og reyndari. Stærsta spurningin snýst um að á þeim tíma tókum við mjög mikilvægar ákvarðanir. Í fyrsta lagi hvort við hefðum átt að fara fram á að réttarhöldin yrðu haldin í annarri sýslu með kviðdómi þaðan. Í öðru lagi hvort við hefðum átt að fara fram á ógildingu réttarhaldanna eftir að einn kviðdómenda þurfti að víkja frá eftir fyrsta daginn. Þar með hefðu réttarhöldin byrjað upp á nýtt. Þetta voru tvær mikilvægustu og umdeildustu ákvarðanirnar sem við þurftum að taka. Fyrir mitt leyti myndi ég taka sömu ákvarðanir eftir níu ára umhugsunarfrest,“ segir Strang.

> MJÖG FÁIR ERU Á ÞVÍ AÐ KERFIÐ SÉ Í LAGI EFTIR AÐ HAFA HORFT Á ÞÆTTINA. BURTSÉÐ FRÁ ÞVÍ HVAÐ ÞEIM FINNST UM SEKT EÐA SAKLEYSI STEVENS AVERY.
>
> Jerry Buting, fyrrvernadi lögfræðingur Stevens Averys

Þeir segja einnig að grafískar lýsingar saksóknarans Kratz af meintu athæfi Averys og Dasseys, sem þeir byggðu á játningu þess síðarnefnda, hafi fest í hugum kviðdómenda.

„Ég held að okkur finnist það báðum hafa verið stærsta hindrun okkar. Fólk grípur oft fyrstu frásögn sem það heyrir og trúir henni. Sérstaklega þegar hún kemur úr munni lögreglu og saksóknara. Í þessu tilfelli var blaðamannafundurinn óvenjulegur, fæstir saksóknarar halda slíkan blaðamannafund og hvað þá með málflutningi sem hægt var að sýna fram á að væri ósannur,“ segir Buting.



Ken Kratz, saksóknari. MYND/SKJÁSKOT

**Fylgjast enn með**

Þrátt fyrir að vera ekki lengur viðriðnir mál Averys og Dasseys fylgjast þeir vel með fréttum. Nýlega hafa fréttir birst af því að mögulega standi til að sleppa Dassey.

Buting segir að alríkisdómari hafi úrskurðað játningu Dasseys þvingaða og fyrirskipað í kjölfarið að honum yrði sleppt eftir að lögfræðingar Dasseys fóru fram á slíkt. „Þá áfrýjaði ríkissaksóknari þeim úrskurði og fór fram á að Dassey yrði ekki sleppt fyrr en dómari hefði heyrt áfrýjunina. Við því var orðið.“

Einnig stendur til að gera nýjar prufur á DNA-sönnunargögnum í máli Averys. Þær prufur gætu skorið úr um aldur blóðs Averys sem fannst á vettvangi. Strang segir að annaðhvort séu sýnin frá árinu 2005 og sýni þar með að Avery hafi líklega verið í bíl Halbach kvöldið sem hún var myrt, eða frá 1996 og því augljóst að lögregla hafi komið blóðinu fyrir á vettvangi.

*En eruð þið enn í sambandi við Avery?*

„Ekki beint. Hann er með annan lögfræðing sem kemur í veg fyrir að við höfum beint samband við hann. Við erum hins vegar í sambandi við fjölskylduna og lögfræðing hans. Fjölskyldan heldur enn í vonina,“ segir Strang.

**Hlakka til komunnar**

Strang og Buting munu spjalla um Making a Murderer, mál Averys og réttarkerfið, við Íslendinga í Hörpu þann 26. mars næstkomandi. *Hvernig kom það til?*

„Við fengum boð frá Íslandi í gegnum umboðsmann okkar í Minnesota. Okkur þótti það mjög heillandi,“ segir Strang. Þeir hafi viljað ræða réttarkerfið við Bandaríkjamenn sem og íbúa annarra landa. Þetta hafi verið frábært tækifæri til þess.

„Sérstaklega þar sem tugir Íslendinga sendu okkur tölvupósta með ábendingum og spurningum eftir að hafa horft á Making a Murderer. Ísland er eitt þeirra landa sem sýndu einna sterkust viðbrögð við þáttunum. Þess vegna, og vegna þess hversu yndisleg borg Reykjavík er og hversu frábært land Ísland er, var rökrétt að þiggja boðið,“ segir Strang.

## Málið í hnotskurn

**Steven Avery**, sem rak bílakirkjugarð með fjölskyldu sinni í Manitowoc-sýslu í Wisconsin, var sakfelldur árið 1985 fyrir nauðgun. Avery hlaut 32 ára fangelsisdóm. Eftir að hafa setið inni í átján ár komu fram ný DNA-sönnunargögn sem sýndu fram á sakleysi hans og var honum sleppt árið 2003.



Avery kærði sýsluna vegna rangra sakargifta en áður en málið var tekið fyrir hvarf ljósmyndarinn Teresa Halbach. Það var árið 2005. Stuttu seinna fannst bíll hennar, brenndar líkamsleifar og önnur sönnunargögn á lóð Averys og var hann ákærður fyrir morð.

Við yfirheyrslu játaði fimmtán ára þroskaskertur frændi Averys, **Brendan Dassey**, að hann hefði staðið að morðinu á Halbach sem og nauðgun og afskræmingu líkamsleifa með Avery. Dassey var einnig ákærður.



Meðferð mála frændanna hefur verið umdeild og sérstaklega eftir sýningu heimildarþáttaraðarinnar Making a Murderer sem fjallar um þá frændur. Eru þar færð rök fyrir því að játning Dasseys hafi verið þvinguð og að sönnunargögnum í málinu hafi verið komið fyrir af lögreglu til þess að koma Avery aftur á bak við lás og slá og fá með því uppreist æru fyrir að hafa staðið að fyrri sakfellingu hans.

Nú hefur játning Dasseys verið dæmt ómerk og til stendur að rannsaka á ný hvort lögregla hafi komið téðum sönnunargögnum fyrir.


NIKK
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

# ERTU AÐ SKRIFA?

Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir börn og unglinga, að lágmarki 50 ritvinnslusíður að lengd, til að keppa um **Íslensku barnabókaverðlaunin 2017.** Skilafrestur er til 8. febrúar nk. Verðlaunin nema 500.000 krónum auk höfundarlauna.

Handritum skal skila í fjórum eintökum í umslagi merkt:

**Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka**
**Forlagið**
**Bræðraborgarstíg 7**
**101 Reykjavík**

Handrit á að merkja með dulnefni en rétt nafn höfundar skal fylgja í lokuðu umslagi. Nánari upplýsingar á www.forlagid.is/utgafa

FORLAGIÐ
www.forlagid.is







Þessar vinkonur kynntu sér nýjungar í NORR11.

# Húllumhæ á Hverfisgötu

Það var mikið húllumhæ í verslun NORR11 á Hverfisgötu á fimmtudaginn er Svartaskógi, samstarfsverkefni NORR11 og Postulínu, var fagnað. Þá voru yfirhafnir fatahönnuðarins Guðrúnar Helgu einnig kynntar en þær verða til sölu í versluninni fyrir jólin.


Magnús Berg Magnússon, annar eigandi NORR11, tók vel á móti fólki.


Guðrún Helga Kristjánsdóttir fatahönnuður og Alexander Kirchner.


Olga, Margrét Jústa og Sigmar Sigfússon.


Vinkonur í jólagleði NORR11.


Það var fjölmennt í NORR11 á fimmtudaginn.


Júlíana Sól og Þorvaldur Davíð.


Halla Elísabet Viktorsdóttir og Steinunn Vala Pálsdóttir.

JÓN & ÓSKAR

SÍMI 552 4910
LAUGAVEGI 61
KRINGLAN, SMÁRALIND
JONOGOSKAR.IS




*#GiveBrilliant*

WITH THE HOLIDAY COLLECTION
DISCOVER MORE AT SWAROVSKI.COM

*Frá kr. 8.900*

## Lífið í vikunni

27.11.16
03.12.16



### TENGJA TÓNLISTINA VIÐ NÁTTÚRUNA

Tónlistarmaðurinn Stefán Jakobsson, hefur tekið að sér umsjón með Sumartónleikum við Mývatn ásamt Soffíu Kristínu Jónsdóttur og Steinunni Camillu Stones. Þau ætla að færa íslenska tónlist til ferðamanna og tengja Mývatn við fagra tóna.

### VÍSINDABÓK VILLA Í VÍKING



Fyrsta vísindabók Villa Naglbíts verður gefin út í Bandaríkjunum í janúar. Fjórða bókin í vísindaseríu hans er kominn út hér á landi. Jólin verða löng þetta árið því hann er einnig að setja á svið vísindaleikrit í febrúar.

### FYRSTA TÍSKULÍNA EDDU Í VERSLANIR



Edda Gunnlaugsdóttir textílhönnuður hannar nýjustu fatalínu Moss Reykjavík og Gallerís sautján. Línan kemur í verslanir í dag og samanstendur af fjórtán hlutum.



### SNÝR AFTUR Í TAPPA TÍKARRASS

Í kvöld fara fram fullveldispönktónleikar á Hard Rock. Þar stígur á svið Tappi tíkarrass sem spilaði síðast í Safarí árið 1985. Eyþór Arnalds, upprunalegur söngvari hljómsveitarinnar, mun þenja raddböndin.

NÝJUNG Í BETRA BAKI

SLÖKUN OG VELLÍÐAN
FYRIR ALLAN LÍKAMANN



BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR
UNDRI HEILSUINNISKÓR

Með fimmsvæða nuddinnleggi UNDRA heilsuinniskónna nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri eða ljósri Merino-ull.
Komdu og prófaðu!

5 reflex zones

7.900 KR.

BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG



ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDS-INNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:




FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

# Snoðar sig ef næst að safna tveimur milljónum

**Erna Kristín** stefnir á að safna tveimur milljónum króna í samvinnu við Unicef til styrktar börnum í Nígeríu sem eru í bráðri lífshættu. Ef markmið hennar næst ætlar hún að raka af sér allt hárið en þá verður það í annað sinn sem hún snoðar sig til styrktar góðu málefni.



Áhugasamir geta fylgst með Ernu á ernuland á Snapshat. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fyrir fjórum árum ákvað Erna Kristín að raka af sér allt hárið til styrktar bágstöddum börnum í Kenía. Verkefnið gekk vel og hún náði að safna rúmum 600.000 krónum. Erna er komin með síða hárið sitt aftur en það fær líka að fjúka á næstunni, núna til styrktar börnum í Nígeríu.

„Ég náði þessum rúmu 600.000 krónum sem einhver lilla á Selfossi, þannig að ég fór að hugsa um upphæðina sem ég gæti þá náð núna, þegar tengslanetið er orðið mun stærra,“ útskýrir Erna sem hefur vakið töluverða athygli fyrir hönnun sína, pistla og á Snapchat.

Erna hafði hugsað sér að gera eitthvað annað en að raka af sér hárið í þetta sinn. „Ég leitaði að nýjum hugmyndum en þegar upp er staðið þá veit ég bara hversu mikla athygli þetta vekur. Og ég held að þetta verði meira áberandi núna, þar sem ég er að gera þetta í annað sinn,“ segir Erna sem stefnir á að ná tveimur milljónum innan ákveðins tímaramma. „Við erum ekki komin með neitt ákveðið „deadline“ en ef takmarkið næst þá fer hárið af og allir geta fengið að fylgjast með, hvort sem það verður í gegnum Snapchat eða eitthvað annað. Ég er vongóð um að markmiðið náist.“

Eins og áður sagði mun upphæðin renna til barna í Nígeríu. „Það deyja um 200 ungbörn á dag vegna næringarskorts. Og þessi upphæð sem við erum að stefna á getur bjargað rúmlega 200 börnum, svo þau geti lifað áfram. Þetta er mjög öfgakennt ástand. Mér finnst ég bera ábyrgð, ég veit ég get gert eitthvað og þá finnst mér fáránlegt að gera það ekki.“

> MIÐAÐ VIÐ HVAÐ AÐRIR SEGJA ÞÁ PÚLLAÐI ÉG ÞETTA BARA ÁGÆTLEGA.



Erna hefur mikla ástríðu fyrir góðgerðarmálum og finnst mikilvægt að leggja sitt af mörkum. Hún segir hafa verið erfitt að velja málefni til að styrkja. „Já, rosalega erfitt. En við völdum þetta í sameiningu, við Unicef. Þau verða mínar klappstýrur á hliðarlínunni.

Miðað við hvað aðrir segja þá púllaði ég þetta bara ágætlega,“ segir Erna og hlær aðspurð hvernig henni hafi fundist að vera snoðuð á sínum tíma. „Þetta var þægilegt en ég man að ég fór á svona tímabil þar sem mér fannst ég ekki vera ég sjálf. Þetta er alveg erfitt og ég finn alveg fyrir smá stressi núna. En þetta var gaman líka. Það besta var þó að gefa þessa gjöf, því fylgdi einhver ný tilfinning sem ég hafði aldrei fundið fyrir áður. Þetta var alveg magnað,“ segir Erna.

**gudnyhronn@365.is**

### SVONA GETUR ÞÚ HJÁLPAÐ TIL

**Þeir sem vilja leggja söfnuninni lið geta sent SMS-ið BARN í númerið nítjá núll núll (1900) og gefið þannig 1.000 krónur í söfnunina. Þá er einnig hægt að styrkja með því að leggja inn á reikninginn 701-26-102050 (kt. 481203-2950).**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*





RHOMB • kr. 52.900



DEK LJÓS • kr.48.700



MINIMAL • kr. 9.500



PULLA • kr. 23.700

# HÚSGÖGN OG FYLGIHLUTIR FYRIR HEIMILIÐ



OMG • kr. 34.650



DOT SKÁPUR • kr. 94.600



BESS BORÐ • kr. 148.800



VOLUSPA • kr. 5.990



CUPID • kr. 32.900



GÓLFLAMPI • kr. 44.600



TURTLE • kr. 239.000



MOTTA • kr. 69.800





KERTASTJAKI • kr. 4.900



PÚÐAR • kr. 7.900



SKENKUR • kr. 142.600

LÍNAN

BÆJARLIND 16 | KÓPAVOGI | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARD. 11 - 16

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# Stóladagar 25% afsláttur af öllum DORMA stólum



25% AFSLÁTTUR

## WESTFIELD
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll.
með skemli. Ljósgrátt
slitsterkt áklæði.

**Fullt verð: 69.900 kr.**

Aðeins **52.425 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## COMFY
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll.
Svart, dökkbrúnt, og
koníaksbrúnt PVC leður.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **89.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## POLO
hægindastóll

Svart eða brúnt PU-leður
Stærð: 80x90 H: 105 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **29.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## CLASSIC
hægindastóll

Hægindastóll.
Slitsterkt áklæði,
margir litir.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## TUCSON
hægindastóll

Stillanlegur
hægindastóll.
Svart, brúnt
og grátt leður
á slitflötum.
Stærð: 85x90 H: 104 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## BUFFALO
rafmagns-
lyftistóll

Þessi hallar til baka,
skemill fram og lyftir
þér á fætur.

Stillanlegur hægindastóll.
Svart, brúnt og beigelitað
leður á slitflötum.
85x90 H:106 cm.

**Fullt verð: 179.900 kr.**

Aðeins **134.925 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# Komdu og veldu þitt draumasæti
## - aldrei meira úrval





25% AFSLÁTTUR

**KOLDING**
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Rautt, ljós- og dökkgrátt áklæði.

**Fullt verð: 109.900 kr.**

Aðeins **84.425 kr.**

**KOLDING**
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, grátt og rautt leður.

**Fullt verð: 139.900 kr.**



25% AFSLÁTTUR

Aðeins **104.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

**SILKEBORG**
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**Fullt verð: 69.900 kr.**

Aðeins **52.425 kr.**

**SILKEBORG**
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart og dökkbrúnt leður.

**Fullt verð: 99.900 kr.**



25% AFSLÁTTUR

Aðeins **74.925 kr.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja








Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Óttars Guðmundssonar




## Um barnauppeldi

Í Egilssögu er sagt frá því þegar Egill, barnungur, drap vin sinn Grím Heggsson. Þegar þeim félögum varð sundurorða, náði Egill í litla exi og keyrði í höfuð drengsins. Skallagrímur faðir hans reiddist þessu uppátæki en móðir hans, Bera, fagnaði Agli og sagði hann mikið víkingsefni. Ekki er að efa að þessi ummæli höfðu slæm áhrif á drenginn. Hann fékk umbun frá móður sinni fyrir neikvæða hegðun.

Þetta einkennir samskipti foreldra og barna í nútímasamfélagi. Foreldrar eru dauðhræddir við að draga einhver mörk af ótta við viðbrögð barnsins. Er kannski sektarkennd og samviskubiti um að kenna? Foreldrar gera aldrei nóg fyrir börn sín. Í mörgum fjölskyldum hafa litlir einvaldar algjörlega tekið völdin. Mamma og pabbi láta allt eftir barninu svo að það fái ekki frekjukast. Vilji barnið borða kókópöffs í kvöldmat, láta foreldrar undan. Vilji barnið leika sér í tölvuleik fram eftir kvöldi er erfitt að segja nei. Barnið stjórnar máltíðum fjölskyldunnar með matvendni og óraunhæfum kröfum. Neikvæð hegðun er verðlaunuð með sætindum og eftirréttum. Börnin læra smám saman að þau hafa öll tögl og hagldir á heimilinu. Þau stjórna líka í svefnherberginu og sofa í rúmi foreldranna með snjallsímann sinn undir koddanum. Mamma og pabbi þora ekki að njóta þess að vera saman, barnið gæti vaknað og þá er illt í efni!

Stundum er betra að setja börnum mörk. Kannski hefði mátt koma í veg fyrir að Egill yrði siðblindur ofbeldismaður ef foreldarnir hefðu sameinast um að ala drenginn upp en ekki að ýta stöðugt undir neikvæða hegðun.








